

Starfsskýrsla

2011



I. MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðsla	8
II. STJÓRNSÝSLA OG LÖGFRÆÐI	10
1. Löggjöf	10
2. Evrópumál	10
3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 93/1993	11
III. ÁHÆTTUMAT OG GÆDASTJÓRNUN	14
1. Um áhættumat og gæðastjórnun	14
2. Gæðamál	14
3. Áhættumat	15
4. Innri úttektir á opinberu eftirliti	15
5. Samstarf innan og utan stofnunar	15
IV. MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	16
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	16
2. Áburður	17
4. Fóður	25
5. Fiskur og fiskafurðir	27
6. Grænmeti og ávextir	31
7. Kjöt og kjötafurðir	32
8. Mjólk og mjólkurafurðir	34
9. Skelfiskur	35
10. Vatn	37
11. Markaðseftirlit	38
V. HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	42
1. Um heilbrigði og velferð dýra	42
2. Umdæmi	43
4. Alifuglar	53
5. Fiskar	56
6. Hross	59
7. Loödyr	63
8. Nautgripir	65
10. Svin	67
11. Nefndarstörf	68
VI. INN- OG ÚTFLUTNINGUR	70
1. Um inn- og útflutning	70
2. Innflutningur áburðar, plantna og fóðurs	70
3. Innflutningur matvæla	71
4. Innflutningur dýra	75
5. Útflutningur matvæla	76
6. Útflutningur dýra	78
VII. SÚNUR	79
1. Um súnur og súnvalda	79
2. Salmonella	79
3. Kampýlóbakter	83
4. E. coli 0157	85
5. Listería	86
VIII. VIÐAUKI	87
1. Starfsmannalisti	87
2. Lagabreytingar	88
3. Niðurstöður kjötmats	92

Í upphafi skal endinn skoða

Ábyrgð á öryggi vöru

Á árunum 2010 og 2011 hefur orðið mikil breyting á löggjöfum öryggi matvæla og fódurs og skipan opinbers eftirlits. Á þessu tímabili hefur Matvælastofnun tekið yfir eftirlit með sjávarafurðum, sem áður var hjá sjálfstætt starfandi skoðunarstofum, og eftirlit með framleiðslu annarra dýraafurða, s.s. kjöt- og mjólkurvara, sem áður var hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Meginábyrgð á öryggi matvæla og fódurs bera þó forráðamenn fyrirtækja, sem framleiða og markaðssetja slíkar vörur. Í þessu felst meðal annars að tryggja að varan sé örugg og uppfylli almennar kröfur um efnainnihald og aðra eiginleika og að upplýsingar um vöruna séu réttar og ekki á neinn hátt villandi. Þá er nú unnið að lagabreytingum til að bæta eftirlitsheimildir og auka ábyrgð fyrirtækja sem framleiða eða dreifa áburði. Grunnreglur um áburð verða þá sambærilegur þeim sem þegar hafa verið settar um matvæli og fódur og hefur Matvælastofnun lagt áherslu á að þessu markmiði verði náð.



Áhættumat

Löggjöf á starfssviði Matvælastofnunar grundvallast á áhættugreiningu, sem byggist á þremur meginþáttum, sem eru áhættumat, áhættustjórnun og áhættukynning. Áhættumatið er vísindaleg skoðun og greining á þeim hættum sem geta dregið úr öryggi vöru. Ef niðurstaðan er sú að hætta geti stafað af vörunni er það á ábyrgð fyrirtækja að stöðva dreifingu, taka vöru af markaði og innkalla frá notendum/neytendum þegar nauðsyn krefur. Opinberir eftirlitsaðilar fylgjast með því að gripið sé til viðeigandi ráðstafana og oft á tíðum er áhættumatið í þeirra höndum.

Áhættustjórnun

Meginmarkmið löggjafar um dýraheilbrigði, fódur, áburð og matvæli er að ná stjórn á ýmsum þáttum sem eiga að tryggja öryggi vöru og neytendavernd.

Þar koma fram skyldur fyrirtækja og opinberra eftirlitsaðila, ásamt heimildum til að grípa til ráðstafana og upplýsa um eðli mála. Áhættustjórnun felst því í lagasetningu og reglubundnu eftirliti. Samfélagið gerir auknar kröfur um gegnsæi í opinberri stjórnsýslu og um leið er löggjöfin byggð upp með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Af þessum ástæðum fagnar Matvælastofnun því að hún hefur nú fengið auknar heimildir til opintrar upplýsingagjafar um niðurstöður eftirlits og þá ekki aðeins ef um beina hættu er að ræða. Þessar heimildir mun stofnunin nýta í þágu almennrar upplýsingagjafar og neytendaverndar.

Áhættukynning

Ef grípa þarf til aðgerða til að tryggja neytendavernd verður að koma á framfæri greinargóðum upplýsingum um vöruna og eðli þeirrar hættu sem um ræðir og þá sérstaklega ef hættan er slík að innkalla þarf vöru sem þegar er komin í hendur notenda/neytenda. Þessi upplýsingaskylda hvílir á fyrirtækjunum og þau skulu einnig upplýsa opinbera eftirlitsaðila ef eitthvað bendir til þess að notkun vöru geti valdið tjóni. Því miður er það svo að upp getur komið ágreiningur milli eftirlitsaðila og ábyrgðaraðila vörunnar um hversu langt skuli ganga í aðgerðum og hvaða upplýsingar skuli gerðar opinberar. Einnig hefur komið upp ágreiningur um heimildir eftirlitsaðila til að birta upplýsingar um vörur og ábyrgðaraðila þeirra. Með setningu nýrra reglna og bættum heimildum um upplýsingagjöf á ekki að koma til ágreinings um slíka þætti.

Salt og kadmíum

Matvælastofnun hefur sætt gagnrýni vegna mála sem vörðuðu kadmíuminnihald í áburði og notkun á salti í matvælaíðnaði, sem ekki var ætlað til þeirra nota. Í báðum tilvikum var gert áhættumat, sem sýndi að ekki var hættu af notkun þessara vörutegunda. Var því gripið til fyrirbyggjandi aðgerða, í stað þess að innkalla vörur, en upplýsingagjöf hefði mátt vera betri um leið og málin komu upp. Af þessu verða fyrirtækin, opinberir aðilar og fjólmiðlar að læra. Vönduð áhættukynning vekur traust neytenda, en um leið verður að gæta þess að ekki sé gripið til umfangsmeiri aðgerða til áhættustjórnunar, en nauðsyn krefur. Hefði áburður verið innkallaður frá bændum á miðju sumri á árinu 2011 hefðu þeir setið uppi með tjónið. Hefði salt verið innkallað frá framleiðendum og markaðssetning á matvælum þeirra stöðvuð, þá hefðu Íslendingar átt bragðminni jól, fátækleg þorrablót og tjón fyrirtækjanna orðið stórfellt. Lærdómur okkar er að í hverju máli þarf fyrst að skoða hvaða hættu getur verið til staðar, grípa til viðeigandi ráðstafana á þeim grunni og kynna síðan þær forsendur sem ákvörðunartaka er byggð á.

Útgefandi

Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot

Hjalte Andrasen

Prentun

Samskipti ehf.

1. Um Matvælastofnun

Matvælastofnun starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES.

1.1. Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2. Verkefni

MAST vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. sjávarafurða, plöntuheilbrigði, fóðri, vinnslu og dreifingu og þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin annast eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. MAST hefur einnig yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum sjálfstætt starfandi skoðunarstofa í sjávarútvegi og störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu. Einnig fer stofnunin með fóðureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmat
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, skoðunarstofur, dýralæknaþjónusta
- Stjórnsýsluverkefni: Lögræði, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjárefnirit

1.3. Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:


- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsmanna. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvarðanatöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja þarf ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4. Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af sér nýsköpun í matvælaframleiðslu og aukin alþjóðaviðskipti.

1.5. Stjórnskipulag og störf

Í innra skipulagi MAST er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *áhættumat og gæðastjórnun*, *stjórnsýslu og lögræði* og *rekstur og mannauð*. Stofnunin rak fjórtán *umdæmisskrifstofur* til 1. nóvember þegar þeim var fækkað í sex, *inn- og útflutningsmál* eru í einni skrifstofu og *landamærastöðvar* eru átta. Fastir starfsmenn voru 70 í lok ársins 2011 og ársverk 66. Fækkun starfsmanna liggur fyrst og fremst í breytingum á umdæmum héraðsdýralækna, en einnig í færri tímabundnum ráðningum vegna afleysinga.



Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar

Starfsfólk MAST hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Á umdæmisskrifstofum starfa héraðsdýralækna og eftirlitsdýralækna og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralækna að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra og heilnæmi dýraafurða. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmat og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögræðinga stofnunarinnar. Þá hefur MAST líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fóðurmála og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan gera ráð fyrir því að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því verkefnum MAST fjölga í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6. Frá heilbrigði til hollustu

Vígurð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með störfum skoðunarstofa og sjálfstætt starfandi dýralækna, eða samstarfi og samvinnu við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið hefur viðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón MAST. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru tíu um allt land. Sjálfstætt starfandi skoðunarstofur í sjávarútvegi voru tvær en hinn 1. mars 2011 var eftirlit með fiskvinnslum flutt frá skoðunarstofum til Matvælastofnunar.

2. Rekstur og fjármál

Á árinu var markvisst unnið að áframhaldandi uppbyggingu á nýjum gagnagrunnum. Einnig var hafin vinna við að byggja upp rafræna stjórnsýslu og í lok árs var hafin innleiðing á þjónustugátt hjá stofnuninni í samstarfi við Hugvit með uppsetningu á GoPro Self Service. Um er að ræða rafrænan aðgang sem gerir notendum kleift að senda inn rafrænar umsóknir og fylgjast með eigin málum innan stofnunarinnar.

Á árinu var lokið við að byggja upp nýjan búfjárefirlitsgrunn, BÚSTOFN, sem heldur utan um skráningar og vinnslu gagna í tengslum við forðagæslu og störf búfjárefirlitsmanna. Á árinu var lokið við síðari áfanga sem gerir búfjárefirlitsmönnum nú kleift að skrá rafrænt niðurstöður vorkoðunar sinnar um fjölda búfjár. Einnig var sett upp mælaborð Matvælastofnunar á heimasíðu stofnunarinnar í samstarfi við DataMarket en þar er hægt að nálgast gögn um búfjárfjölda og fóðurframleiðslu frá árinu 1981 til 2011. Einnig er mögulegt að skoða tölurnar nánar og brjóta þær frekar upp eftir mismunandi forsendum eins og t.d. búfjartegundum, landssvæðum eða sveitarfélögum.

Á árinu var lokið við að byggja upp gagnagrunninn, HEILSA, sem heldur utan um sjúkdóma- og lyfjaskráningar og bólusetningar búfjár. Í fyrsta áfanga, sem nú er lokið, er mögulegt að skrá niðurstöður vegna nautgripa og hrossa. Síðari áfangar snúa að svínunum og sauðfé en óvíst er hvenær þeim verður lokið.

Á árinu var áfram unnið við nýjan gagnagrunn, ÍS-LEYFUR, sem heldur utan um alla eftirlitsskylda aðila stofnunarinnar og starfsleyfisveitingar til þeirra. Lokið var við fyrsta áfanga og nú er mögulegt að skrá niðurstöður eftirlits með sláturhúsum, kjötvinnslum, fiskvinnslum, fóðurfyrirtækjum og öðrum matvælafyrirtækjum. Einnig er stefnt að því að ljúka öðrum áfanga á þessu ári en hann snýr að skýrslugerð, samræmingu eftirlits og uppbyggingu á áhættu- og frammistöðuflokkun fyrirtækja. Einnig er gert ráð fyrir að eftirlit með frumframleiðslu og eftirlit með skipum og bátum verði komið í ÍS-LEYFUR á fyrri hluta þessa árs.

Tafla I.2.1: Rekstrarreikningur árið 2011

Matvælastofnun	2011	2010
Tekjur		
Sértekjur	33.973.866	30.618.194
Ríkistekjur	269.515.309	201.506.546
	303.489.175	232.124.740
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	722.459.171	635.734.638
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	30.352.626	32.234.539
Funda- og ferðakostnaður	50.261.749	52.085.057
Aðkeypt sérfræðipjónusta	162.643.407	134.813.491
Rekstur áhalda og tækja	5.155.957	6.177.408
Annar rekstrarkostnaður	14.862.024	11.290.915
Húsnæðiskostnaður	102.918.567	99.167.305
Bílfreiðarekstur	13.269.508	13.594.525
Tilfærslur	889.856	2.497.549
	1.102.812.865	987.595.427
Eignakaup	17.159.913	16.644.911
	1.119.972.778	1.004.240.338
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur	(816.483.603)	(772.115.598)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	966.192	214.229
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(815.517.411)	(771.901.369)
Ríkisframlag	771.900.000	769.800.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	(43.617.411)	(2.101.369)

Rekstur stofnunarinnar var erfiður á árinu 2011 í kjölfar aðhaldskröfu á reksturinn undanfarin ár samhliða auknum verkefnum m.a. vegna innleiðingar á nýjum matvælalögum. Aðhaldskrafan á rekstur stofnunarinnar nam alls 30 mkr. á árinu 2011 en 74 mkr. á árinu 2010 og 78 mkr. á árinu 2009. Alls er áætlað 43,6 mkr. tap af rekstri stofnunarinnar á árinu


2011, á móti 2,1 mkr. tapi árið á undan. Ríkisframlagið fór úr 769,8 mkr. árið 2010 í 771,9 mkr. árið 2011 og hækkaði um 0,3% á milli ára. Uppsafnaður rekstrarafgangur fyrri ára var um 68 mkr í byrjun árs en í lok árs var hann um 24 mkr. Launakostnaður er stærsti einstaki rekstrarliðurinn með alls um 722 mkr eða um 64,5% af heildar rekstrarkostnaði en að baki því liggja alls 79,7 ársverk eða 956,4 mannmánuðir. Aðkeypt sérfræðipjónusta var annar stærsti rekstrarliðurinn með alls um 162,6 mkr. en þar af voru um 103,8 mkr. vegna aðkeyptrá rannsóknna, 27,8 mkr. vegna hugbúnaðarþróunar og um 24 mkr. vegna dýralækna. Húsnæðiskostnaður er svo þriðji stærsti rekstrarliðurinn með um 103 mkr. en þar af var húsaleiga um 74,9 mkr.

3. Starfsmenn

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannamálum hjá MAST árið 2011. Starfsemi skoðunarstöðva í fiskeftirliti var lögð niður í lok febrúar og færðust þau verkefni yfir til MAST. Til að sinna því viðbótareftirliti voru ráðnir tveir starfsmenn til viðbótar þeim eftirlitsmönnum sem áður störfuðu hjá stofnuninni. Þann 1. nóvember tóku svo gildi lagabreytingar sem leiddu af sér fækkun í fjölda umdæma héraðsdýralækna. Fækkaði umdæmum úr 14 niður í 6 og samhliða þessu voru lögð niður 7,5 stöðugildi héraðsdýralækna. Í júní- og júlímánuði var ráðist í sérstakt sumarátak í eftirliti með löndunaraðstöðu á fjórum svæðum á landinu. Ráðnir voru til þess 4 starfsmenn þann tíma og þótti átakið takast vel til.


Í heild voru unnin 79,7 ársverk hjá stofnuninni samanborið við 74,1 ársverk árið 2010. Í ársbyrjun störfuðu 79 starfsmenn hjá stofnuninni en 70 starfsmenn í árslok í um 66 stöðugildum og liggur fækkun starfsmanna fyrst og fremst í breytingum á umdæmum héraðsdýralækna, en einnig í færri tímabundnum ráðningum vegna afleysinga. Tveir starfsmenn létu af störfum sökum aldurs á árinu. Að venju var nokkuð um tímabundnar ráðningar í tengslum við afleysingar og skammtímaverkefni s.s. varnargirðingar og sauðfjárslátrun. Menntun starfsmanna er á þann veg að 83% starfsmanna eru með háskólapróf.

Hlutfall kynjanna hjá MAST má sjá hér að ofan en í árslok voru 57% starfsmanna karlar en 43% konur og er það lítilsháttar aukning á mismun á milli ára annað árið í röð. Myndin hér að neðan sýnir fjölda starfsmanna á hverju sviði, en hæst hlutfall starfsmanna starfa á umdæmisskrifstofum víða um land og á sviði matvælaöryggis og neytendamála, en það svið er stærsta einstaka sviðið hjá MAST.




Mynd I.3.2: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa

Mynd I.3.1: Kynjaskipting starfsmanna



Meðalaldur starfsmanna hjá MAST er 49,1 ár og hækkar lítillega á milli ára. Dreifing aldurs hjá starfsmönnum er frá 27 árum upp í 68 ár. Athyglivert er hversu karlar eru í miklum meirihluta hjá eldri starfsmönnum, en hjá þeim yngri snýst dæmið við, þar eru konur í miklum meirihluta og má sjá þessar sveiflur á myndinni hér til hægri.



Mynd I.3.3: Aldursdreifing starfsmanna

4. Fræðsla

Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kunna að stafa sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflokkningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1. Vefsíða

Fjöldi heimsóknna á vef Matvælastofnunar hefur aukist með hverju ári frá því að hún hóf starfsemi 1. janúar 2008 hélt sú þróun áfram árið 2011. Það sama á við um fjölda birtra fréttanna á vefnum.

Árið 2011 heimsóttu 1.172 mismunandi notendur vefinn í hverri viku að meðaltali eða 25% fleiri en árið 2010 (941). Þar af voru 20% heimsóknna erlendis frá og er það svipað hlutfall og árin tvö þar á undan.

4.2. Útgáfa

Útgáfa á fræðsluefni vegna innleiðingar nýrrar matvælalöggjafar ESB hélt áfram á árinu. Hinn 1. nóvember 2011 var síðasti hluti löggjafarinnar, sá hluti sem snýr að búfjárafurðum, innleiddur. Samhliða innleiðingunni voru prentaðir einblöðungar um áhrif nýrrar matvælalöggjafar á bændur annars vegar og vinnslu búfjárafurða og villibráðar hins vegar.


Nýr bæklingur um innra eftirlit var gefinn út á árinu. Leysir sá bæklingur af hólmi og sameinar þrjá eldri bæklinga um innra eftirlit fyrirtekja.

Árið 2010 hófst áttak í smitvörnum til að fyrirbyggja að nýir smitsjúkdómar, eins og sá sem herjaði á hrossastofninn, berist til landsins. Þetta áttak hélt áfram árið 2011 með birtingu heilsíðauglýsinga í hestatímaritum og vefborða hjá hestamiðlum.

Ný skoðunarhandbók fyrir fiskafurðir var gefin út í tengslum við yfirtöku Matvælastofnunar á eftirliti með sjávarafurðum úr höndum skoðunarstofa hinn 1. mars.

Útgefið efni má nálgast á tölvutæku formi á vef Matvælastofnunar undir *Útgáfu*. Þar má einnig finna ársskýrslur MAST, eftirlitshandbækur, efni frá fræðslufundum og greinaskrif í prentmiðlum. Skýrslur eftirlitsverkefna Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er að finna undir *Eftirlitsniðurstöðum*, ásamt öðrum niðurstöðum eftirlits.

Mynd 1.4.1: Fjöldi heimsóknna og fréttabirtinga á vef MAST



4.3. Greinaskrif

Matvælastofnun hélt áfram samstarfi við Morgunblaðið með hálfsmánaðarlegum greinaskrifum um málefni sem snúa að starfssviði stofnunarinnar. Greinarnar eru skrifaðar af sérfræðingum Matvælastofnunar í mánudagshefti Morgunblaðsins undir *Daglegu lífi* og eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar undir *Útgáfu*. Eftirfarandi greinar voru birtar árið 2011:

- *Dýrahald og flugeldar um áramótin* - Gísli Sv. Halldórsson, Morgunblaðið 29.12.11
- *Jól án matareitrunar* - Dóra S. Gunnarsdóttir, Morgunblaðið 19.12.11
- *Betri merkingar á mat* - Jónína Þ. Stefánsdóttir, Morgunblaðið 05.12.11
- *Ný matvælalöggjöf og áhrif á bændur* - Hjalti Andrason, Morgunblaðið 31.10.11
- *Matarsýking vegna neyslu á smygluðu kjöti* - Halldór Runólfsson, Haraldur Briem, Mbl. 24.10.11
- *Heilnæmi svínakjöts* - Björn Steinbjörnsson, Morgunblaðið 17.10.11
- *Ekki er sama djús og séra djús* - Zulema Sullca Porta, Morgunblaðið 10.10.11
- *Gæði og öryggi matvæla á ábyrgð framleiðenda* - Kjartan Hreinsson, Morgunblaðið 26.09.11
- *Ný löggjöf tryggir m.a. rekjanleika matvæla og fódurs* - Sigurður Örn Hansson, Mbl. 30.08.11
- *Transítusýrur - nýjar reglur taka gildi* - Zulema Sullca Porta, Morgunblaðið 04.08.11
- *Ný þvingunarúrræði vegna dýravelferðarmála* - Steinþór Arnarson, Morgunblaðið 27.06.11
- *Gætum að grillinu! Meðferð kjöts og grænmetis* - Dóra S. Gunnarsdóttir, Morgunblaðið 06.06.11
- *Hundar sem bita* - Halldór Runólfsson, Morgunblaðið 23.05.11
- *Íslenski hrossastofninn stendur keikur* - Sigríður Björnsdóttir, Morgunblaðið 10.05.11
- *Hvernig á að merkja matvæli á réttan hátt?* - Jónína Þ. Stefánsdóttir, Morgunblaðið 26.04.11
- *Fæðuofnæmi* - Zulema Sullca Porta, Morgunblaðið 11.04.11
- *Dioxín í íslenskum matvælum* - Kjartan Hreinsson, Morgunblaðið 28.03.11
- *Dýravelferð í nýju ljósi* - Halldór Runólfsson, Morgunblaðið 14.03.11
- *Staða erfðabreyttra matvæla* - Helga M. Pálsdóttir, Morgunblaðið 21.02.11
- *Lungnapest í sauðfé* - Katrín H. Andrésdóttir, Morgunblaðið 07.02.11
- *Innra eftirlit í matvælafyrirtækjum* - Guðjón Gunnarsson, Morgunblaðið 24.01.11

4.4. Fundir og ráðstefnur

Samráðsþing MAST var haldið í annað skiptið fimmtudaginn 14. apríl á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið hefur það að markmiði að styrkja samskipti Matvælastofnunar við eftirlitsþega og að bjóða upp á vettvang með áherslu á gagnvirk samskipti í gegnum umræðuhópa, auk stuttra framsöguerinda frá forstjóra MAST og fulltrúum starfsgreinasamtaka sem stofnunin hefur eftirlit með. Þær ábendingar sem bárust voru skjalfestar í skýrslu um þingið til frekari úrvinnslu af hálfu MAST.

Mánaðarlegir fræðslufundir MAST héldu áfram göngu sinni árið 2011. Nálgast má upptöku af öllum fundunum á vef MAST undir *Útgáfu*, ásamt glærum. Fræðslufundir MAST 2011 voru:

- *Nýjar reglur um merkingar matvæla* - 6. desember 2011
- *Ný matvælalöggjöf og áhrif á bændur* - 1. nóvember 2011
- *Úttekt á sláturhúsum, kjötvinnslum og mjólkurbúum* - 27. september 2011
- *Hvernig á að merkja matvæli?* - 27. apríl 2011
- *Dioxín* - 30. mars 2011
- *Reglur um erfðabreytt matvæli* - 22. febrúar 2011
- *Innra eftirlit matvælafyrirtækja* - 25. janúar 2011

Matvælastofnun skipulagði fjölda annarra viðburða á árinu:

- Í október voru tvö málþing haldin fyrir framleiðendur búfjárafurða (kjötvinnslur, sláturhús og mjólkurstöðvar) og fyrir stjórnendur fódurfyrirtækja um nýja matvælalöggjöf, eitt í Reykjavík og annað á Akureyri, í tengslum við innleiðingu búfjárafurðahluta nýju matvælalöggjafarinnar 1. nóvember 2011. Stuttu áður hafði Matvælastofnun haldið fræðslufund um sama efni.
- Auk fræðslufundar voru tvívegis haldnir fundir á Ísafirði í samstarfi við Umhverfisstofnun um dioxín og framtíð búskapar í Skutulsfirði með hlutaðeigandi aðilum á svæðinum vegna mengunar frá gamalli sorpbrennslustöð. Fundir voru einnig haldnir á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmanneyjum vegna reksturs gamalla sorpbrennslustöðva þar.
- Fjöldi funda voru haldnir með hlutaðeigandi aðilum vegna eldgoss í Grímsvötnum.
- Matvælastofnun tók þátt í skipulagningu Fræðþings landbúnaðarins í mars 2011.

1. Löggjöf

1.1. Sett lög

Á liðnu ári tók ný löggjöf um skeldýraræktun gildi, sbr. lög nr. 90/2011 og eru lög nýmæli hérlendis. Markmið laganna er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Lög taka til stjórnsýslu með skeldýraræktun (einnig til skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla), þ.e. hvaða skyldur opinberir aðilar hafa, hvernig haga skuli svæðaskiptingu og hvernig úthluta skuli svæðum og leyfum fyrir skeldýraræktun.

1.2. Stjórnsýslufyrirmæli

Innleiðing reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Á árinu voru birt 85 stjórnsýslufyrirmæli (reglugerðir og auglýsingar) sem varða starfsemi MAST. Þau voru til innleiðingar á 146 EB-gerðum. Sjá nánar viðauka VIII.2.

Af gerðum ársins ber helst að nefna nýja reglugerð um aukefni auk sérstakra gerða um bragðefni og ensím í matvælum, reglugerð um notkun og markaðssetningu fódurs og reglugerð um varnir gegn salmonellu og öðrum súnuvöldum auk annarrar um vöktun þeirra. Á sviði dýraheilbrigðis má einkum nefna nýja reglugerð um garnaveiki og varnir gegn henni auk reglugerðar um kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjötis og afurða.

2. Evrópumál

2.1. Upptaka gerða Evrópusambandsins (ESB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. Standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í Samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá ESB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2011 var um 140. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækur og fremur sjaldgæft að talin sé þörf á að sækjast eftir aðlögunartexta eða annarri undanþágu en þó eru nokkur slíkt tilvik á ári hverju. Algengast er að slíkt sé gert í samráði við Norðmenn og er sameiginleg undanþágubeiðni þá fullunnin af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Þar sem Ísland var til 1. nóvember 2011 undanþegið ákvæðum í Viðauka I við EES-samninginn hafa það helst verið ákveðnar gerðir sem varða dýrasjúkdóma og lifandi dýr sem ekki hafa verið taldar EES-tækar og voru þær 13 á árinu eða um 9%.

Skipting gerða milli málaflokka:

- Heilbrigði og velferð dýra 38
- Matvælaöryggi og neytendamál 57
- Fóður, sáðvara og áburður 46

2.2. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í 4 hefðbundnar eftirlitsferðir og 1 úttekt á landamærastöðvum. Lokaskýrslur ESA má finna á vefslóðinni:

<http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2011:

- Fóðurlöggjöf (hollustuhættir) 31. jan – 4. febrúar
- Eftirlit með matvælum sem ekki eru af dýrauppruna og innflutningseftirlit 28. feb – 4. mars
- Lifandi samlokur (live bivalve molluscs). Eftirfylgni heimsóknar árið 2010. 23. – 27. maí
- Úttekt á tilteknum landamærastöðvum (BIPs) 8. – 10. nóvember
- Eftirlit með aðskotaefnum og lyfjaleifum í dýrum og dýraafurðum 6. – 14. desember

2.3. Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun ESB (FVO)

Auk eftirlitsstofnunar ESA komu eftirlitsmenn frá ESB einnig til landsins. Um tvær heimsóknir var að ræða. Sú fyrri sneri að eftirliti í sláturhúsum, kjötvinnslum og mjólkurstöðvum (september), með áherslu á að skoða hvernig slíkum fyrirtækjum vegnar í að uppfylla kröfur hollustuhátta- og eftirlitslöggjafar ESB og voru því eingöngu heimsótt fyrirtæki sem ekki höfðu áður aflað sér útflutningsleyfis til EES-ríkja. Seinni heimsóknin (nóvember) var einnig framhald af sambærilegri heimsókn 2010 sem fólst í að gera almenna úttekt á fyrirkomulagi eftirlits með heilbrigði dýra og plantna, matvælum og fóðri í þeim tilgangi að útbúa svokallaða landsskýrslu um Ísland (country profile) sem notuð verður í aðildarviðræðum við ESB. Heimsóknin 2011 var til þess gerð að uppfæra upplýsingar um eftirlit, eftirfylgni og aðra starfsemi MAST eftir því sem við á.

2.4. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA)

Með innleiðingu á reglugerð ESB nr. 178/2002 varð Ísland fullgildur aðili að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA). Með þessari reglugerð, sem innleidd var með reglugerð nr. 102/2010, er kveðið á um stofnun EFSA, hlutverk, uppbyggingu og starfsemi hennar (III. kafli). MAST er tengiliður við EFSA á Íslandi og tekur beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar með setu í svokölluðu tengiliðaneti (Focal Point Network) og í ráðgjafanefnd (Advisory Forum). Í báðum þessum hópum á sæti einn aðili frá hverju aðildarríki EFSA (ESB-ríki auk EES-EFTA-ríkja). MAST tekur virkan þátt í þessu samstarfi og hefur nýtt vel þá möguleika sem bjóðast á þessum vettvangi. Meginhlutverk EFSA er ráðgjöf og álitsgjöf til framkvæmdastjórnarinnar auk áhættumats á sviði matvæla, dýraheilbrigðis, fódurs og plöntuheilbrigðis. Þetta starf byggir einkum á samstarfi vísindamanna, sérfræðinga og rannsóknastofnana í aðildarríkjunum. Það er hlutverk tengiliða í ríkjunum að hvetja slíka aðila og stofnanir í sínu landi til samstarfs við EFSA og halda utan um upplýsingagjöf og samskipti milli aðila. Haldin er sérstök skrá yfir slíkar samstarfsstofnanir sem kallast „Art36 Database“ með tilvísan í 36. grein reglugerðar ESB nr. 178/2002. Þegar hafa 4 stofnanir á Íslandi skráð sig í þennan gagnagrunn og lýst sig þannig reiðubúnar til samstarfs við EFSA á ákveðnum sérsviðum. Einnig heldur EFSA úti sérstökum gagnagrunni yfir þá sérfræðinga sem reiðubúnir eru til samstarfs sem óháðir einstaklingar, hver á sínu sviði (Expert Database). Margvísleg gögn og skýrslur varðandi áhættumat og ýmis önnur mál er að finna á vef EFSA (www.efsa.europa.eu) og er það meðal annars hlutverk „Focal Point“ tengiliða að kynna slíkt og dreifa til allra sem málið kann að varða. Matvælastofnun mun á árinu 2012 fara í frekari kynningu á starfi EFSA og skipulagningu á því hvernig þessu nýja hlutverki stofnunarinnar verður sinnt á sem skilvirkastan hátt með áherslu á fræðslu og þjálfun til sérfræðinga á sviði áhættumats í eftirliti.

2.5. Annað

Stofnunin aðstoðar Þýðingamiðstöð UTN við þýðingar á gerðum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og svaraði stofnunin 71 fyrirspurnum frá Þýðingamiðstöðinni á árinu auk þess sem lesið var yfir nokkurn fjölda þýddra reglugerða fyrir birtingu þeirra og innleiðingu í íslenskan rétt.

3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 93/1993

3.1. Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands.

Matvælastofnun samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega.

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008-2013, er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskram til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu var fjöldi lögbýla með skráð greiðslumark sauðfjár 1792 (1.864). Lögbýli skráð með greiðslumark mjólkur voru 692 (702).
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Tveir framleiðendur lögðu inn greiðslumark sitt á árinu til geymslu (1).
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 692 (701) og 1792 (1864) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 72 (65) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 22 (15) vegna mjólkurframleiðslu og 50 (50) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 7.120 mkr. (6.398), þar af 4.942 mkr. (4.320) vegna mjólkurframleiðslu og 2.178 mkr. (2.078) vegna sauðfjárframleiðslu. **Ath.** Þær tölur sem birtast í sviga eru frá árinu 2010.

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

3.2. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands, forðagæslumenn og Landgræðsla ríkisins. Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar eru að:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1525 (1613).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 101 (106), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu voru 340 (62).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. En heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.165 mkr. (1.108).
- Að annast eftirliti með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

3.3. Gripagreiðslur í nautgriparrækt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi ríkið komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirmælum reglugerðarinnar, auk eftirtalinnna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 797 (798) og voru gerðar 36 (26) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar krónur 581 mkr. (553) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.

3.4. Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur

Þann 1. desember 2010 hófust viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Um nýtt fyrirkomulag slíkra viðskipta er að ræða. Viðskipti með greiðslumark mjólkur munu eftirleidis eiga sér stað á uppboðsmarkaði sem Matvælastofnun er falið að annast skv. reglugerð nr. 430/2010 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Á uppboðsmarkaði munu kaupendur og seljendur mætast og verð ákvarðast.

Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Kaup og sala á greiðslumarki mjólkur eru því í raun viðskipti með framleiðslurétt og þar með réttindi til að njóta beingreiðslna úr ríkissjóði. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir tvisvar á ári, þann 1. apríl og 1. nóvember. Eigendur greiðslumarks mjólkur sem hug hafa á að selja frá sér, eða afla sér frekara greiðslumarks, gera skrifleg tilboð þar sem fram kemur ósk viðkomandi um verð og magn. Verð sem myndast á kvótamarkaði kallast jafnvægisverð. Öll viðskipti á tilteknum kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði.

- Á uppboðsmarkaði þann 1. apríl 2011 bárust 72 tilboð um kaup og sölu.
- Á uppboðsmarkaði þann 1. nóvember 2011 bárust 44 tilboð um kaup og sölu.
- Alls urðu viðskipti á árinu með 887.071 lítra mjólkur.
- Til sölu voru á árinu boðnir 1.309.859 lítrar en tilboð bárust um kaup á 2.633.368 lítrum.



1. Um áhættumat og gæðastjórnun

Verkefni sviðsins snúa að gæðamálum, áhættuflokkun, umsjón með gerð áætlana um varnir og viðbrögð við súnur, söfnun gagna um súnur, greiningu þeirra og birtingu. Sviðið annast samantekt eftirlits- og sýnatökuáætlana, hvort heldur eftirlitið er í höndum MAST eða HES, og greiningu á niðurstöðum eftirlits. Þannig er tryggt að eftirlit með fóðri, matvælum, heilbrigði og velferð dýra er í sífelldri endurskoðun og framkvæmt á þann hátt að það nái markmiðum sínum. Í þessu felst gerð eftirlitsáætlunar til margra ára, samantekt eftirlits- og sýnatökuáætlana og skýrsluskil vegna opinbers matvælaeftirlits. Sviðið annast auk þess innri úttektir á opinberu eftirliti.

2. Gæðamál

2.1. Gæðahandbók

Á árinu var haldið áfram að skrifa gæðahandbókina. Á fundi gæðaráðs í ágúst var m.a. tekin ákvörðun um að lengja gildistíma gæðaskjala úr 12 mánuðum í 36 mánuði. Meginástæða fyrir þessari breytingu var að veita gæðatenglum meira svigrúm til að vinna að og fullvinna fleiri gæðaskjöl.

Öll útgefin gæðaskjöl 2010 voru endurskoðuð á árinu og voru þau flest endurútgefin, nokkur skjöl voru aflögð en fjölmörg ný litu dagsins ljós. Milli ára hefur fjöldi gæðaskjala aukist um 75 og útgefnum skjölum fjölgaði um 103. Við árslok var fjöldi skjala í gæðahandbókinni samkvæmt töflu hér að neðan:

Tafla III.2.1: Útgáfa skjala í gæðahandbók Matvælastofnunar 2011

Tegund skjals	Í vinnslu	% í vinnslu	Útgefið	% Útg.	Alls
Stefnuskipti (SSK)	6	46%	7	54%	13
Verklagsregla (VLR)	20	65%	11	35%	31
Vinnulýsing (VLY)	57	70%	24	30%	81
Gátlisti (GAT)	10	33%	20	67%	30
Leiðbeiningar (LBE)	35	32%	75	68%	110
Listar (LST)	26	74%	9	26%	35
Eyðublað (EBL)	29	32%	63	68%	92
Samtals	183	47%	209	53%	392


2.2. Innri úttektir

Á árinu var unnið að uppfærslu á Focal-úttektarkerfinu og endurskoðun á skipulagningu og framkvæmd innri úttekta á gæðahandbókinni. Ein innri úttekt var framkvæmd á árinu en hún var skipulögð sem æfing fyrir úttektarmenn og til að fínstilla úttektarkerfið.

2.3. Fyrirspurnir, ábendingar og kvartanir

Stofnunin skráir og heldur utan um allar kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir. Á árinu bárust 6 kvartanir vegna starfsemi stofnunarinnar og 53 ábendingar af ýmsum toga. Skiptingu þeirra má sjá hér til hægri. Eftirlitsþegum og almenningi er þakkað fyrir virkni sína því án þátttöku þeirra er erfiðara fyrir stofnunina að bæta það sem betur má fara.

Fjölmargar fyrirspurnir bárust á árinu og fjölgaði þeim um 150 á milli ára og ljóst að fólk nýtir sér flípann „hafa samband“ á heimasíðunni í auknum mæli. Alls voru 444 fyrirspurnir og efnislega skiptingu þeirra má sjá á næstu síðu.



Mynd III.2.1: Ábendingar flokkaðar eftir efni og fjölda

3. Áhættumat

Á árinu var unnið að þróun og innleiðingu á kerfi sem áhættuflokkar með samræmdum hætti öll matvælafyrirtæki, utan frumframleiðslu, sem falla undir opinbert eftirlit stofnunarinnar. Unnið var út frá sænsku módeli sem auk þess að uppfylla öll tilskilin ákvæði löggjafarinnar er bæði einfalt og auðvelt að aðlaga að íslenskum aðstæðum. Sviðið stýrði bæði vinnu við þróun kerfisins og svo áhættuflokkun í samræmi við það vegna fóðurs og matvæla úr dýraríkinu. Áhættuflokkun fyrirtækja lauk á árinu og er nú unnið að því að innleiða kerfið. Í þessu felst að fyrirtæki sem falla undir eftirlit stofnunarinnar voru metin út frá hættum fólgnum í starfseminni og mögulegri hættu fyrir neytendur ef eitthvað færi úrskeiðis. Á grundvelli þessa er þeim raðað í einn af átta áhættuflokkum. Út frá þessum áhættuflokkum er eftirlitsþörf fyrirtækja ákvörðuð en þar er einnig horft til umfangs og eðlis matvælamerkinga fyrirtækisins og frammistöðu þess í undangengnu eftirliti. Mun skipulag alls eftirlits MAST utan frumframleiðslunnar byggja á þessu kerfi í framtíðinni, en ráðgert er að það verði tekið formlega í notkun á árinu 2012.

Þá aðstoðaði sviðið einnig samstarfshóp MAST og HES sem var falið að skoða notkun þessa sama módelis fyrir matvælafyrirtæki sem falla undir opinbert eftirlit HES. Ráðgert er að starfshópurinn ljúki sinni vinnu í byrjun árs 2012.

4. Innri úttektir á opinberu eftirliti

Sviðið fer með framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti (internal audit) með matvælum og fóðri sem fellur undir starfssvið MAST annars vegar og HES hins vegar. Á árinu sóttu þrjú starfsmenn sviðsins tvö námskeið haldin á vegum Evrópusambandsins, (BTSE – audit A og B) þar sem farið var yfir löggjöf, skipulag og framkvæmd innri úttekta. Á árinu hóf sviðið vinnu við gerð tillagna um fyrirkomulag við innri úttektir á opinberu eftirliti með matvælum og fóðri á Íslandi. Áriðandi er að fyrirkomulagi tryggja hlutleysi og gagnsæi við úttektir á opinberu eftirliti, en mikilvægt er að þessar úttektir séu hafnar yfir vafa og að ábyrgð á úrbótum sé skýr.

5. Samstarf innan og utan stofnunar

5.1. TAIEX og IPA

Starfsmaður sviðsins var fulltrúi MAST í samstarfi við Matís vegna umsóknar um IPA-styrk til eflingar varnarefnamælinga í matvælum hér á landi. Umsóknin var samþykkt á landsáætlun Íslands fyrir 2011 en síðar var ákveðið að fresta framkvæmd verkefnisins um óákveðinn tíma. Sami starfsmaður sviðsins annaðist umsóknir MAST vegna TAIEX-verkefna og kom að undirbúningi og framkvæmd viðamikils TAIEX-verkefnis (Classification of Establishments) sem fram fór á árinu. Unnið var að umsókn margra verkefna á árinu og flestar voru þær á lokastigi um áramót.


5.2. Laga- og reglugerðasmíð

Starfsmaður sviðsins var formaður og fulltrúi MAST í nefnd sem endurskoðaði aðbúnaðarreglugerð fyrir nautgrip. Tillögu að endurskoðaðri reglugerð var skilað til ráðuneytis landbúnaðarmála á árinu. Sami starfsmaður sat einnig í nefnd sem endurskoðaði lagaumhverfi um velferð dýra og skilaði nefndin tillögum að breytingum á dýraverndarlögum, búfjárlögum o.fl. lögum til ráðuneytisins á árinu.

5.3. Samstarf við aðrar stofnanir

Starfsmenn sviðsins unnu að skipulagi samstarfs við embætti sóttvarnalæknis varðandi súnur og matarsýkingar. Á árinu var komið á reglulegri miðlun upplýsinga á milli stofnana. Hafin var gerð áætlunar um viðbrögð vegna hættulegra súna, (t.d. leðurblökur sem flækjast til landsins) í samstarfi við Keldur og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Mynd III.1.1: Fyrirspurnir flokkaðar eftir efni og fjölda



1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Markmiðið með starfsemi matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er að efla gæði aðfanga, stuðla að heilbrigði plantna og öryggi matvæla allt frá hafi/haga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi. Á sviðinu er unnið við eftirlit, umsjón og samræmingu á eftirliti, innleiðingu á nýrri löggjöf og svörum fyrirspurna frá eftirlitsaðilum, matvælafyrirtækjum og neytendum.

Breyting varð gerð á skipulagi Matvælastofnunar á árinu þannig að 5 sérfræðingar á matvælasviði voru færðir yfir á stjórnslusvið. Tilgangurinn var einkum að skapa meira jafnvægi milli sviða í stofnuninni. Jafnframt fluttist sérfræðingur í skelrækt frá dýraheilbrigðissviði til matvælaöryggis og neytendamálasviðs.

Eftirliti með lagarafurðum var breytt þannig að stofnunin yfirtók eftirlitið og hætt var að nota faggiltar skoðunarstofur. Stofnunin réði þrjú nýja eftirlitsmenn til viðbótar til að sinna þessu verkefni.

Lokið var við nýja skoðunarhandbók fyrir lagarafurðir, unnið að því að aðlaga hana öðrum greinum og mun hún verða gefin út sem skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu.

Starfsfólk sviðsins vann að áhættuflokkun starfsgreina og fódur- og matvælafyrirtækja en það er nauðsynlegt til að ákvarða eftirlitstíðni í mismunandi starfsgreinum og fyrirtækjum.

Starfsfólk sviðsins tók þátt í rýni á löggjöf ESB vegna umsóknar Íslands um aðild að ESB og tók þátt í rýnifundum í Brussel vegna 11. og 12. kafla löggjafarinnar.

Innleiðing nýrrar matvælaöryggjafar Evrópusambandsins var áfram stórt verkefni á árinu 2011. Ný matvælaöryggjögjöf um hollustuhætti og eftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu tók gildi á Íslandi 1. mars 2010 fyrir fódur- og matvælafyrirtæki nema fyrirtæki sem vinna afurðir úr búfjárafurðum, en sá hluti kom til framkvæmda 1. nóvember 2011. Útbúið var kynningarefni, haldnir fræðslufundir og námskeið með hagsmunaaðilum og eftirlitsaðilum og auk þess heimsóttu eftirlitsmenn Matvælastofnunar sláturhús, kjötvinnslur og mjólkurbú til að kynna löggjöfina og gera úttektir á fyrirtækjunum. Í samvinnu við TAIEX var skipulagt verkefni um úttekt og flokkun á fódur- og matvælafyrirtækjum sem vinna búfjárafurðir. Danskir sérfræðingar voru fengnir til ráðgjafar og til að þjálfa íslenska eftirlitsmenn í úttektum á matvælafyrirtækjum með tilliti til nýju fódur- og matvælaöryggjafarinnar.

Í lok nóvember funduðu fulltrúar FVO með ýmsum starfsmönnum Matvælastofnunar til að ljúka gerð lýsingar á eftirlitskerfi Íslands vegna aðfanga, plöntuheilbrigðis, dýraheilbrigðis og matvæla. Í september komu sérfræðingar frá FVO og ESA til að gera úttektir á matvælafyrirtækjum sem framleiða búfjárafurðir á Íslandi og ekki höfðu útlutningsleyfi. ESA kom í þrjár eftirlitsheimsóknir sem vörðuðu verkefni matvælasviðsins. Fyrst var heimsókn vegna fódureftirlits, í maí eftirfylgniheimsókn vegna úttektar á skelfiskeftirliti árinu áður og loks úttekt á eftirliti með lyfjum og lyfjaleifum.

Sex tilkynningar bárust stofnuninni um matarsýkingar. Tvær sýkingar voru af völdum salmonellu, ein vegna kampýlóbakter, en ekki tókst að staðfesta gruninn í þremur tilvikum.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt þrjú fundi á árinu.

Matvælastofnun stöðvaði sölu búfjárafurða frá býli á Vestfjörðum vegna díoxínmengunar frá nálægri sorpbrennslustöð. Mengunin reyndist staðbundin á litlu svæði og sýni tekin annars staðar á landinu reyndust í lagi. Beitartilraun var gerð til að kanna upptöku sauðfjár á díoxíni í gegnum beitina á svæðinu.

Í maí kom í ljós að kadmíum greindist yfir mörkum í sýnum af nokkrum áburðartegundum frá tveimur fyrirtækjum. Þessar áburðartegundir voru afskráðar og verður ekki heimilt að flytja þær aftur inn fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af áburðinum og hann reynst í lagi.

Í eftirliti í lok október urðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar þess varir að notað var iðnaðarsalt í matvælaframleiðslu. Innflytjandi saltsins ákvað að hætta strax innflutningi þess og var öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum tilkynnt um málið og þau beðin að fylgja því eftir að notkun saltsins væri hætt.

2. Áburður

Áburðareftirlit Matvælastofnunar fer eftir lögum nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, fódri og sáðvöru og reglugerðum 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og 630/2007 um ólífrænan áburð. Auk þess regluerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna vegna eftirlits með áburði.

Áburðareftirlitið felur í sér:

- Skráningu áburðarfyrirtækja: Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð eða jarðvegsbætandi efni skulu vera skráð hjá Matvælastofnun.
- Skráning áburðartegunda: Allar áburðartegundir skulu einnig vera skráðar hjá MAST.
- Úttekt á áburðarfyrirtækjum: Fylgjast með aðstöðu fyrirtækjanna til að framleiða áburð og geyma áburð.
- Vöruskoðun: Skoða hvort umbúðir og merkingar séu samkvæmt gildandi reglum. Einnig eru tekin sýni af áburði og þau send í efnagreiningu. Áburðarsýnin eru efnagreind hjá LUFA í Býskalandi. Niðurstöður eru bornar saman við skráð gildi á áburðinum og einnig merkingar á umbúðunum. Samkvæmt reglugerðum má innihald næringarefna ekki fara niður fyrir ákveðin vikmörk.
- Í lok hvers árs eru niðurstöður eftirlits gefnar út í sérstakri skýrslu

Hérlendis er fyrst og fremst notaður ólífrænn innfluttur áburður. Þessi áburður er ýmist einkorna eða fjölkorna. Í einkorna áburði inniheldur sérhvert áburðarkorn öll næringarefni í þeim hlutföllum sem gefin eru upp í áburðinum. Í fjölkorna áburði er áburðarkornin með mismunandi næringarefni sem er blandað saman í ákveðnum hlutföllum eftir áburðartegundum.

Ólífræna innflutta áburðinum er skipt í EB-áburð og ekki EB-áburð (EB=ESB). Á merkingum þarf að koma skýrt fram hvort áburðurinn sé EB-áburður.

Lífrænn áburður er framleiddur hérlendis. Hráefni í hann eru ýmis lífræn efni, bæði af dýrum og jurtum. Um er að ræða kjötmjöl, fiskimjöl, moltu, þangmjöl og skeljasand.

Árið 2011 voru flutt inn 43.863 tonn af jarðræktaráburði. Til samanburðar voru 46.345 tonn af jarðræktaráburði flutt inn árið 2010, sjá meðfylgjandi töflur.

Tafla IV.2.1: Innfluttur áburður og næringarefni 2011 í kílógrömmum (2010)

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	43.862.885 (46.344.800)	10.434.232 (10.772.069)	1.333.910 (1.542.046)	2.051.584 (2.423.397)
Kalk	85.800 (61.800)	-	-	-
Áburður á íþróttavelli	50.891 (506.310)	6.275 (61.239)	1.363 (24.411)	4.587 (68.360)
Áburður til garðyrkju/ylræktar	677.281 (452.087)	79.698 (43.606)	19.459 (11.815)	68.837 (72.560)
Blómaáburður	12.573 (16.037)	-	-	-
Samtals	44.689.430 (47.381.034)	-	-	-

2.1. Leyfisveitingar

2.1.1. Innfluttur áburður

Alls fluttu 27 fyrirtæki inn áburð árið 2011. Innflutningi má skipta í 5 flokka (ath. sum fyrirtæki flytja inn fleira en einn flokk):

- Tún- og jarðræktaráburður (7 fyrirtæki)
- Áburður til garðyrkju og ylrektar (5 fyrirtæki)
- Áburður á íþróttavelli (3 fyrirtæki)
- Blómaáburður til heimilisnota (14 fyrirtæki)
- Köfnunarefnisbindandi rótarbakteríur (2 fyrirtæki)

2.1.2. Innland framleiðsla

Enginn efnaáburður (tilbúinn áburður) er framleiddur á Íslandi. Nokkur fyrirtæki vinna áburð úr lífrænum efnum eða blanda ólífrænan áburð í vökva. Um er að ræða framleiðslu á kjötmjöli, moltu, kalki, aukaafurðum úr fiski og þörungamjöl. Blómaáburður er ýmist framleiddur með því að blanda efnaáburð í vökva eða þörungamjöl í vökva. Alls eru 13 fyrirtæki skráð sem framleiða innlandan áburð eða jarvegsbætandi efni.

Kjötmjöl er framleitt af Orkugerðinni ehf. í Flóahreppi. Hráefni verksmiðjunnar kemur frá sláturhúsum og kjötvinnslum á Suðurlandi. Kjötmjölið má nota sem áburð sé það ekki unnið úr áhættuvefjum dýra.

Molta ehf. í Eyjafirði framleiðir moltu m.a. úr aukaafurðum frá sláturhúsum og kjötvinnslum.

Aðrir skráðir framleiðendur moltu á landinu eru:

- Íslenska Gámafélagið í Gufunesi, sem vinnur moltu úr heimilísúrgangi.
- Sorpa, sem vinnur einnig moltu úr heimilísúrgangi, garðaúrgangi og fleiru.
- Skinney – Þinganes framleiðir 3 gerðir áburðar og jarvegsbætandi efna úr sjávarfangi.
- Haustak hf. framleiðir áburð úr sjávarfangi.
- NorðurBragð framleiðir fiskmeltur og selur undir heitinu vallarslóg
- Íslenska Kalkþörungafélagið ehf á Bíldudal, framleiðir m.a. áburðarkalk úr kalkþörungum.
- Þörungamjöl m.a. til áburðar er framleitt í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum.
- Spretta ehf þurrkar og pakkar hæsnaskít til áburðar.
- Þrjú íslensk fyrirtæki framleiða blómaáburð fyrir stofublóm, þau eru Guðjón D Gunnarsson, Ylfur ehf og Þórduna ehf.

2.2. Eftirlit

2.2.1. Innfluttur áburður

Vísad er til eftirlitsskýrslu um áburðareftirlit 2011 sem birt er á heimasíðu Matvælastofnunar.

Á undanförunum árum hefur skipulögð vöruskoðun og sýnataka verið fyrst og fremst á innfluttum tún- og jarðræktaráburði. Á árinu 2011 voru tekin 40 eftirlitssýni af 40 áburðartegundum.

Efnagreiningar á þessum 40 eftirlitssýnum gáfu þær niðurstöður að 3 sýni voru með efnainnihald fyrir neðan leyfileg vikmörk (7,5%). 13 áburðartegundir reyndist innihalda meira kadmíum (Cd) en leyfilegt er. Ekki verður heimilt að dreifa þessum áburðartegundum til notenda fyrr en sýnt hefur verið fram á með sýnatökum og efnagreiningum að efnainnihald áburðarins sé ofan við leyfð vikmörk og að kadmíum sé minna en heimilt hámark.

Við eftirlit kom einnig í ljós að merkingargallar voru á nokkrum áburðartegundum. Þeir fólust m.a. í að letur hafði máðst af sekkjunum, upplýsingar á sekkjum voru rangar eða ófullnægjandi og í sumum tilfellum voru merkingar á erlendum tungumálum. Samkvæmt reglugerðum skulu merkingar vera skýrar, óafmáanlegar, réttar og á íslensku.

2.2.2. Innland framleiðsla

Matvælastofnun annast eftirlit með innlandri framleiðslu á áburði í samstarfi við héraðsdýralækna og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem hráefni í þessari framleiðslu er að verulegu leyti lífrænt m.a. dýraafurðir snýr það eftirlit fyrst og fremst að framleiðsluháttum og heilnæmi hráefna.

2.3. Fundir og fræðsla

Matvælastofnun tók þátt í Fræðabingilandsbúnaðarins í mars 2011. Sérfræðingur Matvælastofnunar var í undirbúningsnefnd Fræðabingsins. Sérfræðingurinn tók einnig þátt í árlegum fundi um norrænt fóðureftirlit í Noregi í september, ásamt í TAIEX-námskeiði um eftirlit með matvæla- og fóðurvinnslum í september og október og vikunámskeiði um fóðurlöggjöf EB á vegum „Better Training For Safer Food“ í Róm í nóvember.

3. Plöntur

Undir plöntur falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vörutegundum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju.

3.1. Leyfisveitingar

3.1.1. Stofnræktarleyfi

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2011 voru 3 kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna samkvæmt reglugerðinni. Sambandi garðyrkjubænda var veitt leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna en Sambandið hyggst standa að þessari ræktun fyrir hönd kartöflubænda og í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands.

3.1.2. Útsæðisleyfi

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2011 voru 26 bændur með útsæðisleyfi þar með taldir áður nefndir stofnræktendur. Af þeim voru 14 á Suðurlandi, 6 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 5 á Hornafirði.

3.1.3. Vottun viðarumbúða

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15 um hitameðhöndlun eða svælingu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2010 voru 7 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðan trjávið til umbúðagerðar og rúmlega 30 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhituðum viði og merkja. Eru fyrirtæki þessi um allt land.

3.2. Eftirlit

3.2.1. Kartöfluútsæði

Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágúst mánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar-mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð tæp 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: Gullauga, Helgu, Premiere og Rauðum íslenskum.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi. Hringrot greindist hjá tveimur ræktendum í uppskeru ársins 2011 og var annar þeirra með gilt útsæðisleyfi. Hnúðormur fannst ekki hjá kartöflubændum en hann má víða finna í heimilísgröðum og garðlöndum.

3.2.2. Innflutningur plantna og plöntuafurða

Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir þar sem gerð er krafa um heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis er tollafhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun. Í **Töflu IV.3.1** er sýnt hvernig þessi áritun dreifist á vöruflokka og árstíma. Til samanburðar eru sýnd árin 1998 og 2008-2010. Alls voru árituð 762 vottorð árið 2011. Hafa ber í huga að þessar tölur segja einungis til um fjölda sendinga en ekki það magn sem flutt er inn.

Tafla IV.3.1: Fjöldi vottorða árita vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árið 2011

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilinn	Árituð vottorð 2011 á 3 mánaða tímabilum							Vottorð 2011
	Vottorð 1998	Vottorð 2009	Vottorð 2010	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
Græðlingar og smáplöntur	224	139	154	85	32	21	27	165
Blómlaukar og rótarhnyði	148	54	52	14	5	25	11	55
Pottaplöntur	37	28	39	7	4	7	4	22
Garðplöntur, tré og runnar	39	61	62	13	51	11	11	86
Afskorin blóm og greinar	459	145	121	29	28	30	28	115
Jólatré og barrgreinar	45	30	28	0	0	0	28	28
Útsæðiskartöflur	10	4	11	0	5	0	0	5
Matar- og verksmiðjukartöflur	171	147	153	15	42	47	16	120
Mold	36	40	48	17	27	6	2	52
Lífrænar varnir	88	104	104	28	26	26	26	106
Arinviður		4	8	1	2	2	3	8
Samtals	1257	756	780	209	222	175	156	762

Í **Tölum IV.3.2-6** eru hins vegar gefnar magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokka fyrir árin 2006-2011. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, gróðurmold, útsæðiskartöflur, jólatré og jólagreinar.

Tafla IV.3.2: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna árin 2007-2011

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2007	171,1	493,2	796,7	246,9	1707,9
2008	293,6	1433,1	916,3	200,7	2843,8
2009	164,7	925,6	968,3	625,2	2683,8
2010	721,8	1.245,8	697,1	204,6	2869,3
2011	214,7	704,3	835,9	253,9	2008,8

Tafla IV.3.3: Innflutt magn gróðurmoldar árin 2007-2011*

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2007	339,7	419,7	231,2	40,5	1031,1
2008	566,1	375,3	265,3	70	1276,7
2009	292,6	399,5	90,2	45,1	827,4
2010	337,3	421,5	117,5	54	930,3
2011	364,5	538,9	107,5	26,4	1037,3

* Almenn er innflutningur á mold bannaður en þó er heimilt að flytja inn mold sem að meginhluta samanstendur af mosa (Sphagnum) og hefur aldrei verið notuð til ræktunar og inniheldur hvorki óunninn trjábörk eða húsdýraáburð.

Tafla IV.3.4: Innflutt jólatré árin 2007-2011 (fjöldi)

Ár	Fjöldi jólatrjáa fluttur inn árin 2006-2011 (stykki)			
	Nordmannspínur (<i>Abies nordmanniana</i>)	Eðalþínur (<i>Abies procera</i>)	Rauðgreni* (<i>Picea abies</i>)	Samtals (stykki)
Meðaltal 1993-2002	28.066	192	37	28.295
2007	26.462	50	9	26.521
2008	19.518	41	10	19.569
2009	20.325	68	8	20.401
2010	17.880	82	8	17.970
2011	18.216	30	6	18.252

* Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitréjum sem gefin eru af vinabæjum til sveitafélaga hér á landi.

Tafla IV.3.5: Innflutt jólagreni árin 2006-2011 (þyngd)

Ár	Innflutt jólagreni árin 2006-2011 (kg)							
	Nordmannspínur <i>Abies nordmanniana</i>	Eðalþínur <i>Abies procera</i>	Sýprus <i>Chamaecyparis</i>	Silkifura <i>Pinus</i>	Hindartré <i>Cryptomeria</i>	Eskiviður <i>Buxus</i>	Annað	Samtals (kg)
Meðaltal 1993-2002	41.242	13.119	9.609	2.466	807	1.164	190	68.597
2006	33.875	9.275	14.424	4.800	1.225	2.000	790	66.389
2007	38.705	11.120	9.920	4.820	588	1.350	580	67.083
2008	26.524	7.575	10.915	3.665	440	528	100	49.747
2009	27.285	4.470	9.980	2.274	764	712	200	45.685
2010	28.820	5.235	12.725	2.625	2.220	1.075	1.015	53.715
2011	32.910	4.830	11.629	2.560	810	1.060	325	54.124

Tafla IV.3.6: Innflutt magn útsæðiskartaflna árin 2006-2011

Afbrigði/Yrki	Innflutt magn útsæðis árin 2006-2011 (tonn)					
	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Actrice	0	0	0	0	0,5	
Arielle	0	1,5	1	0	0	
Artemis	0	0	0	0	0,5	
Belana	0	1	0	0		
Erika	0	0	0	0	0,7	
Esmeralda	0	0	0	0	0,2	
Fontane	0	0	0	0	0,5	
Inova	0	11	1	0		
Jade	0	0	0	0	0,5	
Jelly	0	0	0	6,2	16	6,1
Lady Claire	0	9,8	0	0	0	
Marabel	0	6,3	6,3	0	0	
Maris Bard	0	0	0	0	0,5	
Mariska	0	0	0	0	0,6	
Metro	0	0	0	0	0,5	
Milva	11	31,8	29,3	23,8	14	27,5
Mustang	0	0	0	0	0,5	0,5
Nicola	0	0	0	0	0,5	
Piccolo Star	0	4,6	0	0	0	
Premiere	52	31	64,5	13	27,5	24
Ratte	0	1	0	0	0	
Salome	0	0	0	0	4,4	12,8
Toluca						0,4
Tilraunayrki	0	0,8	0,2	0	0,9	0,6
Samtals	63	98,8	102,3	43	68,3	71,9

3.2.3. Innflutningur fræja

Þegar flutt eru inn fræ skal tilkynna það til Matvælastofnunar sem gefur út afhendingarheimild með helstu upplýsingum um sendinguna. Alls var á árinu gefin út 201 slík heimild. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í **Tölum IV.3.7-9**.

Tafla IV.3.7: Innflutningur á sáðkorni árin 2008-2011

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)				
		2008	2009	2010	2011	
Bygg, 2 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Barbro (SW Barbro)	19.900	0	20.000	10.200	
	Filippa	300.000	55.000	164.700	116.015	
	Kría (IsKría)	164.275	345.250	264.025	2.000	
	Kunnari	10.000	25.000	20.000	195.375	
	Minttu	0	10.800	39.960	38.880	
	Mitja (SW Mitja)	0	10.000	0	0	
	Rekyl	0	7.560	0	0	
	Skegla	62.800	23.100	0	0	
	Tamtam	0	0	0	1.000	
	Samtals:		556.975	476.710	508.685	423.470
	Bygg, 6 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Elmeri	0	0	0	20.000
Erkki		10.000	25.000	50.000	0	
Lómur (IsLómur)		45.300	42.450	158.100	75.550	
Skúmur (IsSkúmur)		35.300	148.650	0	31.350	
Judit (SW Judit)		50.100	67.200	70.000	90.000	
Jyvä		0	16.200	30.240	22.680	
Kunnari		10.000	25.000	20.000	60.000	
Olavi		0	0	10.000	20.000	
Olsok		68.280	118.800	101.520	14.040	
Pilvi		0	24.000	24.720	24.600	
Tiril		146.880	11.880	72.360	30.240	
Ven		0	0	16.200	6.480	
Samtals:			355.860	454.180	533.140	334.940
Hafrar (<i>Avena sativa</i>)	Belinda	62.100	26.550	18.000	39.150	
	Cilla	38.500	9.700	9.050	18.450	
	Rajtar	0	0	0	4.455	
	Samtals:	100.600	36.250	27.050	62.055	
Hveiti (<i>Triticum aestivum</i>) - vorhv.	Annina	0	0	7.800	4.000	
	vetrarkhv. Arktika	0	0	0	5.000	
	vetrarkhv. Björke	0	0	0	1.000	
	vetrarkhv. Mjølner	4.320	0	0	0	
	vetrarkhv. Stava	0	8.400	15.400	7.700	
	vetrarkhv. Urho	0	0	7.800	2.000	
Samtals:	4.320	8.400	31.000	19.700		
Rúghveiti (<i>Triticosecale</i>)	Dinero	0	2.600	0	0	
Rúgur (vetrar) (<i>Secale cereale</i>)	Reetta	0	0	1.200	3.000	
	Riíhi	1.200	0	1.200	3.000	
	Samtals:	1.200	0	2.400	6.000	
Máis (<i>Zea mays</i>)	Justina	360	0	0	0	

Tafla IV.3.8: Innflutningur á grasfræi árin 2008-2011

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2008	2009	2010	2011
<i>Dactylis glomerata</i> - axhnoðapuntur	Frisk	0	200	0	0
<i>Festuca arundinaceae</i> - Tágavingull	Swaj	0	0	1000	500
<i>Festuca ovina</i> - Sauðvingull	Crystal	1.000	1.500	1.500	1.090
	Hardtop	1.925	1.500	0	0
	Quatro	200	0	0	0
	Samtals:	3.125	3.000	1.500	1.090
<i>Festuca pratensis</i> - Hávingull	Kasper	0	0	500	2.520
	Norild	500	0	0	0
	Pradel	0	0	0	500
	Samtals:	500	0	500	3.020

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)				
		2008	2009	2010	2011	
<i>Festuca rubra</i> – Túnvingull	Aniset	800	0	0	0	
	Bargreen	1.900	0	0	0	
	Belleaire	300	0	0	0	
	Calliope	800	0	0	0	
	Casanova	1.000	0	0	0	
	Gondolin	12.740	3.000	7.038	7.394	
	Lovisa	2.000	5.000	5.000	9.900	
	Maxima 1	300	0	0	0	
	Reptans	2.500	0	0	0	
	Rosita	3.000	0	0	0	
	Rubin	3.000	5.020	5.000	1.990	
	Smirna	300	0	0	0	
	Samtals:		28.640	13.020	17.038	19.284
<i>Lolium multiflorum</i> – Einært rýgresi	- sumaryrki (var. westerwoldicum), ssp. alternativum	Barspectra	31.225	0	18.050	30.000
	Bartigra	20	12.000	9.850	0	
	Caramba	-	2.500	0	0	
	Botrus	9.940	0	0	0	
	Swale	10.000	23.225	8.000	25.000	
	Samtals:		51.185	37.725	35.900	55.000
- vetraryrki (var. italicum), ssp. non-alternativum	Barmultra	48.825	7.000	5.000	13.175	
	Danergo	0	0	9.650	7.425	
	EF 486 ^{Dasas}	4.900	7.000	0	5.050	
	Fredrik	16.880	7.020	10.000	0	
	Malmi	0	3.000	0	0	
	Meroa	0	0	0	15.000	
	Samtals:	70.605	24.020	24.650	40.650	
<i>Lolium perenne</i> – Vallarrýgresi	Bargala	1.000	0	1.000	975	
	Bartwingo	1.000	0	0	0	
	Calibra	0	0	0	3.975	
	Greenfair	200	0	0	0	
	Svea	2.500	0	0	0	
	SW Birger	3.000	4.000	4.000	4.000	
	Taya	2.000	0	0	0	
	Tetramax	6.500	4.600	2.020	0	
	Samtals:	16.200	8.600	7.020	8.950	
	<i>Phleum pratense</i> – Vallarfoxgras	Adda	6.250	0	0	0
Engmo		21.750	4.000	19.525	40.000	
Grindstad		14.050	7.025	8.000	4.400	
Jonatan		12.225	6.000	2.560	4.260	
Korpa		0	800	2.500	2.000	
Noreng		0	0	500	0	
Snorri		4.500	4.725	5.000	27.360	
Switch		0	0	0	1.000	
Tuukka		0	0	0	8.000	
Vega		24.000	27.000	28.000	1.000	
Samtals:		82.775	49.550	66.085	88.020	
<i>Poa pratensis</i> – Vallarsveifgras		Balin	5.500	1.500	5.475	5.500
		Broadway	4.000	0	0	0
	Conni	1.100	675	0	0	
	Julius	500	0	0	0	
	Kupol	1.000	4.798	10.000	0	
	Sobra	30.020	9.000	12.300	10.500	
Samtals:	42.120	15.973	27.775	16.000		
Grasblöndur (m.a. á íþróttavelli og grasflatir)	Ýmis	46.815	52.396	51.671	80.308	

Tafla IV.3.9: Innflutningur á fræi árin 2008-2011 – Ýmsar tegundir

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2008	2009	2010	2011
<i>Beta vulgaris</i> – Fódursykkurófa	Brigadier	1	0	0	0
	Zentaur Poly	1	0	0	0
	Samtals:	2	0	0	0
<i>Brassica napus</i> var. napobrassica – Gulrófa	Vige	5	11	37	17
<i>Brassica napus</i> var oleifera – Fódurrepja	Akela	3.000	0	0	0
	Barcoli	23.150	16.000	2.850	17.325
	Barsica	0	1.975	5.000	2.025
	Delta	4.010	2.000	5.000	6.110
	Galileo	0	0	500	13.000
	Goya	0	0	500	1.000
	Hobson	0	5.000	23.000	0
	Pluto	700	500	0	1.000
	SW Falstaff	50	290	0	0
	Vision	0	0	0	630
	Samtals:	30.910	25.765	36.850	41.090
	<i>Brassica oleracea</i> – Fódurmergkál	Grüner Angeliter	0	500	0
<i>Brassica rapa</i> – Fódurnæpa	Snowball	0	3	0	0
<i>Brassica rapa</i> var. silvestris – Fódurnepja	Cordelia	0	0	0	200
	Largo	0	200	0	1.000
	Samson	0	0	0	250
	SW Petita	0	0	0	120
	Valo	0	0	0	40
	Samtals:	0	200	0	1.610
<i>Medicago sativa</i> – Refasmári	Live	0	0	0	10
<i>Pisum sativum</i> – Grænfóðurertur	Bohatyr	0	0	4.400	0
	Faust	2.000	0	0	0
	Javlo	0	0	9.600	0
	Nitouche	0	2.000	0	0
	Rocket	0	4.320	0	0
	Tinker	0	0	5.000	7.000
	Samtals:	2.000	6.320	19.000	7.000
<i>Trifolium hybridum</i> – Túnsmári	Frida	500	0	0	0
<i>Trifolium pratense</i> – Rauðsmári	Betty	0	500	0	200
	Bjursele	250	1.250	500	0
	Rajah	0	100	0	200
	SW Ares	0	0	500	600
	SW Yngve	0	0	0	500
	Samtals:	250	1.850	1.000	1.500
<i>Trifolium repens</i> – Hvítsmári	Rivendel	0	0	0	200
	Sonja	250	350	0	0
	Undrom	750	1.100	500	1.160
	Samtals:	1.000	1.450	500	1.360

3.2.4. Útflutningur plantna og plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2011 voru gefin út 32 slík vottorð, þar af 20 með vörubrettum úr trjáviði er fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum.

3.2.5. Útflutningur fræja

Eini útflutningur héðan á fræjum er sá sem er á vegum Landgræðslu ríkisins. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til Landbúnaðarháskóla Íslands á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem rannsakað er fyrir hreinleika og spírunarhæfni. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið úr gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2011 voru gefin út alls 3 frævottorð með tegundunum alaskalúpínu, beringspunti og mel.

4. Fóður

Markmið eftirlits með fóðri er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs. Fóðureftirlit fer fram samkvæmt lögum nr. 22 frá 29. mars 1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, ásamt með síðari breytingum. Íslendingar hafa skrifað undir II. kafla, I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem fjallar um dýrafóður. Reglur ESB um dýrafóður, sem sameiginleg nefnd EES hefur samþykkt, taka því gildi hér á landi eftir lögformlega meðferð Alþingis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hverju sinni. Reglugerð ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 107/2010), reglugerð ESB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 106/2010) og reglugerð ESB nr. 1774/2002 sem fjallar um meðferð og notkun dýraafurða sem ekki eru ætluð til mannelis en eru notuð til fóðurgerðar (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 108/2010) hafa allar verið innleiddar í íslenskan rétt. Reglugerð nr. 340 frá 30. apríl 2001, um eftirlit með fóðri, ásamt með síðari breytingum gildir þó enn fyrir gæludýrafóður og aukefni og forblöndur. Á árinu tóku gildi reglugerð ESB nr. 767/2009 um notkun og markaðssetningu fóðurs (innleidd með reglugerð nr. 744/2011) sem fjallar m.a. um flokkun fóðurefna, hráefni sem eru bönnuð í fóður og merkingu fóðurs. Enn fremur tók gildi reglugerð nr. 1038/2010 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs. Einnig eru ákvæði varðandi fóður í öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og um meðferð sláturúrgangs.

4.1. Leyfisveitingar

Í lok árs 2011 voru 190 fóðurfyrirtæki á skrá hjá MAST og hafði fækkað um 8 frá fyrra ári. Innflytjendur fóðurs voru 109 og í árslok voru fóðurframleiðendur 85. Af þessum 85 fóðurframleiðendum höfðu 29 fyrirtæki samþykki MAST til að kaupa og/eða nota aukefni við fóðurframleiðslu skv. 10. gr. reglugerðar ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs. Þar af eru þrjár fóðurverksmiðjur sem framleiða heilfóður og fóðurbæti fyrir flestar tegundir búfjár. Ein verksmiðja framleiðir heilfóður fyrir fisk og 3 framleiða heilfóður fyrir loðdýr. Fjórðán starfsstöðvar svínabúa og 3 loðdýrabú framleiða fóður til eigin nota. Auk þess eru starfandi nokkur fyrirtæki hér á landi sem flytja inn og selja aukefni eða forblöndur aukefna í fóðurgerð. 26 fyrirtæki eru samþykkt vegna framleiðslu fóðurs úr afurðum dýra skv. reglugerð ESB nr. 1774/2002 um meðferð og notkun afurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis, þ.a. eru 11 fiskimjòls- og lýsisframleiðendur.

4.2. Eftirlit

Eftirlit með fóðri felst m.a. í skráningu allra nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu eru innihaldslýsing og notkunarlýsingar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki MAST gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Innlend fóðurfyrirtæki eru heimsótt, innra eftirlit fyrirtækja sannreynt og sýni tekið með slembiúrtaki af framleiðslu til greiningar. Í sýnum eru fyrst og fremst greind ýmis óæskileg efni, þungmálmar og aukefni, sem sett hafa verið mörk á hversu mikið megi vera af í fóðri.

Í kjölfar nýrra reglugerða hófst á þessu ári eftirlit með fóðurframleiðslu og fóðrun hjá bændum sem ala dýr til matvælaframleiðslu. Búfjäreftirlitsmenn í Ölfus- og Ásahreppi og Rangárþingi eystra riðu á vaðið og skoðuðu m.a. skráningu fyrirtækja, meðferð fóðurs, þrifnað, meindýravarnir og rekjanleika hjá bændum. Eftirlitið skoðaði hjá 270 bændum og voru engar athugasemdir gerðar hjá 151, athugasemdir eingöngu vegna meindýravarna hjá 89 bændum og aðrar athugasemdir voru gerðar hjá 32 bændum.

4.2.1. Niðurstöður eftirlits

Á árinu bárust 1244 tilkynningar um innflutning á 83.400 tonnum af fóðri. Hefur tilkynningum um innflutning fjölgað nokkuð síðustu ár, voru 1139 árið 2010 og 953 árið 2009. Tonnum hefur hins vega fækkað nokkuð, voru 83.369 árið 2011 en 86.400 tonn árið 2010 og u.þ.b. 79.800 tonn árið 2009.

* Sjá 3. gr. reglugerðar ESB nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, innleidd með íslenskri reglugerð nr. 102/2010 sem tók gildi 1. mars 2010.

Fyrirtæki fengu 147 nýjar fódurtegundir skráðar á árinu, sem er örlítið fleiri en á síðasta ári, 142, en svipað og 2009, 145 tegundir. Af nýskráðum tegundum voru 14 frá löndum utan EES-svæðisins (voru 7 árið 2010 og 18 árið 2009), 14 voru framleiddar á Íslandi (13 árið 2010 og 34 árið 2009) og því 119 tegundir framleiddar í öðrum EES-ríkjum (voru 122 árið 2010 og 93 árið 2009).

Tafla IV.4.1: Innflutningur og innlend framleiðsla eftir dýrategundum 2011 (2010)

Dýrategund	Fjöldi tilkynninga um innfl.	Heildarinnfl. á fódri (tonn)	Innlend framleiðsla (tonn) ¹
Jórturdýr	516 (335)	5.204,1 (4.767)	29.651 (25.979)
Alifuglar	209 (146)	1.999,5 (1.597)	27.212 (23.425)
Svín	214 (221)	812,9 (827)	21.353 (24.036)
Fiskar	70 (71)	2.619,7 (2.546)	8.503 (7.106)
Loðdýr	33 (29)	437,9 (377)	132.877 (27.254) ²
Hross	122 (90)	214,7 (219)	254 (190)
Gæludýr	563 (463)	2.480,7 (2.258)	3.495 (334)
Óskilgreint	289 (204)	69.600,2 (69.230) ³	394.219 ⁴ (223.243)
Hunangsflugur	0 (2)	0,0 (0,011)	0 0

¹ Bráðabirgðatölur í mars 2012.

² Tölur frá 2010 sýna eingöngu framleiðslu í loðdýrabúum og 3 fódurstöðvum. Tölur frá 2011 sýna einnig framleiðslu loðdýrafóðurs úr fiskafurðum til útlutnings.

³ Undir óskilgreint fellur innflutningur á mais og sojamjöli og öðrum skipsförmum af kornvöru sem fer í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

⁴ Innlend framleiðsla á fiskimjöli, lýsi, korni, þörungamjöli og fleiri fódurefnum sem notuð eru í fóður fyrir margskonar dýrategundir.

Á árinu voru 47 (51 árið 2010) starfsstöðvar fódurfyrirtækja heimsóttar, teknar út og skoðaðar. Nokkrar af þeim þurftu að heimsækja oft en einu sinni og urðu eftirlitsheimsóknir því 52 (68 árið 2010).

22 sýni af fódri voru tekin, á móti 81 sýni árið 2010 og 64 sýnum árið 2009. Af þessum 22 sýnum voru 8 af gæludýrafóðri sem greind voru m.a. með tilliti til salmonella og saurgerla og reyndist ekkert sýni jákvætt. Þrjú sýni voru greind með tilliti til díoxíns og díoxín-líkra PCB-efna og reyndust þau öll undir heimilum mörkum. Ýmis óæskileg efni eins og arsen (3), blý (2), kvikasilfur (2), sveppaeitur (6) og fúkkalyf (4) voru greind í fódursýnum auk smásjargreiningar á kjötmjöli í 3 sýnum. Niðurstöður voru á einn veg, allar mælingar voru undir heimilum mörkum.

Salmonella greindist í einu sojamjölssýni sem tekið var í skipsfarmi. Einnig greindist Cyanuracid í gæludýrafóðri, sem í kjölfarið var tekið af markaði. Eftir endurskoðun á framleiðslu og greiningu á nýrri framleiðslu var fódrið sett aftur á markað.

4.3. Fundir og fræðsla

Starfsmenn fódureftirlits MAST tóku þátt í árlegum fundi norrænna fódureftirlitsstarfsmanna með starfssystkinum í Eystrasaltlöndum sem að þessu sinni var haldinn í Noregi í lok september. Í tengslum við þann fund var haldinn norrænn samstarfsfundur um túlkun reglugerðar um notkun aukaafurða úr dýrum, sem ekki eru ætlaðar í matvæli.

Enn fremur fóru starfsmenn fódureftirlitsins á námskeið um nýjar reglugerðir ESB um fóður og tóku þátt í TAIEX-námskeiði um flokkun fyrirtækja.

5. Fiskur og fiskafurðir

Í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á árinu 2010 í laga- og reglugerðarumhverfi fyrir fisk og fiskafurðir (lagarafurðir) var ákveðið að hætta að fela faggiltum skoðunarstofum að annast reglubundið eftirlit í fiskvinnslum og skipum í umboði stofnunarinnar. Frá 1. mars 2011 hefur því reglubundið eftirlit færst til Matvælastofnunar (MAST). Lauk þá rúmlega 18 ára einstæðri sögu í matvælaeftirliti þjóðarinnar, en aldrei áður svo vitað sé, hafði hvorki hér á landi eða erlendis, opinberu matvælaeftirliti verið komið í hendur einkafyrirtækja í svo ríkum mæli. Matvælastofnun þakkar skoðunarstofum og starfsfólki þeirra fyrr og síðar fyrir þeirra framlag til eftirlits innan sjávarútvegsins.

Með þessari breytingu var ráðist í gagngerar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits sem að hluta til er komið á og að hluta mun koma til framkvæmda á árinu 2012. Í eftirlit með sjávarafurðum voru ráðnir 3 menn til viðbótar þeim tveimur sem fyrir voru og höfðu annast eftirlit vegna leyfisveitinga, eftirfylgni og samanburðar.

Lokið var við nýja skoðunarhandbók og hafin smíði gagnagrunns sem ætlað er að halda utan um leyfisveitingar og stöðu þeirra, skýrslur og áætlanir eftirlitsheimsókna o.fl. Þessi vinna við gagnagrunnin hefur reynst tímafrek en á móti kemur að grunnurinn nýtist svo til í öllu eftirliti sem Matvælastofnun hefur á hendi. Á sama hátt var skoðunarhandbókin aðlöguð að öðrum greinum og mun verða gefin út sem skoðunarhandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu.

Með tilkomu gagnagrunnsins ÍS-LEYFS, eins og hann er nefndur, hafa rafrænar skoðunarskýrslur tekið við af handskrifuðum skýrslum.

5.1. Leyfisveitingar

Innan fiskvinnslu og útgerðar hefur lengi verið talað um starfsleyfi og vinnsluleyfi. Í lögum um sjávarafurðir er gerður greinarmunur á þessum leyfum og það sem greindi á milli þessara leyfa var umfang eigin innra eftirlits leyfishafanna.

Til samræmis við önnur svið matvælaframleiðslu sem Matvælastofnun hefur aðkomu að verður hér eftir talað um starfsleyfi eða einfaldlega „leyfi“. Stofnunin gefur m.a. út ýmsar leiðbeiningar og reynt er að hafa þessar leiðbeiningar þannig að þær gildi fyrir flestar framleiðslugreinar, hvort heldur þær eru fiskvinnsla, mjólkur- eða kjötfraðsla og er þá eðlilegast að notuð séu sömu hugtök.

Matvælastofnun veitir fiskvinnslufyrirtækjum, frysti- og vinnsluskipum leyfi til framleiðslu lagarafurða, hefur umsjón með reglubundnu eftirliti með starfsleyfishöfum og áminnir eða sviptir þá leyfum, gerist þeir brotlegir við gildandi lög og reglur.

Þegar starfsleyfi er veitt er gefið út sk. „samþykkisnúmer“ en eldri leyfisnúmer (IS-númerin) voru felld niður. Samþykkisnúmerin eru þannig leyfisnúmer viðkomandi vinnslu og skulu sett fram í sporöskjulöguðu auðkennismerki.

Matvælastofnun annast upphafsskoðun hjá þeim aðilum sem ráðgera að hefja fiskvinnslu og þegar umsækjandi uppfyllir kröfur um grunnvirki og búnað er honum veitt skilyrt leyfi til 3ja mánaða. Á þessum þremur mánuðum skal lokið við að innleiða og virkja gæðakerfi framleiðslufyrirtækisins. Innra eftirlit, hættugreining og uppsetning eftirlits með mikilvægum stýristöðum (MSS) telst hins vegar hluti grunnvirkis og skal vera tilbúið þegar skilyrt leyfi er gefið út. Í lok gildistíma skilyrts leyfis er gerð önnur skoðun hjá umsækjanda og honum veitt leyfi að því tilskildu að öllum úrbótum sé lokið og innra eftirlit sé virkt. Heimilt er, ef lítið ber út af, að framlengja skilyrt leyfi einu sinni, lengst til 3ja mánaða til viðbótar.

Stofnunin veitir einnig veiðiskipum, öðrum en frysti- og vinnsluskipum, starfsleyfi en þar sem fiskveiðar teljast til frumframleiðslu er þeim ekki veitt samþykkisnúmer. Í lok árs var fjöldi þeirra báta sem voru með starfsleyfi, 1190 en þar af eru 950 undir 15 brúttótonnum að stærð.

Í lok árs 2011 voru 358 starfsstöðvar í fiskvinnslu og útgerð með samþykkisnúmer, þar af 312 til landvinnslu og 42 frysti- og vinnsluskip.

5.1.1. Endurskoðun eldri starfsleyfa til fiskvinnslu

Þar sem fiskvinnslufyrirtæki sem voru starfandi fyrir 1. mars 2010 fengu leyfi sín framlengd /endurútgöfin án sérstakrar úttektar á grundvelli hinna nýju reglna Evrópusambandsins sem tóku gildi þann dag fyrir fisk og fiskafurðir, var ákveðið að heildarskoðun færi fram í fyrirtækjunum þar sem tekið væri út skv. hinum nýju kröfum, sem settar eru fram í skoðunarhandbók MAST. Sú vinna hófst að loknum sumarleyfum starfsmanna 2011 og mun ljúka með vorinu 2012.

Gerðar verða a.m.k. 2 skoðanir og framleiðendum gert skylt að ljúka úrbótum á frávikum eða í stöku tilvikum að koma úrbótaferli af stað. Í þessari vinnu hefur verið lagt upp úr eigin frumkvæði leyfishafa og jákvæðum skilningi, enda hefur hvergi komið til nokkurra alvarlegra afskipta.

5.2. Eftirlit

5.2.1. Eftirlit á vettvangi

Fyrstu 2 mánuði ársins önnuðust faggiltar skoðunarstofur eftirlit á vettvangi. Eftirlitsmenn Matvælastofnunar tóku við því hlutverki og hefur eftirlitsstarfsemi Matvælastofnunar á því sviði breyst verulega, Landinu er nú skipt í 4 eftirlitssvæði og eru tveir eftirlitsmenn með starfsaðstöðu á Selfossi og nær þeirra svæði yfir Suðurland, Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Snæfellsnesið og sunnanverða Vestfirði. Tveir eftirlitsmenn eru með starfsstöð á Sauðárkróki og nær þeirra svæði yfir norðanverða Vestfirði, Norðurland Vestra, Norðurland Eystra og Austfirði t.o.m. Höfn. Þessari svæðaskiptingu verður líklega eitthvað breytt þegar áhættumiðað eftirlit tekur við en þá mun tíðni eftirlits verða nokkuð misjöfn eftir því hvert eðli og umfang framleiðslunnar er.

Auk hinna fjögurra sérfræðinga sem annast að mestu hið reglubundna eftirlit, starfar einn sérfræðingur einkum að samræmingu í eftirliti, hefur umsjón með skoðunarhandbók og gagnagrunni auk þess sem hann annast stóran hluta leyfisúttekta. Fagsviðsstjóri sjávarafurðaeftirlits annast síðan leyfisveitingar og hefur ábyrgð á framkvæmd og skipulagi eftirlitsins. Auk þess koma að eftirlitinu forstöðumaður sem og aðrir fagsviðsstjórar og sérfræðingar Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs og Stjórnsýslusviðs.

Fyrstu verkefni eftirlitsmanna eftir að skoðunarstofur létu af eftirliti 1. mars 2011, var að leiðbeina leyfishöfum um þær breytingar sem urðu með lagabreytingunni 2010 og innleiða ýmis ákvæði sem löggjöfin og hin nýja skoðunarhandbók gerir ráð fyrir. Þar má nefna innleiðingu á notkun viðhalds- og úrbótaáætlana út frá eigin eftirliti með stöðu bygginga, búnaðar og þeim atriðum í innra eftirliti sem sannpröfun hefur leitt í ljós að er ábótavant. Þá hafa mörg fyrirtæki einnig notað þessar áætlanir til að halda utan um þau frávik sem fram koma í eftirliti MAST. Tilgangurinn er að auka ábyrgðarvitund leyfishafa og jafnframt að virkja innra eftirlit hans. Á móti kemur að eftirlitsmaður MAST mun líta svo á að frávik sé undir stjórn og setur það ekki á skýrslu að því tilskildu að tími til úrbóta sé eðlilegur og að áætlunin sé virk að mati eftirlitsmannsins. Einnig er gert ráð fyrir að leyfishafi hafi rétt á að haga starfsemi sinni að eigin óskum, en þurfi í staðinn að hafa tiltækar lýsingar á verklagi og geta sýnt fram á að verklagið sé í lagi m.t.t.öryggis matvælna.

Þá var einnig unnið eins konar stöðumat m.t.t. þeirra breytinga sem verða þegar „áhættumiðað eftirlit“ verður tekið upp á árinu 2012. Sjá nánari umfjöllun í kafla III.3 um áhættumiðað eftirlit. Með tilkomu þess verða veigamiklar breytingar einkum m.t.t. eftirlitstíðni sem og hvernig frammistaða leyfishafa sjálfra mun skipta máli, ekki síst varðandi kostnað þeirra af eftirlitinu.

5.2.2. Samræmi í skoðunum

Eins og áður er sagt leggur Matvælastofnun mikið upp úr því að samræmi sé í störfum eftirlitsmanna. Í því skyni hefur stofnunin gefið út fjölda leiðbeininga sem finna má á vef stofnunarinnar <http://mast.is/innraeftirlit>. Í undirbúningi er að í mars 2012 verði gefin út ein skoðunarhandbók fyrir öll matvæli úr dýraríkinu. Þá skapast vettvangur til breiðari samræmingar ekki síst milli greina, en stærsti hluti krafna til matvælafyrirtækja er hinn sami. Til þess að samræmi verði í störfum eftirlitsmanna í mismunandi greinum, þarf stofnunin að stuðla að eftirlitsmenn geti fylgt eftir störfum eftirlitsmanna í öðrum greinum. Jafnframt verður komið á þverfaglegu teymi sem hittist reglubundið og fer yfir vafaatriði og túlkanir á löggjöf.

5.2.3. Eftirlit um borð í skipum og með aflameðferð við landanir

Matvælastofnun hafði samvinnu við Veiðistjórnarsvið Fiskistofu sem hefur sent til Matvælastofnunar ábendingar um frávik sem hefur ekki verið sinnt og/eða geta skert öryggi afurða sem meðhöndlaðar eru um borð, verði þau ekki lagfærð innan skamms tíma. Þessar ábendingar eru hluti af skýrslu þess veiðieftirlitsmanns sem fór í veiðiferð með skipinu. Veiðieftirlitsmenn hafa um nokkurra ára skeið einnig fylgst með meðferð afla við landanir og mælt hitastig í lönduðum afla.

Um sumarið var gert átak í þessum málum fyrir tilstuðlan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem fjármagnaði átakið að hluta. Matvælastofnun réð fjóra starfsmenn en störf þeirra nýttust vel í þetta átaksverkefni. Þeirra verkefni var skilgreint þannig:

- Könnun á aflameðferð við og eftir löndun
- Mælingar á hitastigi í lönduðum afla
- Könnun á aðstöðu til löndunar á viðurkenndum löndunarhöfnum
- Skynmat á lönduðum afla og afla sem boðinn er upp á fiskmörkuðum
- Könnun á aðstæðum í flutningi afla frá löndunarstað/fiskmarkaði til kaupanda.

Hluti af niðurstöðum mælinga og athugana starfsmannanna fjögurra var notaður í skýrslu sem Matís gaf út um gæði strandveiðiafla ársins 2011. Niðurstöður skýrslunnar sýna umtalsverða framför milli ára varðandi meðferð og kælingu afla um borð í strandveiðibátum. Hins vegar er slæging á afla áhyggjuefni og er nokkuð komið inn á þau mál í skýrslu Matís.

Mælingar og önnur gagnasöfnun fór fram í júní, júlí og ágúst. Að gagnasöfnun komu starfsmenn Matvælastofnunar, Fiskistofu, Matís og fiskmarkaða og er skýrslan gefin út af Matís, sem bæði starfsmenn Fiskistofu og Matvælastofnunar eru meðhöfundar að. Hitastigsmælingar, athuganir á annarri aflameðferð, söluskýrslur fiskmarkaða sem og viðtöl við sjómenn og kaupendur, voru meginaðferðir sem beitt var við öflun gagna. Skýrsluna má finna á vef Matvælastofnunar í frétt sem birt var 16. september 2011.

5.2.4. Sérstök verkefni

ESA hefur ítrekað gert athugasemdir við meðferð umbúða í matvælafyrirtækjum. Matvælastofnun tók saman leiðbeiningar um meðferð umbúða sem kynntar voru fyrir matvælafyrirtækjum og birtar á vef MAST. Einnig var eftirlitsverkefni skipulagt þar sem meðferð umbúða í matvælafyrirtækjum var könnuð. Verkefnið var lagt fyrir Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna og eftirlit Matvælastofnunar. Markmiðið var að fylgja eftir athugasemdum ESA og skoða hvort meðferð umbúða var í samræmi við kröfur reglugerða og þeirra leiðbeininga sem MAST hafði gefið út. Niðurstöður verkefnisins má sjá í skýrslu sem var gefin út í janúar 2012 og birt á vef MAST undir Eftirlitsnidurstodur - Eftirlitsverkefni.

Í desember 2010 var framleiðendum saltfisks sent bréf þar sem athygli var vakin á ólögum þess að nota fosföt við saltfiskframleiðslu. Þessu bréfi var fylgt eftir með eftirlitsheimsóknum í byrjun árs 2011 þar sem lögð var sérstök áhersla á að skoða hvort fosföt eða önnur ólögleg efni væru notuð við framleiðslu á saltfiski. Niðurstaða MAST, eftir að hafa farið í flestar saltfiskvinnslur, var að saltfiskframleiðendur höfðu brugðist við fyrirmælum MASTog hætt notkun fosfata í desember 2010.

Í framhaldinu leituðu saltfiskverkendur að heppilegu efni, sem hefði sambærileg áhrif á lit saltfisksins og fjölfosfötin. Matvælastofnun fylgdist með því að þau efni sem prófuð voru, væru lögleg. Umsókn eins fjölfosfatframleiðanda til ESB um að leyfa efnið í saltfiskframleiðslu er í vinnslu hjá aukefnanefnd ESB.

5.2.5. Skoðanir Matvælastofnunar í umboði rússneskra matvælayfirvalda

Matvælastofnun annast úttektir hjá íslenskum fyrirtækjum og vinnsluskipum sem óska eftir að gerast framleiðendur fyrir rússneskan markað. Samkomulag um þetta var gert í tveimur áföngum, árið 2008 og 2009. Hefur þetta samstarf gengið vel en að undanförmu hefur lengst sá tími sem líður frá því að Matvælastofnun tilkynnir að fyrirtækin uppfylli rússneskar kröfur, þar til að fyrirtækin eru tekin inn á lista yfir samþykka framleiðendur. Hefur frekar dregið úr því að fyrirtæki óski þess að fá heimild til framleiðslu fyrir Rússland, enda nú þegar um 20% íslenskra fiskvinnslufyrirtækja og skipa samþykkt.

5.2.6. Skráningar framleiðslufyrirtækja í löndum utan EES

Nokkur ríki utan EES hafa óskað eftir milligöngu Matvælastofnunar við samþykki á fyrirtækjum og vörum þess. Það hefur færest í aukana að ríki utan EES óski sérstakrar skráningar framleiðslufyrirtækja sem framleiða vörur inn á þeirra markaði. Má þar nefna Brasilíu, Kóreu og Víetnam.

5.2.7. Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA

Engin eftirlitsheimsókn vegna vinnslu sjávarafurða var af hálfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA á árinu 2011. Síðasta heimsókn þeirra var í nóvember 2010. Úrbótaáætlun vegna athugasemda sem þar komu fram var gerð og hefur verið unnið að henni á árinu.

Ekki liggur fyrir hvenær ESA hyggst næst koma í eftirlit með sjávarafurðum.

5.2.8. Opinberar sýnatökur

Makrill og síld teljast til fisktegunda sem innihalda töluvert magn af amínósýrunni histidín. Við vöxt ákveðinna örvera er þessi amínósýra brotin niður og getur myndar efni sem kallast histamín. Við neyslu á fisk sem inniheldur mikið af histamíni geta komið fram ákveðin eitrunaráhrif s.s. roði í húð, höfuðverkur, ógleði og kviðverkir. Kæling frá veiðum og í vinnslu er mjög mikilvæg til að koma í veg fyrir myndun histamíns. Sjá nánar leiðbeiningar MAST um histamín á vef MAST undir innra eftirlit. MAST tók 27 sýni af makríl úr 3 lotum til að kanna magn histamíns. Niðurstöður sýndu að öll þessi 27 undirsýni voru undir greiningarmörkum mæliaðferðarinnar þ.e. magn histamíns var minna en 5 mg/kg. Þetta eru jákvæðar fréttir og gefa vísbendingu að þær vinnsluáðferðir sem notaðar eru hér á landi komi í veg fyrir myndun histamíns í þessum afurðum.

Tekin voru alls 118 sýni af reykum og gröfum fisk af markaði til að kanna Listeriu monocytogenes í þessum afurðum. Verkefnið var unnið í samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna. Greint er frá niðurstöðum í kaflanum um súnur.

5.3. Fundir og fræðsla

5.3.1. Námskeið DG SANCO

Tveir starfsmenn á MÖN sóttu námskeið um úttektir á HACCP-kerfum sem var skipulagt af DG Sanco¹, annar í júní og hinn í október.

5.3.2. TAIEX-aðstoð

Matvælastofnun hefur notið aðstoðar TAIEX (Technical Assistance Information Exchange Instrument) til að skipuleggja fræðslu og þjálfun fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Einnig styrkti TAIEX kynningarfundir fyrir hagsmunaaðila.

- 3.- 4. október 2011: Starfsmaður MÖN sótti námskeið í Belgráð í Serbíu um samþykki og skráningu matvælafyrirtækja.
- 8. – 11. ágúst 2011. 5 starfsmenn MÖN fóru til Danmerkur þar sem þeir kynntu sér framkvæmd leyfisveitinga og eftirlits. Farið var í eftirlit í nokkur matvæla- og fódurfyrirtæki.
- 29. – 30. ágúst 2011. 3 danskir sérfræðingar tóku út nokkur matvæla- og fódurfyrirtæki á Íslandi. Tilgangurinn var að meta stöðu íslenskra fyrirtækja og framleiðslugreina og benda á það sem þeim þótti ábótavant.
- 31. ágúst – 3. september 2011. Námskeið fyrir starfsmenn MAST og HES sem sinna eftirlit með matvæla-fyrirtækjum sem framleiða matvæli úr dýraafurðum. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru danskir sérfræðingar.
- 25. – 26. október 2011. Kynningarfundir í Reykjavík og á Akureyri fyrir matvælafyrirtæki sem framleiða matvæli af dýrauppruna kynntar sem og úttektir Matvælastofnunar og leyfisveitingar.

5.3.3. Þjálfun skipulögð innan Matvælastofnunar fyrir starfsmenn

Í febrúar og mars hófu 3 nýir starfsmenn störf innan fiskeftirlitsviðs og hafa þeir fengið skipulagða þjálfun og fræðslu varðandi löggjöf, eftirlit og notkun skoðunarhandbókar (kröfugerð). Lögð hefur verið mikil áhersla á þjálfun í úttektum. Hefur allt að 18 vinnudögum verið varið til þjálfunar og fræðslu hjá hverjum nýjum starfsmanni, sumt á fræðslufundum og annað í þjálfun á vettvangi.

Matvælastofnun skipulagði í apríl tveggja daga námskeið um uppbyggingu matvælaöggjafar Evrópusambandsins, þar sem áhersla var lögð á hollustuhátta- og eftirlitsreglugerðir sambandsins fyrir þá sem starfa við eftirlit með sjávarafurðum.

¹ Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar EB á sviði heilsu og neytendamála (DG SANCO).

6. Grænmeti og ávextir

Matvælastofnun fer með eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fódri og reglugerð 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum. Með reglugerð 758/2010 sem setur viðauka við reglugerð 672/2008 voru hámarksleifar varnarefna samræmdar því sem er í Evrópusambandinu og þar með á EES. Að auki setur reglugerð nr. 722/2010 um samræmda eftirlitsáætlun Evrópubandalagsins fyrir árin 2009, 2010 og 2011 með varnarefnaleifum nánar upp hvaða áherslur skuli setja á eftirlitið á hverju ári.

6.1. Leyfisveitingar

Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem dreifa grænmeti og ávöxtum er í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði og veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar (sjá kafla IV.3).

6.2. Eftirlit

Tafla IV.6.1: Sýnafjöldi eftir flokkum ávaxta og grænmetis

Árið 2011 voru tekin 268 sýni af ávöxtum og grænmeti, bæði af innfluttu og innlendri framleiðslu, til eftirlits með leifum varnarefna. 114 sýni voru tekin af ávöxtum, allt erlend framleiðsla og 154 af grænmeti, þar sem um helmingur var íslensk framleiðsla. 8 sýni að auki voru tekin til mælinga eftir að varnarefnaleifar greindust yfir hámarksgildum, samtals um 276 sýni. Sýnatökur dreifðust á tímabilið frá byrjun febrúar fram í miðjan desember.

Flest fyrirtæki sem flytja inn ávexti og grænmeti eru staðsett á eftirlitssvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Matvælasvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók sýni tvisvar til fjórum sinnum í mánuði hjá innflutningsaðilum og dreifingaraðilum á höfuðborgarsvæðinu, 6-12 sýni í hverri sýnatökuferð.

Sýnategund	Fjöldi
Aldingrænmeti	53
Rótarávextir og hnyði	43
Sítrusávextir	33
Ýmsir ávextir	30
Kál	28
Kjarnaávextir	28
Ber og smáaldin	14
Laukar	10
Steinaldin	9
Stöngulgrænmeti	9
Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir	8
Sveppir	3

Árið 2011 voru ekki tekin sýni vegna mælinga á nitrati í grænu blaðgrænmeti.

Tafla IV.6.2: Upprunalönd sýna í varnarefnaeftirliti

6.3. Rannsóknir

Matvælastofnun gerði samning við Matís ohf. um mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Varnarefnaleifar eru mældar á rannsóknastofu Matís ohf. á Akureyri og voru sýni send til Akureyrar á sýnatökudegi.

Skimað var fyrir leifum 61 varnarefnis á rannsóknastofu Matís ohf.

Af sýnunum 268 mældust 171 (63%) án þeirra varnarefnaleifa sem skimað var fyrir. Önnur sýni innihéldu leifar eins eða fleiri efna, en 4 sýni reyndust innihalda leifar fjögurra mismunandi efna. Efnin sem oftast greindust voru ímasalí 44 (16%), fosalón 25 (9%), þiabendasól 18 (7%), sýródínlí 16 (6%), klórpyrifos 8 (3%). Af þessum fimm efnum sem oftast greindust er eitt skordýraeitur (klórpyrifos) og hin eru sveppaeyðar/sveppaeitur.

Í einu innlendu sýni af gulrófum greindust leifar varnarefnisins dímetóat yfir hámarksgildi. Varan var tekin úr dreifingu og fylgt eftir með endurtökusýnum. Í 5 erlendum sýnum (1,8%) greindust leifar varnarefna yfir hámarksgildum. Frekari dreifing vörunnar var stöðvuð og fylgst með næstu tveimur sendingum frá sama framleiðanda ef flutt var meira inn frá honum.

Af framangreindu má vera ljóst að ástand ávaxta og grænmetis á markaði hérlendis er gott. Þó er brýn þörf á að fjölga þeim efnum sem skimað er fyrir. Krafa þar að lútandi kemur einnig fram í reglugerð ESB nr 1274/2011 um samræmda

Sýnategund	Fjöldi
Ísland	70
Spánn	60
Hollandi	51
Brasilía	14
Kosta Ríka	12
Suður-Afríka	9
Önnur lönd	52
Alls	268

eftirlitsáætlun bandalagsins fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til að tryggja að reglum um hámarksgildi sé fylgt og til að meta fæðutengd váhrif neytenda vegna varnarefnaleifa í og á matvælum af jurta- og dýrauppruna. Þar er einnig krafa um að skimað verði fyrir varnarefnaleifum í kornvöru og dýraafurðum. Ísland hefur óskað eftir fresti til 3 ára til að uppfylla kröfur um mælingar sem fram koma í þeirri reglugerð.

Ástæða er til að benda á að þau hámarksgildi sem sett eru fyrir varnarefni eru alla jafnan mjög lág og magn þeirra sem finnast kann í matvælum á að vera langt undir því sem hugsanlega gæti verið varasamt heilsu manna.

7. Kjöt og kjötafurðir

Starfandi sláturhús voru 16 á árinu.

Tafla IV.7.1: Magn slátrunar hjá sláturleyfishöfum og hlutdeild markaðar

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.
Sláturfélag Suðurlands	2.183	304.773	5.575	917.226	101.674	1.667.323	10.898	861.161		
Sláturhús KVH	913	109.741	1.323	276.298	87.318	1.482.055				
SAH Afurðir	2.039	210.192	1.559	295.619	106.233	1.775.492				
Kaupfélag Skagfirðinga	768	103.868	1.273	219.071	114.018	1.868.573	52	3.969		
Norðlenska / Norðl. Höfn	96	12.359	4.615	852.435	111.696	1.808.167	11.553	929.114		
B. Jensen	361	57.426	1.383	273.618			5.908	533.793		
Sláturhúsið Hellu	671	78.747	5.092	957.964			369	27.925		
Sláturfélag Vopnirðinga	7	1.366	298	66.025	30.201	492.769				
Fjallalamb					30.670	492.850				
Stjörnugrís							47.040	3.688.442		
Ísfugl									749.750	1.267.398
Matfugl									2.064.117	3.017.677
Reykjagarður									1.875.613	2.955.424
Samtals	7.038	878.472	21.118	3.858.256	581.810	9.587.229	75.820	6.044.404	4.689.480	7.240.499

7.1. Leyfisveitingar

Ekki voru veitt ný starfsleyfi til sláturhúsa á árinu.

7.2. Eftirlit

Daglegt eftirlit er á höndum héraðsdýralækna. Sérgræinadýralæknir fóru einnig í húsin mismunandi oft eftir eðli og umfangi starfsemi. Framkvæmdir voru úttektir á innra eftirliti og á störfum héraðs- og eftirlitsdýralækna. Almenn er staðan góð í sauðfjárslátrun. Evrópureglugerðir tóku gildi hér á landi 1. nóvember 2011. Þau sláturhús sem ekki höfðu tilskilin leyfi brugðust við með endurbótum og skipulagsbreytingum og skiluðu úrbótaáætlunum. Umtalsverðar breytingar til batnaðar hafa orðið í þessum geira á síðustu mánuðum 2011. Framkvæmd eftirlits með kjöt- og mjólkurvinnslum var með hliðstæðum hætti. Við úttektir var notuð ný skoðunarhandbók MAST.

Flest sláturhús, kjötvinnslur og mjólkurstöðvar sem ekki uppfylltu skilyrði í lok árs 2011, hafa fengið skilyrt eða fullnaðarleyfi í byrjun árs 2012.

7.2.1. Yfirkjömat

Yfirkjömat Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjömat
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum.
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla

- Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa.
- Meta hæfni þeirra.
- Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjömat og störf kjötmatsmanna.
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2011 var haft eftirlit með kjötmati í 11 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 9 þeirra, svínunum í 7 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Í þessum húsum er alls 31 kjötmatsmaður skráður með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatsmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatsins var með eðlilegum hætti en í nokkrum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni. Fagsviðsstjóri og yfirkjötmatsmaður tóku þátt í samræmingaræfingu í EUROP-mati á lambaskrokkum með breskum og norskum yfirkjötmatsmönnum í byrjun ágúst. Æfingin fór fram í Wales.

Fagsviðsstjóri fór í byrjun október til Noregs á vegum norska yfirkjötmatsins, Animalia, að leiðbeina um notkun ICEMEAT, íslenska mælisins til að mæla síðufitu á lambsskrokkum en Animalia hefur fest kaup á slíkum mælum.

Ytri úttekt á kjötmati lambaskrokka fór fram í sauðfjársláturhúsum landsins dagana 17.10.-21.10. 2011. Til verkefnisins voru fengnir tveir erlendir yfirkjötmatsmenn, frá Englandi og Noregi. Heildarniðurstöðurnar sýna að EUROP-matið á Íslandi er ágætlega sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndunum. Úttektin leiddi í ljós atriði sem úrbóta er þörf á og mun Matvælastofnun vinna að þeim.

Af niðurstöðum kjötmatsins má nefna að árið 2011 var meðalvigt sláturlamba, 15,78 kg, 0,16 kg lægri en metárið 2010. Framleiðsla lambakjöts jókst þó um 183,4 tonn (2,2%) milli ára. Holdfyllingarmat var áfram að meðaltali mjög gott. Hlutfall skrokka í tveimur bestu flokkunum (E og U) lækkaði þó um rúm 2% á milli ára í 27,2%. Fitustig lækkaði nokkuð. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) fór úr 11,2% í 10,2%.

Framleiðsla á nautgripakjöti var 3852,3 tonn, 36,7 tonnum (0,94%) minni en 2010, samdrátturinn fólst í kýrkjöti. Skipting í matsflokkka var svipuð og árið áður, þó heldur betri á ungneypaskrokkum. Árið 2011 fóru 9,9% skrokka í úrvalsflokk en 6,9% árið 2010.

Framleiðsla grísakjöts dróst saman um 113,2 tonn (1,8%) milli ára og hefur ársframleiðslan minnkað um 270 tonn síðan 2009.

Eftir mikinn samdrátt í hrossakjötsframleiðsu árið 2010 varð nú aukning milli ára um 80,0 tonn (10,0%). Framboð af hrossum til slátrunar 2011 jókst mjög þegar líða tók á árið.

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokkka eru birtar í töflum í Viðauka 3 (VIII.3).

7.3. Rannsóknir

Aðskotaefnasýni voru tekin skv. eftirlitsáætlun MAST. Þau voru greind á Keldum, hjá Matis og á erlendum rannsóknarstofum. Niðurstöður voru allar fullnægjandi. Á þessu er þó undantekning, en líta verður á það tilfelli sem einangrað tilvik, er dioxín greindist í mjólk og kjöti frá framleiðendum í Skutulsfirði. Vegna þess máls fór fram talsverð aukasýnataka. Þær niðurstöður hafa verið kynntar í skýrslu sérfræðihóps um framtíð búskapar í Skutulsfirði. Þessu máli lauk svo með beitarrannsókn sem skilaði þeim niðurstöðum að ekki voru settar frekari kvaðir á nýtingu afurða.

Einnig voru tekin vatnssýni til eftirlits í sláturhúsunum og vinnslusölum þeirra. Þær niðurstöður voru í flestum tilfellum fullnægjandi og alltaf eftir rannsókn á aukasýni eftir að úrbætur höfðu verið gerðar.

7.4. Fundir og fræðsla

Sérgreinadýralæknir og sérfræðingur sóttu í byrjun árs 2011 norræna eftirlitsráðstefnu í Kaupmannahöfn. Auk þess sóttu þeir námskeið á vegum BTSF í hættugreiningu og sérfræðingur sótti námskeið á vegum sömu aðila um örverufræðileg viðmið. Þess utan sóttu þeir báðir námskeið og fræðslu á vegum TAIEX um opinbert eftirlit og túlkun reglugerða EB.

Sérgreinadýralæknir hélt á árinu fjölda erinda um díoxín, stöðu matvælafyrirtækja og aukaafurðir dýra. Hann var meðhöfundur skýrslu um framtíð búskapar í Skutulsfirði og fræðigreinar í Acta Veterinaria Scandinavica um díoxín. Einnig ritaði hann pistil í Veiðidagbók UST, um áhrif nýrra reglugerða á veiðar á villtum dýrum. Auk þess tók sérgreinadýralæknir þátt í undirbúningi fræðslufunda MAST m.a. með greinaskrifum og fræðslu fyrir héraðs- og eftirlitsdýralækna ásamt því að koma að undirbúningi erlendra eftirlitsheimsóknna, og úrvinnslu þeirra.

8. Mjólk og mjólkurafurðir

Tafla IV.8.1: Mjólkurstöðvar sem taka á móti hrámjólk.

Mjólkurstöðvar með starfsemi á árinu voru 9. Sex þeirra eru með útflutningsleyfi.

Mjólkurstöð	Fjöldi kúabænda	Innvigtun (L)
MS Reykjavík	101	15.313.794
MS Búðardal	31	4.736.664
Mjólkursamlag KS	54	12.332.061
MS Akureyri	213	37.737.413
MS Egilsstöðum	39	7.701.121
MS Selfossi	243	46.641.057
Vesturmjólk ehf	1	279.313
Samtals	682	124.741.423

Mjólkurstöðvarnar Mjólka ehf. og Mjólkubúið Kú ehf. fengu mjólk frá MS í sína framleiðslu. MS Ísafirði hætti framleiðslu á árinu.

Innvigtun jókst á milli ára um 719 þús lítra og framleiðendum fækkaði um 3.

8.1. Leyfisveitingar

Skipulagsbreytingum er að mestu lokið hjá stærstu stöðvunum, en nýjar minni stöðvar eru að skjóta rótum á markaði sem er í mikilli þróun. MS Ísafjörður hætti vinnslu, en Vesturmjólk og Mjólkubúið Kú ehf tóku til starfa.

8.2. Eftirlit

Eftirlit er á höndum héraðsdýralækna og starfsmanna þeirra, en sérfræðingur hefur einnig komið að nokkrum heimsóknunum. Byrjað var á árinu 2010 að styðjast við nýjan gátlista, en Skoðunarhandbók MAST var notuð á seinni hluta árs 2011.

Niðurstöður eftirlits eru yfirleitt viðunandi, og staða greinarinnar góð.

8.3. Rannsóknir

Tekin voru aðskotaefnasýni af mjólk hjá framleiðendum skv. eftirlitsáætlun MAST. Sýnin eru tekin í samstarfi við héraðsdýralækna í hverju umdæmi og er sýnatöku dreift um landið og stjórnað þannig að hún gefi sem gleggsta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Sýnin eru greind bæði hvað varðar fúkalýfjaleifar og óæskileg aðskotaefni. Sýnin eru rannsökuð bæði hjá innlendum viðurkenndum rannsóknarstofum (Keldur og Matís) og erlendis. Niðurstöður eru oftast innan greiningarmarka og allar innan viðmiðunarmarka, nema þau sýni sem tengjast díoxín máli í Skutulsfirði beint.

8.4. Fundir og fræðsla

Sérgreinadýralæknir hélt erindi um díoxín o.fl.fyrir gæðastjóra í mjólkuriðnaði og dýralækna á Akureyri.

9. Skelfiskur

Skelfiskeftirlit tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu samloka (þ.e. kræklinga og kúfiskelja), ígulkerja og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarefnum með heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum og á þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

Vöxtur og viðkoma skelfisks, hvort sem er villtur eða ræktaður, er háður náttúrulegri fæðu og þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á veiði- eða ræktunarstað. Skelfiskur (samlokar) sía til sín fæðu í sjó og endurspeglar skelfiskur því vel aðstæður í sjó á vaxtarstað s.s. þungmálma, örverur og þörungaeitur. Neysla skelfisks getur verið varasöm ef ekki væri til staðar eftirlit með veiði- og ræktunarsvæðum og með veiði/ uppskeru hans. Skelfiskur er oft borðaður hrár og það eykur hættu á sýkingum af völdum örvera einkum E. Coli, salmonelli og veira s.s. Norveira, sérstaklega ef skelin kemur af menguðum strandsvæðum.

Stærsti áhættuþátturinn við skelfiskneyslu er þörungaeitur, en af þeim þúsundum tegunda þörunga sem þekktir eru í sjó geta nokkrar tegundir valdið eitrun í skelfiski sem er hættuleg fyrir neytandann, en eitrið hefur hins vegar lítil sem engin áhrif á skelfiskinn sjálfan. Tegundir eittraða þörunga sem valda ASP, PSP og DSP-eitrun hafa fundist við Ísland.

Áhrif PSP-eitrunar eru í því fólgin að eitrið truflar natriumbúskap taugafruma, sem leiðir af sér truflun á taugaboðum og getur valdið lömum, öndunarferðleikum og jafnvel dauða. Einkenni ASP-eitrunar koma fram nokkrum dögum eftir að eittraðs skelfisks hefur verið neytt, en þau einkennast af ógleði og niðurgangi, minnisleysi og jafnvel dauða. ASP hefur ekki greinst enn í skelfiski við Ísland.

DSP-eitrun lýsir sér í ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Einkenna verður vart skömmu eftir að menn hafa neytt eittraðs skelfisks. Bati næst yfirleitt innan þriggja sólarhringa, en afleiðingar ASP og PSP-eitruna geta verið alvarlegri.

9.1. Leyfisveitingar

Á árinu öðluðust gildi lög nr. 90 um skeldýrarækt, en samkvæmt þeim tekur Matvælastofnun yfir leyfisveitingar vegna skeldýraræktar. Leyfisveitingar vegna eldis skeldýra féll áður undir lög um fiskeldi sem er undir umsjón Fiskistofu. Matvælastofnun veitir vinnsluleyfi fyrir „Afgreiðslustöð“ vegna framleiðslu á lifandi skelfiskafurðum.

9.1.1. Uppskeruheimild

Matvælastofnun veitir heimild til uppskeru eða nýtingar á skelfiski og skyldum tegundum. Forsenda uppskeruleyfis er heilnæmiskönnun á veiði- eða ræktunarsvæðum þar sem mengunarvaldar eru kannaðir. Að henni lokinni eru svæðin flokkuð í A,B,C eftir örverumengun.

Samkvæmt reglugerð nr 104/2010 er svæði flokkað sem A-svæði ef fjöldi *E.coli* er undir 230 í holdi skelfisks. Eingöngu er heimilt að markaðssetja lifandi skelfisk af A-svæði. Skelfiskur frá B og C-svæðum verður að fara í umlagningu (hreinsun) þar til hann uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skelfisks af A-svæði, ef markaðsetja á hann lifandi. Skelfisk frá B og C-svæðum má setja á markað að undangenginni hitameðhöndlun.

Uppsakerið hefur verið frá tveim kræklingaræktarsvæðum í Breiðafirði og Eyjafirði og hafa þau haft uppskeruheimild nánast allt árið. Auk þess hafa tvö svæði, Breiðafjörður og Berufjörður, verið nýtt til veiða og markaðssetningar á lifandi ígulkerum. Einnig hafa verið stundaðar veiðar á beitukóng og sæbjúgum í Faxaflóa og á Breiðafirði.

9.1.2. Viðurkenning framleiðslusvæða

Fram til þessa hafa 7 svæði verið viðurkennd til kúfiskveiða á undanförunum árum og þau flokkuð. Öll svæðin hafa fengið A-flokkun þar sem örverumengun hefur reynst óveruleg. Kúfiskel er ekki nýtt lengur á þessum svæðum nema á einu svæði þar sem tilraunir standa yfir með veiðar og markaðssetningu á lifandi kúfiskel.

Vegna kræklingaræktar hafa 9 svæði verið heilnæmiskönnuð og flokkuð m.t.t. til örverumengunar og hafa þau hafa öll fengið A-flokkun. Heilnæmiskönnun er nú í gangi á 2 kræklingaræktarsvæðum.

Að lokinni heilnæmiskönnun geta ræktendur/veiðimenn sótt um uppskeruheimild til Matvælastofnunar, en uppskeruheimildin byggir á að greiningar á þörungaeitri í skelfiski sýni fram á að magn þörungaeiturs sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið. Viðkomandi ræktunarsvæði er þá opnað og er gildistími uppskeruleyfis 1 vika á sumri og 4 vikur að vetri. en svæðin lokast síðan aftur, nema ný sýnataka og greiningar komi til samkvæmt áhættumati. Við ákvörðun á tíðni þörungaeitursgreininga er tekið mið af samsetningu þörungagróðurs í sjónum á viðkomandi hafsvæði.

Samhliða þörungaeitursgreiningum í skel er fylgst með eiturþörungum á framleiðslusvæðum, en Hafrannsóknarstofnun annast greiningar á þeim fyrir Matvælastofnun.

Framleiðslusvæði eru einnig undir reglubundnu eftirliti Matvælastofnunar þar sem fylgst er með örveruinnhaldi í skel (*E. coli* og *Salmonella*) og mengunarefnum (þungmálmar).

Tafla IV.9.1: Flokkun framleiðslusvæða 2011

Framleiðslusvæði	Flokkun svæðis	Tegund	Staða svæðis	Athugasemdir
Álftafjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Breiðafjörður	A	Bláskel	Opið	
Eyjafjörður	A	Bláskel	Opið	
Faxaflói	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Hvalfjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Hvammsfjörður		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Króksfjörður		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Mjóifjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Patreksfjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Steingrímsfjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Tálknafjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Pistilfjörður	A	Kúfiskel	Opið	

9.3. Eftirlit

Eftirlit með eiturþörungum var viðhaft á 4 svæðum við landið í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar. Í Eyjafirði og Breiðafirði var fylgst með þessum þáttum vegna ræktunar og framleiðslu á ræktuðum kræklingi og í Breiðafirði vegna veiða á beitukóng og ígulkerjum. Matvælastofnun hefur einnig eftirlit með þörungum í sjó á svæðum eins og Hvalfirði sem eru nýtt af almenningi til skelfisktekju. Af eiturþörungum sem finnast hér við land eru eru tvær tegundir eiturmyndandi, *Alexandrium*-þörungur sem mynda PSP-eitur og *Dinophysis*-þörungur sem mynda DSP-eitur. *Pseudonitzschia*-þörungur sem geta myndað ASP-eitur eru ekki eiturmyndandi hér við land.

9.3.1. Niðurstöður eftirlits

Eiturþörungur fundust á öllum svæðum í sumar og voru þeir eins og síðastliðin ár viðvarandi allt sumarið og fram á haust. Fjöldi eiturþörungur var hins vegar lítil í Breiðafirði og uppsöfnun þörungaeiturs hverfandi í skelfiski. Hins vegar var staðan allt önnur við norðanvert landið t.d. í Eyjafirði en þar komu *Alexandrium*-þörungur upp í byrjun maí og hurfu ekki fyrir en um miðjan september. PSP-lömunareitrun yfir viðmiðunarmörkum var því viðvarandi í kræklingi allt sumarið og hófst framleiðsla ekki aftur fyrir en í byrjun október í Eyjafirði. Hins vegar var 2010 mjög ólíkt þessu en PSP-eitur greindist yfir viðmiðunarmörkum í einu sýni af krækling frá Eyjafirði árið 2010 og var það eina sýnið sem greinist yfir mörkum það árið. Sumarið 2009 var keimlíkt 2011 en þá voru *Alexandrium*-þörungur í miklu magni í sjó og voru viðvarandi frá júní og fram í september. Í kjölfarið greindist PSP-eitur í miklu magni í kræklingi.

Tafla IV.9.2: Eftirlitsniðurstöður 2011

	2010	Greiningar á eiturþörungum og þörungaeitri				Eitrunar-tímabil
		Heildarfjöldi sýna	Jákvæð sýni	Yfir viðmiðunarmörkum	Tímabil jákvæðra sýna	
Eyjafjörður	Eiturþörungur	37	29	17	Maí-Okt	4 mánuðir
	Þörungaeitur	13	11	4	Maí-Nov	
Breiðafjörður	Eiturþörungur	49	24	2	Apr-Des	0
	Þörungaeitur	16	6	0	Mai-Júl	

9.4. Fundir og fræðsla

Eftirfarandi grein var birt á árinu:

- Paralytic shellfish toxin profile determination and first report from Icelandic Mussels (*Mytilus edulis*) and links to causative phytoplankton species.: Stephen Burrell, Thor Gunnarsson, Karl Gunnarsson, Dave Clark, Andrew D. Turner. 2011.

10. Vatn

Eftirlit með ástandi neysluvatns er í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Hugtakið neysluvatn er skilgreint svo í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn:

„Neysluvatn, vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.“

Það er mikilvægt að smærri matvælaframleiðendur eins og kúabændur geri sér grein fyrir því að ef það neysluvatn sem þeir nota kemur úr eigin vatnsbóli þarf það að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns. Hægt er að nálgast bækling um litlar vatnsveitur á heimasíðu Matvælastofnunar, www.mast.is.

Tafla IV.9.1: Fjöldi vatnsveitna á skrá hjá HES frá 2003

Ár	Fjöldi vatnsveitna
2003	176
2004	468
2005	661
2006	701
2007	726
2008	678
2009	693
2010	691
2011	702

Um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn gildir reglugerð nr. 405/2004. Eftirlitið er í höndum heilbrigðisnefnda og hefur Matvælastofnun yfirumsjón með því. Matvælastofnun veitir umsagnir um umsóknir um nýtingu náttúrulegs ölkelduvatns til dreifingar.

11. Markaðseftirlit

Opinbert eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) starfa að matvælaeftirliti á vegum heilbrigðisnefnda. Landinu er skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði og eru þau óbreytt milli ára. Árið 2011 voru 21,71 stöðugildi sem sinntu matvælaeftirliti hjá Heilbrigðiseftirlitinu á landinu.

Mynd IV.11.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Svæðaskipting	Skammstöfun	Heilbrigðiseftirlitssvæði
	HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
	HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
	HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
	HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
	HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
	HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
	HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
	HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
	HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
	HSN	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi. HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Í lok hvers árs gerir hvert heilbrigðiseftirlitssvæði eftirlitsáætlun fyrir komandi ár þar sem gerð er grein fyrir eðli og tíðni eftirlits á svæðinu. MAST tekur saman eftirlitsáætlun HES, samræmir og birtir. Þá skila heilbrigðiseftirlitin einnig inn niðurstöðum úr eftirliti frá fyrra ári til MAST. Þar eiga að koma fram upplýsingar um fjölda eftirlitsstaða, fjölda eftirlitsferða og tegund og eðli staðfesta brota. MAST sér um að safna niðurstöðunum saman og vinna úr þeim.

11.1. Vatnsveitur

HES hefur eftirlit með öllum neysluvatnsveitum á landinu að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða minna en 20 íbúðum eða sumarbústöðum. Allar vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum eru undir eftirliti HES. Þannig eru t.d. allar vatnsveitur sem þjóna býlum sem framleiða afurðir til manneðis undir eftirliti, enda slík býli skilgreind sem matvælafyrirtæki. Árið 2011 voru vatnsveitur 702 og skiptust á heilbrigðiseftirlitssvæði eins og sjá má í [Töflu IV.11.1](#).

Tafla IV.11.1: Eftirlit með vatnsveitum; framleiðslu og pökkun; og heilðsölu, innflutningi og flutningi

Svæði	Vatnsveitur		Framleiðsla og pökkun		Heilðsala, innflutningur, flutningur	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	7	71,4%	44	97,7%	26	84,6%
HER	1	100%	41	100%	101	55,4%
HKJ	11	36,4%	6	83,3%	2	50%
HVL	110	59,1%	14	100%	4	25%
HVF	40	95%	8	100%	5	80%
HNV	104	62,5%	12	100%	7	100%
HNE	167	52,7%	44	90,9%	8	100%
HAUST	118	52,5%	26	65,4%	9	100%
HSL	137	84,7%	72	79,2%	13	61,5%
HSN	7	100%	16	87,5%	3	100%
Samtals	702	64,2%	283	88,7%	178	66,9%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

11.2. Framleiðsla og pökkun

Undir eftirliti heilbrigðiseftirlitssvæða eru fyrirtæki sem flokkast undir „Framleiðsla og pökkun“, en undir það falla fyrirtæki sem framleiða grænmeti og ávexti, drykkjarvörur, brauð og kökur, sælgæti, krydd, aukefni og bragðefni, salat og samlokur, sósur, sultur og grauta. Alls voru 283 fyrirtæki í þessum flokki árið 2011 og heimsótti HES 88,7% þeirra á árinu (sjá [Töflu IV.11.1](#)).

11.3. Heilðsala, innflutningur og flutningur

Til fyrirtækja sem flokkast undir „Heilðsölu, innflutningur og flutningur“ hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum teljast m.a. vörugæmslur, vöruhótel og vöruflutningamiðstöðvar. Alls voru 178 fyrirtæki í þessum hópi árið 2011 og heimsótti HES 63,8% þeirra á árinu (sjá [Töflu IV.11.1](#)). Vert er að benda á að sum fyrirtæki í þessum flokki eru með starfsstöðvar á fleiri en einum stað á landinu, en hver starfsstöð er undir eftirliti á því heilbrigðiseftirlitssvæði sem hún tilheyrir.

Tafla IV.11.2: Eftirlit með smásölu, stórelldhúsum og öðrum eftirlitspegum

Svæði	Smásalar		Stórelldhús		Aðrir eftirlitspegar	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	92	78,3%	286	85,7%	0	0
HER	263	87,5%	709	91%	0	0
HKJ	17	70,6%	34	70,6%	8	50%
HVL	29	79,3%	144	81,3%	74	60,8%
HVF	26	76,9%	91	83,5%	88	72,7%
HNV	37	100%	128	100%	48	100%
HNE	66	87,9%	185	87%	0	0
HAUST	41	68,3%	135	89,6%	45	51,1%
HSL	88	88,6%	256	87,5%	92	84,8%
HSN	36	100%	111	93,7%	0	0
Samtals	695	85,5%	2079	88,7%	355	82,1%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

11.4. Smásalar

Til smásala teljast meðal annars allar matvöruverslanir og stórmarkaðir með og án vinnslu matvæla, söluturnar með eða án meðhöndlunar á óvörðum matvælum, matsöluvagnar, fiskbúðir með og án vinnslu matvæla, brauðbúðir með og án bakaríá sem og önnur smásala á matvöru og drykkjum í sérvöruverslunum, lyfjabúðum, heilsuræktarstöðvum og bensinstöðvum. Alls voru 695 fyrirtæki í þessum flokki árið 2011 og heimsótti HES 85,5% þeirra á árinu (sjá [Töflu IV.12.2](#)).

11.5. Stórelldhús

Stórelldhús eru allir matsölustaðir, skyndibitastaðir, mótuneyti og móttökueldhús (s.s. hótél, dvalarheimili, skólar, leikskólar, sjúkrahús og vinnustaðir), mótuneyti með útseldan mat, sala á tilbúnum mat, krár og kaffihús með matsölu. Alls voru 2079 fyrirtæki í þessum flokki árið 2011 og heimsótti HES 88,7% þeirra á árinu (sjá [Töflu IV.12.2](#)).


11.6. Aðrir eftirlitspegar

Önnur fyrirtæki sem falla undir matvælaeftirlit HES eru t.d. fyrirtæki með tímabundna starfsemi s.s. bændagisting, félagsheimili, samkomusalir og önnur starfsemi þar sem matvælum er dreift hvort sem er í ábataskyni eður ei. Alls voru 355 fyrirtæki í þessum flokki árið 2011 og heimsótti HES 82,1% þeirra á árinu (sjá [Töflu IV.11.2](#)).

11.7. Samantekt og greining brota

Alls hafði HES eftirlit með 4.292 matvælafyrirtækjum eða vatnsveitum í byrjun árs 2011 og voru 82,1% þeirra heimsótt af HES á árinu, sem er svipað hlutfall og árið 2010. Af þeim fyrirtækjum sem HES heimsótti voru reglugerðarbrot skráð á 4,6% þeirra. Er það hlutfallsleg lækkun á tíðni brota hjá eftirlitsþegum þó brotafjöldi standi nánast í stað milli ára. Á *Mynd IV.11.1* sést hvernig brotin voru flokkuð og tíðni hvers brotaflokks. Brot á ákvæðum reglugerða varðandi merkingar matvæla er þar langstærsti þátturinn eða 61,26% allra brota. Töluvert dregur úr brotum sem falla undir „önnur brot“ og einnig fækkar brotum vegna aðskotaefna og aðskotahluta. Brotum vegna umbúðamerkinga, hreinlætis/hollustuhátta og efnasamsetningar fjölga hins vegar milli ára.

Mynd IV.11.1: Tíðni reglugerðabrota eftir brotaflokki



11.8. Önnur verkefni

Auk reglubundins eftirlits sér HES einnig um að taka sýni af matvælum til rannsókna. Árið 2011 tók HES 1782 sýni sem voru skoðuð með tilliti til örvera, aðskotaefna, efnasamsetningar, o.fl. Þar af voru 1022 sýnatökur vegna neysluvatns eða 57,35% af öllum sýnatökum. 9,1% neysluvatnssýna reyndust vera yfir viðmiðunarmörkum. Þá voru einnig tekn sýni vegna umbúðamerkinga og voru 387 brot skráð vegna brota á merkingarreglugerðum.

Í *Töflu IV.12.3* sést tíðni brotlegra sýna af heildarfjölda sýna út frá mælingum. Í heildina reyndust 8,3% sýna vera yfir viðmiðunarmörkum.

Tafla IV.11.3: Sýnatökur HES af matvælum til rannsókna 2011

Greiningar á sýnum	Fjöldi sýna v. neysluvatns	Fjöldi brota v. neysluvatns	Heildarfjöldi sýna	Heildarfjöldi brota	Tíðni brota
Örverur	957	93	1383	141	7,9%
Aðskotaefni	4	0	18	1	0,1%
Efnasamsetning	18	0	28	5	0,3%
Aðrir greiningarþættir	43	0	353	1	0,1%
Samtals	1022	93	1782	148	8,3%

Eins og þessi kafli gefur til kynna er markaðseftirlit HES afar viðamikl og tekur á mörgum þáttum. Þá er ljóst að auk fjölda eftirlitsþega verður einnig að horfa til stærðar heilbrigðiseftirlitssvæðanna en þau spanna sum gríðarlega víðfeðm svæði sem geta verið erfið yfirferðar stóran hluta ársins.

61% reglugerðabrota tengdust umbúðamerkingum

12. Nefndarstörf

12.1. Samstarf við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

12.1. Samstarf við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Matvælastofnun hefur beint eftirlit með frumframleiðslu á matvælum og inn- og útflutningi en markaðseftirlit er í höndum sveitarfélaga.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt þrjá fundi á árinu. Í hópnum eru nú 10 fulltrúar, 6 frá HES og 4 frá MAST. Jafnframt eru kallaðir til sérfræðingar í þeim málum sem um er rætt hverju sinni. Hlutverk hópsins er að fjalla um málefni er hæst bera á hverjum tíma og varða skipulag, samræmingu og framkvæmd matvælaeftirlits á Íslandi. Hópnum er ætlað að undirbúa, framkvæma og/eða deila út verkefnum er stuðlað geta að framþróun matvælaeftirlits. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og Heilbrigðiseftirlitsins, auk vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna tíu, haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum og annarra samskipta vegna sameiginlegra verkefna. Jafnframt sækja verðandi heilbrigðisfulltrúar námskeið hjá Matvælastofnun, í samvinnu við Umhverfisstofnun. Eftirlitsverkefni eru unnin í samvinnu Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Verkefni eru mikilvægur samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna, þar sem kastljósi er beint að ákveðnum þáttum í matvælaeftirliti á öllu landinu á sama tíma eða unnið er að samræmingu eftirlits s.s. með gerð viðmiðunarreglna.

Árið 2011 voru eftirlitsverkefni þessi:

- Fæðubótarefni
- Meðhöndlun einnota og margnota umbúða í matvælafyrirtækjum,
- Innihaldslýsingar matvæla og uppskriftir þeirra

Nánari upplýsingar um þessi verkefni og niðurstöður þeirra er að finna á heimasíðu MAST.

12.2. Samráðshópur MAST / UST / SHÍ

Forstöðumenn matvælaöryggis- og neytendamálasviðs og stjórnsýsluviðs Matvælastofnunar voru fulltrúar stofnunarinnar í samráðshópi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Matvælastofnun hóf þátttöku í starfi hópsins árið 2010, en honum er ætlað að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þessara aðila, t.d. skipulagningu á vorfundum og haustfundum.

11.3. Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs á sæti í hópnum. Sjá V.11.1.

11.4. Önnur nefndarstörf

Sérfræðingar matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sátu í norrænum fastanefndum um eftirlit og löggjöf og um aðskotaefni.

Sérfræðingur stofnunarinnar sótti fund hjá EFSA um eftirlit með varnarefnum í grænmeti og ávöxtum.

Starfsmenn matvælaöryggis- og neytendamálasviðs tók þátt í rýnivinnu vegna 11. og 12. kafla ESB löggjafar um landbúnað og matvælaöryggi og sóttu rýnifundi vegna þessara kafla í Brussel. Forstöðumaður sótti fund hjá ESA í Brussel um ráðgert eftirlit stofnunarinnar á árinu 2012.

1. Um heilbrigði og velferð dýra

Höfuðverkefni sviðsins er að koma í veg fyrir að nýir sjúkdómar berist til landsins og að stuðla að útrýmingu riðuveiki og garnaveiki og halda öðrum dýrasjúkdómum í skefjum og hindra útbreiðslu þeirra. Hin góða staða dýrasjúkdóma er landbúnaðinum og fiskeldinu ómetanleg auðlind. Sérgreinadýralækna sviðsins eru sérfræðingar í sjúkdómum alifugla, fiska, hrossa, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína. Auk þess eru sérfræðingar í dýralýfjum, tilraunadýrum og faraldsfræði. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að nýir sjúkdómar berist til landsins er yfirumsjón höfð með innflutningi á dýraafurðum og á lifandi dýrum, svo sem gæludýrum, svínum og erfðaeftirliðum þeirra, loðdýrum og frjóeggjum til endurnýjunar á varpstofnum vegna eggja- og kjötframleiðslu. Varðandi dýravelferð þá veita sérfræðingar sviðsins héraðsdýralæknum og öðrum eftirlitsaðilum sérfræðiaðstoð vegna dýravelferðarmála.

Sérfræðingar sviðsins hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna varðandi matvælaöryggi. Örugg matvæli verða ekki framleidd nema úr heilbrigðum dýrum sem búa við góða dýravelferð. Ábyrg notkun dýralýfja í dýrum er mikilvæg til að koma í veg fyrir að lyfjaleifar berist í fólk með matvælum af afurðagefandi dýrum. Mjög aukins eftirlits er nú krafist í nýlegri matvælalöggjöf til að tryggja þetta atriði. Útflutningur á kjöti byggist m.a. á því að eftirlit með þessum málum sé í góðu lagi. Eftirlit með lyfjaávisunum dýralækna var aukið á árinu. Það er Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem hefur eftirlit með framkvæmd löggjafarinnar hér á landi. Af því tilefni komu fulltrúar ESA í eftirlitsheimsókn í desember 2011 til að fara yfir framkvæmd á eftirliti með efnaleifum í dýraafurðum, með sérstakri áherslu á eftirlit með notkun dýralýfja.

Miklar breytingar voru gerðar á skipulagi Matvælastofnunar 1. nóvember þegar héraðsdýralæknum var fækkað úr 14 í 6 og öll dýralæknaþjónusta var falin sjálfstætt starfandi dýralæknum. Með reglugerð um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum sem gefin var út í september var landinu, þar sem þess var þörf, skipt upp í 9 þjónustusvæði og samið við dýralækna um þjónustuna. Í þjónustusamningum var m.a. kveðið á um réttindi, skyldur og endurgjald fyrir veitta þjónustu.

Náið samstarf var við sérfræðinga í dýrasjúkdómarannsóknum á Keldum og við sóttvarnalækni vegna sjúkdóma sem geta borist á milli manna og dýra, svo sem salmonella, kampýlóbakter, svínafleusa, fuglafleusa og hringskyrfi. Einnig var samstarf við sérfræðinga annarra stofnana vegna förgunar á sóttmenguðum úrgangi svo sem vegna salmonella og miltisbrands.

Enginn A–sjúkdómur greindist á árinu og er þetta fyrsta árið sem riðu varð ekki vart og er ljóst að sá sjúkdómur er nú greinilega á undanhaldi eftir áratugalanga baráttu við þennan illvíga sjúkdóm. Af B–sjúkdómum greindist m.a. garnaveiki á fjórum búum, sem er svipað og áður. Jákvæðar greiningar á salmonellu í alifuglum og svínum fóru lækandi og með umfangsmiklu eftirlitskerfi með eldisdýrum og afurðum tókst að koma í veg fyrir sýkingar í fólk. Tíðni kampýlóbakter í kjúklingaeldi var áfram mjög lág á árinu. Ekki varð mikið vart við alvarlegan smitsjúkdóm sem kom upp í hestum árið 2010 af völdum afbrigðis af bakteríu sem ekki hafði greinst áður hér á landi. Hins vegar hélt úrvinnsla gagna áfram í samvinnu við Keldur og heimspekta rannsóknastofu í Bretlandi. Vegna áhrifa af eldgosinu í Grímsvötnum bar nokkuð á vanhöldum í sauðfé í Vestur-Skaftafellssýslu, m.a. vegna augnskaða í ám, sem virtist þó jafna sig með tímanum. Talsverð vinna var lögð í að sinna fyrirbyggjandi starfi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á áhrifasvæði gossins, auk þess sem skipulagðar voru rannsóknir á áhrifum eldgossins á dýraheilbrigði til skemmri og lengri tíma, og er það gert í samvinnu við sérstaka stjórnskipaða nefnd sem er að kanna skammtíma- og langtímaáhrif eldgosa á heilbrigði manna og dýra.

Í fiskeldinu var sjúkdómastaðan óbreytt og góð, en útflutningur á hrognum og seiðum var með svipuðum hætti og árið áður. Þessi útflutningur krefst mikils öryggis varðandi sjúkdómavöktun og vottorðagjöf. Á árinu var haldin æfing í viðbrögðum við alvarlegum smitsjúkdóm og var hún haldin sem hluti af Norrænni – Baltneskri æfingu. Margar gagnlegar ábendingar mátti draga af niðurstöðum æfingarinnar. Yfirdýralæknir tók þátt í störfum stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun laga um dýravæðing og laga um búfjárhald. Nefndin skilaði af sér tillögum til ráðherra um frumvarp til nýrra laga um dýravelferð. Bundnar eru miklar vonir til þess að nýju lögin munu stuðla að bættri dýravelferð.

Sérfræðingar sviðsins voru leiðandi í vinnu um gerð kerfa fyrir rafræna skráningu á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun á búfé. Þetta mun auðvelda eftirlit með því að meðhöndlaðir gripir séu ekki sendir til slátrunar eða mjólk seld, fyrr en að loknum útskolunartíma lyfjanna. Einnig var unnið að gerð landupplýsingakerfis, sem mun t.d. hafa verulega þýðingu vegna skjótra viðbragða við smitsjúkdómum.

Vinna vegna erlendra samskipta var umfangsmikil, m.a. í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Tekið var þátt í sérstökum rýnifundum í Brussel þar sem farið var yfir löggjöf okkar og ESB á sviði dýraheilbrigðis, verslunar með lifandi dýr, dýravelferðar og búfjárræktar. Ísland hefur nú undanþágur frá ESB gerðum um þessi mál í EES samningnum og það er eitt af höfuðverkefnum að tryggja áframhaldandi undanþágur á þessu sviði í hugsanlegum aðildarsamningi.

2. Umdæmi

Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit gekk í gildi í Evrópu árið 2006 og hefur nú verið innleidd héraðsdýralækna þar sem sama löggjöf á að gilda um matvæli í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Löggjöfin fjallar um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fôðurframleiðslu. Breytingarnar tóku gildi 1. mars 2010, en breytingar vegna framleiðslu búfjárafurða tóku gildi 1. nóvember 2011.

Sama dag, 1. nóvember 2011, samhliða innleiðingu þess hluta matvælalöggjafarinnar sem snýr að búfjárafurðum, var héraðsdýralæknum fækkað úr 14 í 6 og fækkaði umdæmum sem því nemur. Með breytingunum er m.a. verið að tryggja aðskilnað á opinberu eftirliti héraðsdýralækna og almennri dýralæknaþjónustu með það að markmiði að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaaðreksa.

Mynd VI.2.1: Ný umdæmi frá 1. nóvember 2011



2.1. Héraðsdýralækna

Héraðsdýralækna hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðum hver í sínu umdæmi, ásamt eftirliti með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Héraðsdýralækna sinna framkvæmd sóttvarnaaðgerða og fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu. Þeir hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Einnig halda þeir skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi og sinna eftirliti með þeim samkvæmt sérstakri eftirlitsáætlun, sem er endurskoðuð um hver áramót. Héraðsdýralækna vinna einnig önnur störf sem MAST felur þeim á hverjum tíma. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 eru smitsjúkdómar flokkaðir í þrjú flokka A, B og C. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Skyllt er að tilkynna um grun eða greiningu á A- og B-sjúkdómum til Matvælastofnunar en fái dýralæknir grun um C-sjúkdóm skal hann hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og tilkynna um málið að því marki sem nauðsynlegt er.

2.2. Eftirlitsdýralækna

Eftirlitsdýralækna hafa starfsaðstöðu á skrifstofu héraðsdýralækna og starfa undir stjórn viðkomandi héraðsdýralækna við lögboðin eftirlitsstörf, m.a. kjötskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra. Í Suðvesturumdæmi, Norðvesturumdæmi, Norðausturumdæmi og Suðurlandsumdæmi eru starfandi eftirlitsdýralækna allt árið. Jafnframt ræður Matvælastofnun eftirlitsdýralækna til starfa í öðrum umdæmum þar sem þess er þörf, t.d. við sauðfjárlátrun á haustin.

2.3. Forðagæsluskýrsla



Á árinu 2010 var umsjón forðagæslu færð frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar. Á sama ári opnaði Matvælastofnun vefforritið BÚSTOFN fyrir rafræn skil á forðagæsluskýrslum. Neðangreindar tölur yfir fjölda búfjár byggja á rafrænum skilum á gögnum úr vorkoðun 2011.

Tafla VI.2.1: Fjöldi búfjár í umdæmum og á landsvísi árið 2011*

Umdæmi	Nautgripir	Sauðfé	Hross	Svín	Alifuglar	Loðdýr
Suðvesturumdæmi	1.386	4.687	8.902	1.424	186.086	2.619
Vesturumdæmi	11.725	120.498	10.189	583	1.995	19
Norðvesturumdæmi	11.450	117.555	19.767	7	28.636	12.100
Norðausturumdæmi	17.270	75.924	7.816	500	12.386	4.431
Austurumdæmi	4.830	80.680	3.394	13	8.988	3.701
Suðurumdæmi	27.120	80.261	27.128	1.088	85.323	14.757
Samtals á landsvísi	73.781	479.605	77.196	3.615	323.414	37.627

* Tölur skv. vortalningu á ræktunardýrum 2011

Tafla VI.2.2: Dreifing nautgripa árið 2011



Tafla VI.2.3: Skipting nautgripa árið 2011

2.4. Suðvesturumdæmi

Starfsemi í Gullbringu- og Kjósarumdæmi (Suðvesturumdæmi frá 1.12.2011) var með hefðbundnu sniði á árinu, en þó urðu breytingar á starfssæminni vegna innleiðingar nýrra reglugerða um matvæli, sem tók gildi 1. nóvember 2011. Helstu verkefni líkt og fyrr lutu að störfum í matvælaframleiðslu, bæði vinnu í sláturhúsum og eftirliti í kjötvinnslum, dýravernd, inn- og útflutning dýra og útflutning matvæla og viðbrögðum við smitsjúkdómum.

Matvælaöryggi tók drjúgan hluta af störfum dýralækna í héraðinu þetta árið, en auk daglegra starfa í þeim þremur sláturhúsum ásamt kjötvinnslum sem starfrækt eru í umdæminu þá voru farnar um 46 eftirlitsferðir til úttektar á kjötvinnslum í anda nýrra reglna, sem er hrein viðbót frá fyrri árum. Unnið var að samhæfingu eftirlitsins og framleiðendur studdir til að starfa eftir nýju regluverki. Allar kjötvinnslur nema tvær hafa fengið skilyrt leyfi til starfssæmi. Eftirlit var haft með hrefnukjöti, en 58 hrefnur voru veiddar á árinu sem gáfu um það bil 50 tonn af kjöti.

Dýraverndarmál eru næstum alltaf seinunnin mál, en þetta árið voru þau óvenju fá í umdæminu, líka vegna þess að ekki hefur ennþá náðst samkomulag við Umhverfisstofnun varðandi gæludýr. Farið var í fjögur mál vegna gæludýra og eitt af þeim kært til lögreglu. Vegna búfjár voru málin sex. Nokkrum sinnum voru gerðar athugasemdir vegna ástands alifugla við komu í sláturhús. Dýralæknar tóku út hundaskóla og gæludýraverslanir.

Inn- og útflutningur dýra var svipaður og fyrri ár. Alls voru fluttir út 1136 hross á árinu, flest flugu til Liege í Belgíu, en þaðan dreifast þau um Evrópu, en til Norðurlandanna fóru 418 hross. Gæludýrainnflutningur er smátt og smátt að glæðast og fóru um Keflavíkurflugvöll 89 hundar sem fóru í einangrun í Höfnum, 62 hundar í Hrísey. Kettir voru færri, en 12 voru vistaðir í Höfnum, en 15 í Hrísey. Auk móttökueftirlits eru smádyrin tekin út á ný fyrir útskrift. Önnur dýr innflutt á árinu voru 15 dúfur.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu, en B-sjúkdómar líkt og fyrr í alifuglum og svínum. Garnaveiki í sauðfé á einum bæ. Fuglakólera er enn þá viðloðandi í einu varphænuþví þrátt fyrir hertar umgengnisreglur. Mjög lítið hefur heyrst frá sjálfstætt starfandi dýralæknum um sjúkdómsgreiningar þeirra.

Eftirlitsdýralæknir fór á námskeið dagana 3.–7. október á Ítalíu um Hygiene and Controls on Milk and Dairy Products, héraðsdýralæknir fór á námskeið 8.–11. nóvember á Spáni um Animal Welfare at the time of killing in slaughterhouses. Bæði þessi námskeið voru á vegum BTSF hjá ESB. Haldið var námskeið í Reykjavík 31. ágúst til 3. september um þjálfun við mat á fyrirtækjum, Training on Evaluation and Categorisation of Establishments, héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknar sóttu það. Allmargir fundir á vegum Matvælastofnunar voru sóttir bæði af héraðsdýralækni og eftirlitsdýralæknum.

2.5. Vesturumdæmi

Fyrir utan eftirlit með algengustu búfjartegundum sér Matvælastofnun um eftirlit á 3 svínabúum, 4 kjúklingabúum, 18 eldisstöðvum fyrir fisk og krækling, um 90 fiskvinnslum og 3 mjólkurstöðvum í umdæminu.

Auk ofangreindra verkefna sinntu héraðsdýralæknar eftirliti með tilkynningarskyldum sjúkdómum, dýraverndarmálum, unnu hleðslustaðfestingar, gáfu út leyfi til flutnings á sauðfé og nautgripum yfir varnarlinur og skipulögðu bakvaktir og garnaveikibólusetningu sauðfjár. Fram til 1. nóvember sinntu héraðsdýralæknar innan umdæmisins einnig dýralæknþjónustu.

Sérstakir eftirlitsstaðir í umdæminu eru Nautastöðin á Hesti og Hrutastöð Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Hinn 1. nóvember sameinuðust Borgarfjarðarumdæmi, Snæfellsumdæmi, Dalaumdæmi og Vestfjarðarumdæmi í eitt umdæmi, Vesturumdæmi. Þá fækkaði héraðsdýralæknum úr fjórum í einn. Snæfellsnes, Dalabyggð/Reykhólasveit/Strandirnar og Vestfirðir voru í reglugerð um dýralæknaþjónustu í dreifbýli skilgreind sem svæði þar sem ástæða þótti til að gera sérstakan samning um dýralæknaþjónustu. Gerður var þjónustusamningur við dýralækni á Ísafirði og í Stykkishólmi, en enn hefur ekki tekist að fá sérstakan þjónustudýralækni í Dali/Reykhólasveit/Strandir þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Í Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi dýralæknar muni sinna þjónustu án sérstaks þjónustusamnings. Hafa dýralæknar og landbúnaðarnefnd á svæðinu lýst því yfir að þau telji hið nýja fyrirkomulag ekki tryggja þjónustu á svæðinu með fullnægjandi hætti. Héraðsdýralæknir Vesturumdæmis og yfirdýralæknir funduðu með landbúnaðarnefnd og fulltrúum Borgarbyggðar þar sem upplýst var um breytt lagaumhverfi. Héraðsdýralæknir mun taka við ábendingum frá dýraeigendum ef upp koma vandamál með að ná í dýralækni.

Bakvaktasvæði í umdæminu var breytt lítillega, Kolbeinstaðahreppur hinn forni sameinaðist Borgarfjarðarvaktasvæðinu og vaktasvæði Snæfellinga minnkaði sem því nemur.

Enginn A-sjúkdómur greindist. Einn B-sjúkdómur greindist á árinu: salmonella í alifuglum. Af C-sjúkdómum greindust Hvanneyraveiki, smitandi munnangur, hníslasótt og clostridium-sýkingar. Eyrnamaur greindist í nokkrum köttum á Vestfjörðum.

Afskipti voru höfð af þremur sauðfjárnúum og einu kúabúu vegna ábendinga um slaka fóðrun og aðbúnað, og af tveim hundaeigendum vegna meintrar vanhirðu og/eða illrar meðferðar.

Nýráðinn héraðsdýralæknir sótti námskeið á Selfossi fyrir héraðsdýralækna og hlaut þjálfun í úttektum og eftirliti með matvælafyrirtækjum.

2.6. Norðvesturumdæmi

Undangengið ár var mjög sérstakt af því leyti til að héruð eða umdæmi margra dýralækna á landinu tóku miklum breytingum sem fólust í því að héruðin voru stækkuð. Þar sem áður voru þrjú umdæmi á Norðvesturlandi með þremur héraðsdýralæknum fyrir hvert þeirra um sig er nú aðeins orðið eitt og með einum héraðsdýralækni. Skagafjörður og Húnavatnssýslurnar báðar mynda nú hið nýja Norðvesturumdæmi. Breytingar þessar gengu í gildi þann 1. nóvember á síðasta ári.

Fram að umræddum breytingum fólst starf héraðdýralæknis í þjónustu við bændur og búsmala ásamt því að vera opinber eftirlitsaðili. Eftir 1. nóvember 2011 felst starf héraðsdýralæknis eingöngu í opinberu eftirliti.

Stærstu eftirlitsþegarnir í umdæminu eru sláturhúsin en þau eru þrjú talsins: SAH Afurðir reka sláturhús og kjötvinnslu á Blönduósi og Kaupfélag Skagfirðinga rekur sláturhús og kjötvinnslur á Sauðárkróki og Hvammstanga.

Slátrun hrossa og nautgripa haustið 2011 var með almesta móti og má gera ráð fyrir að það sé vegna slaks heyskapsrúms og snjóþyngri vetrar en venjan hefur verið undanfarin ár. Heildarslátrun á fé var 309.644, en 4.063 nautum og 5.608 hrossum var einnig slátrað á árinu.

Mjólkuriðnaðurinn er einnig undir eftirliti Matvælastofnunar bæði kúabændur og eins mjólkursamlag KS á Sauðárkróki. Samband íslenskra loðdýrabænda hefur flutt minka til landsins og hafa einangrunarstöðvar verið starfræktar á tveimur bæjum í Skagafirði.

Alvarleg dýraverndunarmál komu ekki upp á árinu, einhver brögd voru þó að því að bændur virtu ekki átta vikna útivist mjólkurkúna og önnur smærri mál.

Engir tilkynningarskyldir sjúkdómar á árinu en smitandi hósti í hrossum gerði vart við sig í litlum mæli.

Eftir 1. nóvember 2011 störfuðu í umdæminu á vegum Matvælastofnunar einn héraðsdýralæknir og einn eftirlitsdýralæknir í hálfu starfi, eftir áramót bættist svo einn eftirlitsdýralæknir við.

2.7. Norðausturumdæmi

Þegar matvælalöggjöf EES og ESB tók að fullu gildi hérlendis 1. nóvember 2011 var jafnhliða gerð breyting á opinberu eftirliti héraðsdýralækna og dýralæknþjónustu. Umdæmisskrifstofan þjónustar nú eftir breytinguna Norðausturland og kallast Norðausturumdæmi. Þingeyjarsýslur komu undir embættið, en Skagafjörður færðist undir Norðvesturumdæmi. Nú starfa 4 dýralæknar í 3½ stöðugildi við embættið en voru áður 5 í 4 stöðugildum. Undir lok árs var gerður þjónustusamningur við fyrrverandi héraðsdýralækni á Húsavík um almenna dýralæknisþjónustu í Þingeyjarsýslum auk þess að taka að sér einstök eftirlitsverkefni fyrir umdæmið.

Áhersla var áfram lögð á að 8 vikna lágmarks útivist nautgripa væri tryggð og mörg kúabú í umdæminu heimsótt sérstaklega af þeim sökum. Á fjórum kúabúum í umdæminu fengu kýr eða unguneyti ekki lögboðna útivist og voru því kærð til sýslumanns, eru það endurtekin brot frá fyrra ári í þremur tilvikum. Í einu tilviki vísaði sýslumaður kæru vegna útivistar frá, en eftir greinargerð frá Matvælastofnun vísaði ríkissaksóknari málinu aftur til héraðs til formlegrar meðferðar.

Alls voru 15 tilvik þar sem skráð voru alvarleg frávík við aðbúnað nautgripa s.s. að ekki væri skjól á útigangi að vetri, nægt legurými, nægt átþláss og óhreinir gripir. Í nokkrum tilvikum er ekki komin laus í þessum málum og eru þau því í ákveðnu ferli þar sem málin geta endað með kæru, en einu máli hefur þegar verið vísað með kæru til sýslumanns. Þá var lögð áhersla á að skoða atriði er lúta að brunavörnum og sérstaklega skoðaður frágangur á einangrun í loftum fjósa og eldvarnaeftirliti tilkynnt um tilvik þar sem óvarið froðuplast var í loftum.

Héraðsdýralækni barst tilkynning og áverkaskýrsla frá starfandi dýralækni í Skagafirði um áverka á kynfærum hryssu á útigangi, en tvær hryssur í sama stóði voru með minniháttar áverka á flipa. Málinu var vísað til lögreglu til rannsóknar.

Þá voru skoðuð og afgreidd 12 mál er snéru að aðbúnaði og umhirðu og skiptust þannig niður milli dýrategunda: hross 4, gæludýr 3, nautgripir 2, sauðfé 2, fuglar 1, alls 12. Fjöldi annarra mála komu inn á borð umdæmisins, sem uppgötvuðust við reglulegt eftirlit eða eftir ábendingar, en töldust ekki alvarleg og leystust eftir að gerðar höfðu verið athugasemdir við þau atriði.

Alls var farið í eftirlit til 151 mjólkurframleiðanda og að auki 19 heimsóknir vegna eftirfylgni eða annars eftirlits en árlegs eftirlits. Það voru 80 mjólkurframleiðendur sem fengu skráð eitt eða fleiri frávík eða 53% framleiðenda og hjá 8 mjólkurframleiðendum voru skráð eitt eða fleiri alvarleg frávík eða hjá 5,3% framleiðenda.

Í umdæminu eru tvö eggjabú með yfir 1000 varphænur og eru þau undir eftirliti og þurfa starfsleyfi og á þeim búum auk alifuglabúa fór fram árleg sjúkdómaskimun samkv. áætlun MAST. Í ákvæðum alifuglaaðbúnaðarreglugerðar er kveðið á um að bú með innan við 50 fugla eða ársframleiðslu innan við 800 kg séu ekki eftirlitsskyld. Á árinu var horft til þessara minni fuglabúa við sjúkdómaskimun og tekin 20 stroksýni úr koki fugla á fimm litlum búum í héraðinu og kannað sérstaklega fyrir Newcastle-veiki og fuglaflensu. Dýralæknar hjá umdæmisskrifstofunni hafa síðan komið að vinnu landsáætlunar um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglabúum sem unnið er að hjá Matvælastofnun.

Eitt minnkabú fékk starfsleyfi á árinu, en það hóf rekstur á árinu 2010 og hafði fengið bráðabirgðaleyfi til eins árs. Tvö minnkabú í umdæminu voru skoðuð sérstaklega af hálfu embættisins, vegan sóttkvíar fyrir innflutt dýr, að beiðni sérgreinadýralæknis loðdýrasjúkdóma. Engar árlegar skoðanir eru í loðdýrabúum þar sem Matvælastofnun hefur ekki reglulegt eftirlit með starfsemi þeirra.

Reglulegt eftirlit var haft með einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey og var stöðin auk þess skoðuð sérstaklega af héraðsdýralækni vegna endurnýjunar á starfsleyfi að beiðni Umhverfisstofnunar. *Giardia duodenalis* greindist í 6 hundum og *Cystisora felis* í einum ketti í einangruninni og voru öll dýrin meðhöndluð sérstaklega vegna þess. A öðru leyti var heilbrigði dýranna með ágætum. Einangrunarstöð fyrir svín er ekki lengur í rekstri í eyrni.

Landsmót Landssambands hestamannafélaga var haldið 26. júní til 3. júlí á Vindheimamelum, en mótið átti að halda sumarið 2010 en var frestað vegna hestapestarinnar. Eftirlitsdýralæknir frá embættinu vann með sérgreinadýralækni hrossasjúkdóma við skoðun á keppnishrossum. Skýrsla sérgreinadýralækna um heilbrigðisskoðun keppnishesta á LM 2011 kom út í nóvember. Engar árlegar skoðanir eru á hrossabúum þar sem Matvælastofnun hefur ekki reglulegt eftirlit með starfsemi þeirra.

Grassprettu var hæg og lítil í Skagafirði og töluvert kal í túnum á nokkrum bæjum á Árskógsströnd og í Fnjóskadal. Af þeim sökum hafði héraðsdýralæknir samband við búnaðarsamböndin snemmsumars varðandi það að reyna að sjá fyrir í tíma hvar mest yrði þörfin fyrir hugsanleg heykaup þannig að skipuleggja mætti heykaupin eins og best mætti verða m.t.t. sjúkdómavarna. Þegar leið á sumarið varð ljóst að ekki þyrfti að grípa til sérstakar ráðstafana í þessum efnum. Fylgst var með hugsanlegum áhrifum af völdum eldgosins í Grímsvötnum 21. maí, en ekki varð vart öskufalls í umdæminu.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu. Skráningar á C-sjúkdómum eru takmarkaðar þar sem sjúkdómaskráningarkerfið Heilsa fyrir nautgripa komst í gagnið síðla árs og eru dýralæknar og bændur að hefja skráningar í það. Síðan berast héraðsdýralækni upplýsingar um dýr sem eru krufin á tilraunastöðinni á Keldum og einnig yfirlit frá dýralæknum í umdæminu um einstök tilvik.

Á árinu 2010 var birt ný auglýsing um nýja skipan sóttvarnarhólfa, sú breyting varð í umdæminu að Skagafjarðarhólf og Eyjafjarðarhólf vestra voru sameinuð í eitt sóttvarnarhólf með því að leggja af Tröllaskagalínu. Undir lok ársins fundaði héraðsdýralæknir ásamt sérgreinadýralækni sauðfjársjúkdóma með bændum í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Fljótum varðandi reglur um flutning og sölu á fé innan sveita og utan. Ljóst er að mikill áhugi er hjá bændum um að rýmkuð verði ákvæði um flutning og sölu á sauðfé innan varnarhólfa. Þau mál eru í skoðun hjá MAST. Ekkert tilfelli riðu eða garnaveiki kom upp á árinu í umdæminu. Nokkuð skæð lungnapest kom upp sl. vor á einu sauðfjárbúi í fé sem hafði verið tekið inn sem líflömb haustið áður eftir riðuniðurskurð.

Salmonella greindist einu sinni í eldshúsi og einu sinni í sláturhópi á kjúklingabúi í umdæminu og af þeim sökum þurfti að farga fuglum úr viðkomandi eldshúsi eða samtals um 5000 fuglum og var hræjunum eytt með brennslu í viðurkenndri sorpeyðingarstöð. Salmonella greindist í einum hópi við slátrun frá búi í umdæminu.

Veiki kom upp í hrossum í einu hesthúsi á Siglufirði á útmánuðum. Alls veiktust 8 af 10 hrossum í húsinu. Þau tvö sem ekki veiktust voru aðkomuhross sem voru tekin seinna inn í húsið. Ekki bar á veikindum í nágrennahesthúsum. Einkennin voru jafnvægisleysi í afturparti og lystarleysi. Hrossin voru ekki með hita. Þau voru meðhöndluð með sterum og fúkalyfjum auk einhverra bætiefna og virtist batna við þá meðhöndlun. Til öryggis voru sýni send til Svíþjóðar til greininga á EHV-1 og reyndust þau neikvæð.

Blóðmynd hrossanna var skoðuð og reyndust öll blóðgildi innan þeirra marka sem þekkjast hjá íslenska hestinum. Grunur um hræitrun er óstaðfestur og er hún talin ólíkleg orsök, sjúkdómsorsökin er því enn óþekkt. Ekkert bendir til að um smitsjúkdóm hafi verið að ræða og er málinu lokið af hálfu Matvælastofnunar.

Þrjár hestar í sama beitahólfi í Eyjafirði í haust fengu vægan hita í einn sólarhring, smá skitu og urðu tveir þeirra næstum hárlausir í kjölfarið. Þeir voru strax teknir á hús og leitað lækningar. Ekki var talin ástæða til að meðhöndla þá sérstaklega þar sem einkennin gengu fljótt yfir og þeir átu. Uppi var tilgáta um að þeir hefðu komist í eitthvað í gerðinu og er talið hugsanlegt að þeir hafi komist í tunnu með gömlu síldarmjöli. Það var þó ekki staðfest.

Slátrað er í þremur sláturhúsum í umdæminu. Slátrað er sauðfé í einu húsi, en stórgripum í öllum húsunum þremur. Tvö sláturhúsanna slátra megninu af svínunum, en óveruleg slátrun svína er í þriðja húsinu.

Dýrategund	Fjöldi	Dautt við flutning *	%
Sauðfé	114.750	19	0,016
Svín	17.513	2	0,011
Nautgripir	7.271	0	0
Hross	1.225	0	0

* Dautt á bil eða lógað við komu í sláturhúsrétt vegna flutningsslysa

Af þessum þremur sláturhúsum hefur eitt þegar útlutningsleyfi samkvæmt matvælalöggjöf Evrópusambandsins (ESB) og tvö hinna hafa unnið að endurbótum á húsnæði og búnaði og stefna að útlutningsleyfi fljótlega. Þetta á líka við kjötvinnslur sem færðust undir eftirlit Matvælastofnunar við innleiðingu matvælalöggjafar ESB.

Eftirlit með salmonellu við slátrun svína var með sama hætti og undanfarin ár. Á vordögum greindist *S. Enteritidis* úr einu jákvæðu stroksýni af svínaskrokki. Í framhaldinu var farið í eitlasýnatökur frá slátursvínunum frá viðkomandi svínabúi og fram til þessa hafa öll sýni verið neikvæð. Saurýni frá viðkomandi búi voru líka neikvæð og búið hefur verið í 1. flokki kjötsafasýna. Sömu leiðis hafa stroksýni frá búinu verið neikvæð.

Á árinu hófst vinna við innleiðingu reglugerðar nr. 136/2010 um sýnatökur af svínakjöti og hrossakjöti vegna tríkina. Fram að þessu hafði einungis verið tekin sýni af hrossakjöti sem fór til útlutnings til Rússlands. Sýnataka er framkvæmd á ábyrgð sláturleyfishafa en er undir eftirliti viðkomandi eftirlitsdýralækna í sláturhúsunum.

Nokkur vinna hefur hvílt á eftirlitsdýralæknum vegna herts eftirlits með merkingum sláturgripa. Aðallega hefur þetta snúið að sláturhrossum, en mikil brögd eru að því að þau séu ómerkt og grunnskráningum í Worldfeng sé einnig ábótavant. Héraðsdýralæknir ásamt eftirlitsdýralæknum embættisins fundaði með sláturleyfishöfum í umdæminu varðandi þessi mál og eins um mikilvægi þess að upplýsingar um matvælaferlið séu réttar og skráðar.

Aukin áhersla er nú lögð á að fylgja því eftir að fyrirtæki uppfylli opinberar kröfur um flokkun aukafurða sem falla til við vinnslu dýraafurða. Mikilvægt er að starfsstöðvar þar sem þessi úrgangur fellur til séu rétt flokkaðar með tilliti til lágmarkshættu á dreifingu smitefna með þeim aukaafurðum sem fara til áframhaldandi vinnslu eða er fargað. Reglur um aukafurðir gilda einnig um flutninga þessa efnis og er þess krafist að fyrirtæki haldi skrár um það magn sem fellur til í hverri starfsstöð, hvers eðlis aukafurðirnar eru og um afdrif efnissins, þannig að rekjanleiki sé tryggður.

Almennt má segja að fyrirtæki og sveitarfélög í Norðausturumdæmi hafa gert mikið átak í þessum málaflokki og var lokun urðunarúrræðis fyrir dýraafurðir á Glerárdal mikill hvati til framþróunar. Sveitarfélög hafa mörg hver sett upp söfnunarkerfi fyrir dýrahæ sem falla til á bæjum, en þessi úrgangur fer síðan til brennslu á Húsavík. Jarðgerðarstöð Moltu í Eyjafirði fékk einnig starfsleyfi á árinu og hefur aukið móttöku á aukaafurðum til jarðgerðar.

Þá barst umdæmisskrifstofunni erindi á árinu sem snéri að möguleikum á því að nýta mykju sem fellur til á kú- og svínabúum til metanframleiðslu. Það er því ljóst að mikil vakning er í því að nýta úrgang frá landbúnaði til ýmis konar endurvinnslu.

Dýralæknar hjá embættinu sátu samráðsfund sem haldinn var af MS-Akureyri og samráðsfund MAST með hagsmunaaðilum sem var í Reykjavík. Dýralæknir hjá umdæminu sótti tvö DG SANCO-námskeið sem fjölluðu um örveruleg viðmið annars vegar og eftirlit með kjötvinnslu hins vegar og héraðsdýralæknir sótti námskeið um skipan dýralæknamála innan ESB. Á árinu voru þrjár ytri úttektir þar sem dýralæknar frá embættinu voru þátttakendur. Tvær úttektir á vegum Directorate General for Health & Consumers FVO frá ESB, í öðru tilvikinu vegna kjöt- og mjólkurvinnslu og í hinu tilvikinu vegna eftirlits með lyfja- og efnaleyfum og síðan ein úttekt á eftirliti með fóðri frá ESA. Dýralæknar frá umdæminu sóttu TAIEX-námskeið í Reykjavík í lok ágúst þar sem farið var yfir verklag við úttektir á matvælafyrirtækjum sbr. ákvæði matvælalöggjafar ESB. Héraðsdýralæknir sótti norræna eftirlitsráðstefnu í Kaupmannahöfn í janúar og fund hjá OIE á Ítalíu í nóvember. Héraðsdýralæknir sat í nefnd um endurskoðun á reglugerð um flutning búfjár.

2.8. Austurumdæmi

Austurumdæmi varð til eftir breytingar 1. nóvember 2011, þar sem gömlu umdæmin Austurlandsumdæmi nyrðra, Austurlandsumdæmi syðra og Austur-Skaftafells-umdæmi voru sameinuð í eitt umdæmi undir stjórn héraðsdýralæknis varðandi opinber eftirlitsstörf.

Meintur fjöldi búfjár í Austurumdæmi árið 2011 er 4.830 nautgripir, 80.680 sauðfé, 76 geitur, 3.394 hross, 13 svín, 72 kanínur, 8.988 alifuglar (8.302 varphænsni, 13 holdahænsni, 568 endur, 43 gæsir og 62 lífugar) og að lokum 3.629 loðdýr (minkar).

Eftirlitsþegar umdæmisins eru mjólkurframleiðendur (40 talsins), 3 sláturhús (2 gripasláturhús og 1 alifuglasláturhús), 1 hreindýraverkunarstöð, 1 kjötvinnslustöð, 1 mjólkurstöð, 3 fóðurframleiðslufyrirtæki (hey), 3 fiskimjölverksmiðjur, 4 fiskeldisstöðvar, sauðfjárnætur í varnarhólum þar sem bóluset er við garnaveiki, innflytjendur landbúnaðarvéla og annarra tækja (í tolli á Seyðisfirði), þar sem krafa um sótthreinsun liggur fyrir frá yfirvöldum (MAST/Landbúnaðar-ráðuneyti) og útflytjendur hesta.

Eftirlitsverkefni ársins og niðurstöður vörðuðu að mestu leyti ofangreinda eftirlitsþega. Allir fengu leyfi þar sem úrbætur á frávikum voru gerðar sama ár, nema 2 mjólkurframleiðendur, sem fengu bráðabirgðaleyfi og 1 sauðfjárnætur, sem ekki hafði látið bólusetja ásetningslömb við garnaveiki, það mál er í vinnslu hjá lögfræðingum Matvælastofnunar. Sótt var um útlutningsleyfi fyrir gripasláturhúsin tvö (Sláturfélag Vopnafirðinga og Norðlenska á Höfn í Hornafirði) og er leyfisveiting áætluð í byrjun árs 2012. Úttekt á hreindýraverkunarstöðinni Skóghlíð fór fram fyrir veiðivertíð 2011 án athugasemda, skoðuð voru 194 hreindýr, sem er um 18% af veiddum dýrum. Kjötvinnslustöðin á Egilsstöðum fékk bráðabirgðaleyfi til 1. mars 2012. Fóðurframleiðslufyrirtækin fengu útlutningsleyfi og fiskimjölverksmiðjurnar hafa gildandi leyfi en ný úttekt þar er áætluð í byrjun ársins 2012. Úttekt var gerð á einni fiskeldisstöð (Hafskel ehf, Mjóafirði) og gefið bráðabirgðaleyfi (úreltar byggingar). Flutt voru inn 3 landbúnaðartæki án athugasemda og 6 hross flutt út með Norrænu frá Seyðisfirði til Færeyja einnig án athugasemda.

Engir A-sjúkdómar greindust á árinu, af B-sjúkdómum greindist garnaveiki á 3 sauðfjárnætur þar sem garnaveiki hafði verið staðfest áður. Af C-sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki, lungnapest, kylapest og tannlos í nokkrum tilvikum, einnig smitandi munnangur, sem algengast er hjá ásetningslömbum á haustin. Talsvert ber á lungnakregðu og fjölgar þeim bæjum sem verða fyrir þessum sjúkdómi, sem mjög erfitt er að lækna eða komast frá eftir að smit hefur borist í hjörðina.

Varðandi dýravelferð hafa 6 mál verið rannsökuð og afgreidd af héraðsdýralækni á árinu vegna meintrar vanhírðu og slæms aðbúnaðar sauðfjár, 1 meint brot á reglugerð um aðbúnað nautgripa, jafnframt nokkur mál varðandi aðbúnað hrossa á útigöngu og hundahald. Í öllum tilvikum hafa ásættanlegar úrbætur verið gerðar með einni undantekningu, en það er sauðfjárnætur sem er með mál sitt fyrir dómstólum vegna kæru frá Matvælastofnun.

Héraðsdýralæknir hefur annast fræðslu fyrir mjólkurframleiðendur (kvöldfundir með ráðunauti Búnaðarsambands Austurlands), sauðfjárnætur (4 fundir á Vopnafirði, Egilsstöðum og Breiðdalsvík) og nokkrir minniháttar fundir með hestafólki.

Vegna kerfisbreytinga lá starfsþjálfun héraðsdýralæknis að miklu leyti niðri á árinu, fyrsta starfsþjálfunarnámskeiðið var haldið hjá Matvælastofnun á Selfossi í lok nóvember, en mörg námskeið áætluð í byrjun ársins 2012 (um samstarf og stjórnunarhæfni, um störf í sláturhúsum, um súnur, um örverur og sýnatökur, o.s.frv.)

2.9. Suðurumdæmi

Árið 2011 var á margan hátt hefðbundið með tilliti til starfa héraðsdýralæknis á svæðinu. En töluverðar skipulagsbreytingar urðu þó á starfsháttum og skipan umdæma héraðsdýralækna er í gildi gengu reglugerðir Evrópusambandsins varðandi hollustuhætti búfjárafurða og matvælaeftirlit.

Lítið bar á dýraverndarmálum, aðeins 4 mál þurfti að grípa inn í en allar ábendingar voru skoðaðar og þar sem þurfti voru gerðar athugasemdir. Dýraeigendur tóku öllum athugasemdum vel, og ekki þurfti að koma til neinna eftirmála vegna þeirra.

Sjúkdómar á svæðinu voru skráðir eftir föngum. Engir A- eða B- sjúkdómar greindust á árinu, af C- sjúkdómum greindust hníslasótt, listeriosis og clostridia-sýkingar í sauðfé.

Héraðsdýralæknir sótti fræðslufundi á vegum MAST, almenn fræðsla var veitt bændum þegar tilefni gáfust, en ekki voru haldnir almennir fundir með bændum. Í júní sótti héraðsdýralæknir námskeið sem haldið var á vegum Evrópusambandsins undir merkjum Better Training for Safer Food. Námskeiðið var haldið í Perugia á Ítalíu og þátttakendur komu frá 35 þjóðlöndum. Yfirskrift námskeiðsins var velferð og aðbúnaður dýra á flutningsleiðum, og var mjög fróðlegt, en að sama skapi krefjandi fyrir þá sem það sóttu.

EKKI fóru Skaftfellingar varhluta af náttúruhamförum frekar en undangengið ár. Síðdegis þann 21. maí hófst stórt eldgos í Grímsvötnum. Gosinu fylgdi gríðarmikið öskufall, og í tvo daga sást ekki handaskil og niðadimmt var allan sólarhringinn á þessum bjartasta tíma ársins. Í austurhluta Skaftár-hrepps er talið að jafnfallin aska hafi numið um 9 cm en öskulagið var þó þynnra annars staðar í hreppnum. Lauslega jafngildir þetta 90 lítrum á hvern fermetra lands, og sé leikið með tölur er þetta 900 rúmmetrar á hektara, eða 1.170 tonn á hvern hektara lands ef notuð er uppgefin eðlisþyngd öskunnar sem talin var 1,3. Efnainnihald þessarar ösku var þó bændum hagstæðara en í gosinu í Eyjafjallajökli árið áður og flúorinnihald mun minna.




Ærin Flekka frá Maríubakka 26. maí 2011

En tún og engjar fóru í kaf, og á nokkrum bæjum í hreppnum var vart byggilegt fram eftir sumri vegna öskufoks. Illa horfði með heyöflun bænda, en um síðir tókst að útvega hey til allra þeirra er á því þurftu að halda. Mest fékkst úr öðrum hlutum hreppsins ásamt Örafum og heyi af túnnum Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Stærðarhlutfall gossins var áætlað sem meðal Kötlugos, en á móti kom að það stóð aðeins yfir í 4 daga. Merkillega lítið drapst af búfé í þessum hamförum, innan við 30 ær, sem flestar drápust af slysförum er þær vegna öskublindu drukkuðu í vatnsfylltum skurðum, eða hröpuðu fyrir björg. Sauðburður var á síðustu metrunum er gosið hófst og höfðu bændur að vonum áhyggjur af búsmala sínum, enda óhægt um vik að hýsa allt lambféð. Töluvert bar á því á flestum bæjum á Síðunni að lambær misstu sjónina.



2. júní 2011: Hornhimna Flekku að gróa frá jöðrunum



7. júní 2011: Viðamikil skemmd á hornhimnunni (græna svæðið) áberandi

Þann 1. nóvember tóku gildi reglugerðir Evrópusambandsins varðandi hollustuhætti búfjárafurða og matvælaeftirlit. Í kjölfar gildistöku þeirra urðu umtalsverðar breytingar á umdæmum og starfi héraðsdýralækna. Umdæmum var fækkað úr 14 í 6 og héraðsdýralæknum ætlað að annast eftirlit í fullu starfi. Starf héraðsdýralæknis í Vestur-Skaftafellssýslu var sameinað embætti héraðsdýralæknis Suðurlands og til varð Suðurumdæmi. Katrín Andrésdóttir, sem gegnt hafði starfi héraðsdýralæknis Suðurlands af stakri þrýði í 25 ár, kaus að láta af embætti og hverfa til annarra starfa.

Í Suðurumdæmi er ein mesta matvælaframleiðsla á landinu og í mörg horn að líta, yfir 250 mjólkurframeiðendur, 2 stórgripasláturhús, 1 sauðfjársláturhús og eitt alifuglasláturhús. Á svæðinu er mjög fjölbreyttur búskapur, sauðfjarrækt, svína-, alifugla- og loðdýrarækt. Einnig er stærsta mjólkurbú landsins á Selfossi og nokkrar kjötvinnslur sem falla undir eftirlit héraðsdýralæknis.

Nokkur afskipti voru höfð vegna útigangs búsmala, einkum hrossa. Í langflestum tilfellum nægði að benda á þá hluti sem betur mættu fara, en nokkrum þurfti að veita áminningu, sem nær allir tóku vel, og ekki þurfti að koma til þess, að málin færu fyrir sýslumann.

Fjósaskoðun á svæðinu var ekki lokið að fullu fyrir áramót, en var langt komin. Beðið er með útgáfu leyfa þar til samræming þeirra hefur verið ákveðin.

Fyrirtæki í vinnslu og meðhöndlun landbúnaðarafurða voru skoðuð, en þau þurfa að uppfylla þær reglugerðir er tóku gildi þann 1. nóvember 2011. Sumum var gefinn stuttur tími til að uppfylla ákvæði reglugerða, önnur fengu leyfi sitt endurnýjað án athugasemda.

Á árinu var í sláturhúsum í umdæminu slátrað: 9.662 nautgripum, 1.891.587 kjúklingum (2.980 tonn), 111.876 sauðfé, 2.708 hrossum og 11.317 svínum.

3. Smitsjúkdómar

3.1. Varnir

Einn liður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu varðandi smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni:

<http://web.oie.int/wahis/public.php?page=home> .

3.2. Vöktun

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjú flokka A, B og C, samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktan sjúkdóm, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram, sem er ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerð vöktunar, sem eru sýnatökur. Matvælastofnun skimar fyrir þeim sjúkdómum sem ástæða þykir til að vakta með sýnatökum. Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með þessum hætti er m.a. tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar, kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrannalöndum og viðskiptalöndum.

Í **Töflu V.4.1** má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2011. Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir heitinu eftirlitsniðurstöður, á vinstri væng síðunnar.

Tafla V.4.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2011

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna		
			í heild	neikvæð	jákvæð
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjólk	80	80	0
	Smitandi barkabólga/ smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Mjólk	80	80	0
	Smitandi slímhúðarpest (BVD)	Mjólk	80	80	0
	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	80	80	0
	Kúariða (BSE)	Heili	211	211	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	40		0
Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	1		0	
Sauðfé	Riða (Scrapie)	Heili	3.527	3.526	1 ¹
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	735		6 bú
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	741		6 bú
Svín	PRRS-veiki	Blóð	240	240	0
	Svínainflúensa H3N2	Blóð	240	207	33 ²
	Svínainflúensa H1N1	Blóð	240	240	0
Hross	Smitandi blóðleysi (EIA)	Blóð	50		0
	Hestainflúensa (EI)	Blóð	50	50	0
	Smitandi háls- og lungnakvef/ fósturlát (EHV-1)	Blóð	50	50	0
Alifuglar	Newcastle veiki (ND)	Blóð	190	190	0
	Fuglakregða (Mycoplasma gallisepticum)	Blóð	200	200	0
	Fuglakregða (Mycoplasma meleagridis)	Blóð	100	100	0
	Smitandi berkjubólga (Infectious bronchitis)	Blóð	180	180	0
	Fuglaflensa (AI)	Blóð	90	90	0
Villtir fuglar	Fuglaflensa (AI)	Strok/saur	100	98	2 ³
Fiskar	Veirublæði (VHS)	Líffæri	310	310	0
	Iðradrep (IHN)	Líffæri	310	310	0
	Brisdrep (IPN)	Líffæri	3.450	3.450	0
	Blóðporri (ISA)	Líffæri	8.206	8.139	67 ⁴
	Brisveiki (PD)	Líffæri	8.206	8.206	0
	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	1.006		2 eldisstöðvar
Villtur lax	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	929	832	97

¹ NOR98

² Jákvæð mótefnasvörun, engin klínisk einkenni.

³ H5 neikvætt

⁴ Low/none pathogen ISAv (HPR0)

3.3 Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

Á árinu var haldin æfing í viðbrögðum við alvarlegum smitsjúkdómi. Æfingin var hluti af norrænni-baltneskri æfingu sem skipulögð var af vinnuhópnum Nordic-Baltic Veterinary Contingency Group (NBVCG) sem styrktur er af Norrænu ráðherranefndinni. Æfingin fór fram dagana 11.–12. október. Tilgangur íslenska hluta æfingarinnar var að þátttakendur fengju þjálfun í að fylgja viðbragðsáætlun MAST vegna alvarlegra dýrasjúkdóma, finna veika punkta í áætluninni og tímamæla viðbrögðin. Jafnframt að æfa samskipti milli starfsfólks MAST og Keldna í viðbrögðum við dýrasjúkdómum og sendingu sýna til Keldna. Markmiðið var að eftir æfinguna yrðu þátttakendur öruggari í fyrstu viðbrögðum við alvarlegum dýrasjúkdómum og viðbragðsáætlunin betri en áður. Tilgangur fjölþjóðlega hluta æfingarinnar var að þjálfva upplýsingamiðlun milli þeirra sem fara með stjórn dýraheilbrigðismála í löndunum, sendingu sýna milli landanna og hugsanleg lán á búnaði eða mannskap. Markmiðið var að eftir æfinguna yrðu þátttakendur öruggari með hvernig best væri að haga samskiptum við samstarfsaðila á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í dýrum. Þátttakendur í æfingunni hér á landi voru dýralæknar hjá þremur héraðsdýralæknisumdæmum, sérfræðingar á aðalstöðvum MAST á Selfossi og sérfræðingar á Tilraunastöð HÍ á Keldum. Æfingin gekk vel og leiddi vel í ljós styrki og veikleika viðbragðsáætlunar stofnunarinnar. Æfingin sýndi að góð mönnun og undirbúningur eru lykilatriði í viðbrögðum við smitsjúkdómum.

4. Alifuglar

Framleiðsla á alifuglum á landinu árið 2011 var sem hér segir:

- Kjúklingaframleiðsla: Í 83 eldishúsum á 27 búum voru aldir til slátrunar 628 eldishópar.
- Kalkúnaframleiðsla: 22 eldishópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Andafurframleiðsla: 18 eldishópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Eggjaframleiðsla: Hjá 12 framleiðendum með yfir 100 hænum voru framleidd neysluegg í 22 húsum með hænur í búum og í 15 húsum með hænur haldnar á gólfi.

4.1. Sjúkdómar

4.1.1. Innflutningur

Á landinu eru starfræktar sjö einangrunarstöðvar fyrir útungun og uppeldi á innfluttum frjóeggjum alifugla, sex fyrir holda- og varphænsnastofn og ein fyrir kalkúnastofn.

Á árinu 2011 voru átta sinnum flutt inn frjóegg fyrir holdahænsnastofninn (Ross) fyrir uppeldi á samtals 60.000 holdahænum, og tvisvar fyrir kalkúnastofninn (BUT).

Tveir varphænsnastofnhópar voru fluttir inn á sama ári, einn Lohman LSL stofnhópur (hvítar varphænur) og einn Lohman LB stofnhópur (brúnar varphænur).

Allur innflutningur gekk mjög vel og litið var um vanhöld og engar grunsemdir um að sjúkdómar kæmu upp í neinum hópi.

Með leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis voru fluttar til landsins tólf dúfur frá Danmörku af tegundinni danskir tumlingar, en leyfið var veitt að fenginni umsögn Matvælastofnunar. Sóttkví á fuglum var aflétt eftir fjögurra vikna heimasóttkví.

4.1.2. Bólusetningar

Eins og áður eru stofnfuglar hænsnfugla einungis bólusettir gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Einnig eru dagsgamlar varphænur bólusettar gegn hænsnalömun. Kalkúnaforeldrafuglar eru ekki bólusettir.

4.1.3. Tilkygningaskyldir sjúkdómar

Í febrúar 2010 greindist fuglakóléra af völdum *Pasteurella multocida* á varphænsnabúi á Suðvesturlandi. Enn í dag er búið smitað og hafa varphænur sýkst á ný um vetur 2010 og haust 2011. Afföllin hafa verið há í smituðum hópum, upp undir 50%. Líklegt er að ófullnægjandi smitvarnir og meindýravarnir, mikill þéttleiki í húsum og raki leiði til þess að búið hefur ekki losað sig við smit. Bakterían er ekki talin vera hættuleg mönnum.

4.2. Dýravelferð

Endurtekið bærust tilkygningar frá eftirlitsdýralæknum í sláturhúsum vegna misdjúpra sára vegna dritbruna undir fótunum kjúklinga. Einnig hafa borist tilkygningar frá héraðsdýralæknum um illa meðferð fugla við tínslu og í flutningi vegna of mikla þrengsla, en flutningsreglugerðin sem er frá 1958 er ekki með ákvæði um flutning á alifuglum.

Eftirlitsdýralæknir gerði athugasemdir við einn kjúklingahóp í slátrun vegna þess að fuglarnir voru mjög marðir, fæturnir voru með mikinn dritbruna og margir skrokkar lentu í öðrum flokki. Í ljós kom að þéttleiki var of mikill í eldihúsinu.

Hluti kjúklinga köfnuðu í einu eldihúsi eftir bilun í rafmagnskerfi húsinu og bilun í viðvörunarbúnaði. Matvælastofnun gerði kröfur um úrbætur en skv. reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum skal búnaður vera til staðar sem gerir viðvart þegar viðvörunarbúnaður bilar.

14 kjúklingahópa þurfti að aflífa vegna salmonellusmits, og er það yfirleitt framkvæmt með gösun með koltvísýru. Svo er hópum stundum fargað með því að snúa fugla úr hálsliði. Aðferðin sýnist ásættanleg, að því tilskildu að nógu margir þjálfaðir starfsmenn annist verkið. Sömuleiðis er mjög mikilvægt að nákvæmt eftirlit sé haft með verkinu svo tekið sé fullt tillit til dýravelferðar við aflifunina og tryggt sé að allir fuglar séu dauðir við lok verks.

Samtökin Velbú gagnrýndu alifuglaframleiðsluna opinberlega í fjölmiðlum og í greinum á internetinu. Var meðal annars vakin athygli að því að stórt hlutfall íslenskra varphænsna væri haldið í þröngum búrum og kjúklingar væru eingöngu framleiddir í verksmiðjubúum.

Um hald á varphænum í búrum skal segja að árið 1999 setti Evrópusambandið reglugerð sem bannar búr fyrir varphænur eftir 1. janúar 2012, en eftir þann tíma er einungis leyfilegt að halda varphænur í innréttuðum búrum eða í lausagönguhúsum. Engin vinna að sambærilegum breytingum á íslenskum reglugerðum er hafin. Reglugerðin nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum er úrelt og ekki lengur í samræmi við nútímaframleiðslu og hún stuðlar ekki að velferð alifugla skv. þekkingu í dag.

4.3. Rannsóknir

4.3.1. Krufningar

Hræ eru send til krufningar á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. Reglulega kemur upp *E. coli* smit í ungum alifuglahópum.

Blávængjaveiki af völdum circoveiru (chicken infectious anemia CAV) kom upp í nokkrum kjúklingahópum. Ef foreldrafuglahópur er ófullnægjandi bólusettur, fá afkvæmin ekki nægilega vörn með móðurmótefnum og geta sýkst. Afföllin innan sýktra hópa geta verið töluverð, oft er vaxtarhraði minni vegna ónæmisbælingar, og einnig verður tjón í slátrun þar sem margir skrokkar verða flokkaðar í annan flokk vegna skemmda á vængjum og vöðvum.

Grunur um smitandi berkjubólgu vaknaði í varphænsnastofnhópi vegna lélegs varps, en ekki var hægt að greina mótefni né smitandi berkjubólguveiruna (IBV).

4.3.2. Sjúkdómaskimun

Tekin voru blóðsýni úr ákveðnum alifuglahópum til vöktunar á Newcastle-veiki, fuglaflensu, *Mycoplasma gallisepticum*, *Mycoplasma meleagridis* og smitandi berkjubólgu. Engin mótefni fundust.

Athygli er vakin á því að sjúkdómar eins og mænubólga (AEV) og smitandi berkjubólga (IB) eru algengir á hinum Norðurlöndunum. IB getur valdið töluverðu tjóni þrátt fyrir bólusetningu. Er það ströngum innflutningsreglum að þakka að algengir sjúkdómar erlendis finnast ekki hér á landi.

Ekki voru tekin sýni úr villtum fuglum vegna skimunar á fuglaflensu, en í staðinn voru tekin sýni úr alifuglum hjá fimm frístundabændum, en þau sýni voru einnig rannsökuð með tilliti til Newcastle-veikiveirunnar með PCR. Búin voru valin skv. áhættumati. Engar Newcastle-veikiveirur fundust, en væg svör við fuglaflensuveiru fengust í tveimur blóðsýnum. Sýnin reyndust neikvæð fyrir H5 en rannsókn á hvort um H7 er að ræða er enn í gangi. Þessar niðurstöður undirstrika að alifuglar í áhættuhópum geta smitast af vægum fuglaflensuveirum sem berast með villtum fuglum.

4.3.3. Salmonella

Tíðni salmonellu í kjúklingaeldi er lækkandi aftur eftir aukningu undanfarin tvö ár. Hún lækkaði úr 5,2% árið 2010 í 2,2% árið 2011, en farga þurfti 14 eldishópum.

Allir kjúklingahópar sem greindust með salmonellu í eldissýni árið 2011 voru aldir í áður smituðum húsum.

Tjónið á árinu var töluvert. Samtals 118.000 fuglum var fargað (288.000 fuglar árið 2010).

Þann 1. nóvember 2011 voru innleiddar reglugerðir Evrópusambandsins um vöktun á súnnum, og þar með voru innleiddar reglugerðir þeirra um vöktun á salmonellu í alifuglum. Skv. þessum reglugerðum ber Matvælastofnun að gefa út Landsáætlun um vöktun fyrir tiltekna súnur. Dýralæknir alifuglasjúkdóma undirbjó vöktunina á salmonellu í alifuglafrumframleiðslu í samráði við framleiðendur.

4.3.4. Kampýlóbakter

Tíðni campylobacters í kjúklingaeldi var mjög lág árið 2011. Eftir nokkuð háan topp í maí datt tíðni í slátruhópum aftur niður og var undir 10% í júní og júlí, sem er frábær árangur þar sem tíðni campylobacters er yfirleitt há á sumrin.

Er það þeim góðum smitvörnum að þakka sem eru viðhafðar á langflestum kjúklingabúum.

4.4. Fundir og fræðsla

Dýralæknir alifuglasjúkdóma sat í starfhópi um eflingu á alifuglarækt á Íslandi, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði. Nefndin hóf starfið í febrúar 2010 og skilaði skýrslu í mars 2011.

Þann 6. og 7. október var haldin ráðstefna í Uppsölum í Svíþjóð um ESBL-myndandi *E. coli* í kjúklingaframleiðslu. Skipuleggjandi var SVA og var sérfræðingum frá rannsóknarstofum á öllum Norðurlöndum og öðrum völdum löndum í Mið-Evrópu boðið að taka þátt. Ástæðan var að tíðni ESBL í kjúklingum hefur aukist verulega undanfarin ár. Sérfræðingar vildu núna bera saman bækur, ræða niðurstöður, rannsóknir og mögulegar aðgerðir. Dýralæknir alifuglasjúkdóma tók þátt á ráðstefnunni fyrir hönd Íslands. Niðurstöður þessara ráðstefna eru ekki opinberar, en hægt er að segja að bryn þörf er fyrir skimun á ESBL í kjúklingum á Íslandi, en það hefur ekki verið gert hingað til. ESBL getur borist lóðrétt í gegnum frjóegg og þarf að gera ráð fyrir að ESBL finnist í íslenskum kjúklingum þrátt fyrir hverfandi litla sýklalyfjanotkun í þessari framleiðslu.

Dýralæknir alifuglasjúkdóma hélt erindi um heilbrigði alifugla á Íslandi árið 2011 á árlegri ráðstefnu „Nordic poultry conference“, en í þetta skipti var hún haldin í Kaupmannahöfn þann 8.–11. nóvember.

5. Fiskar

Árið 2011 reyndist taktfast og nokkuð fyrirséð framhald af árinu á undan sem einkenndist bæði af bjartsýni og framkvæmdagleði, ekki síst í eldi lax og bleikju. Flest áform um nýliðun og aukin umsvif í greininni reyndust að mestu raunsæ og gengu eftir eins og lagt var upp með. Afkastageta eldri fyrirtækja hefur auk þess aukist í mörgum tilfellum sem án efa mun skila sér í hærri framleiðslutölum strax á næstu misserum. Þá má einnig bæta því við að eitt stærsta eldisfyrirtæki á heimsvísu er vel á veg komið með að skipuleggja og reisa hér seiða- og áframeldi á senegalflúru. Þessi uppgangur á þó alls ekki við um allar eldistegundir og segja má að dregið hafi úr áhuga á t.d. þorskeldi. Þá lagðist af öll framleiðsla á lúðuseiðum þegar Fiskey fór í þrot sl. haust og allt stefnir í að tveggja áratuga lúðueldi heyri sögunni til. Í heildina voru 49 fiskeldisstöðvar í fullum rekstri árið 2011 og fór dýralæknir fisksjúkdóma í alls 166 eftirlitsheimsóknir í þessi fyrirtæki á árinu.

Hlutfallsleg aukning í framleiðslu á milli ára hefur orðið hvað mest í eldi regnboga og bleikju en segja má að laxinn eigi töluvert inni því mikið var til af sláturklárum laxi í lok ársins. Aðrar tegundir hafa gefið eftir og eru jafnvel á leiðinni út á meðan nýrri tegund, Hekluborra (tilapia), var slátrað í fyrsta sinn til manneldis hér á landi. Alls var slátrað 5.237 tonnum af eldisfiski árið 2011 og uppskera krækings var um 46 tonn.

Tafla V.5.1: Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2000-2011 (tonn af óslægðum fiski)

Tegund	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Lax:	1.083	1.068	714	292	1.158	6.894	6.094	6.020	3.710	1.471	2.645	2.602
Bleikja:	3.021	2.427	2.405	3.124	2.851	1.426	977	1.336	1.670	1.540	1.320	925
Regnbogi:	226	88	75	6	11	10	50	142	180	248	105	30
Hekluborri:	2,5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þorskur:	851	1.317	1.805	1.502	1.467	1.412	1.050	595	393	205	70	11,2
Lúða:	33	72	49	39	31	141	129	123	95	120	93	34
Sandhverfa:	20	46	68	51	70	47	115	62	32	9	2,7	0
Ýsa:	0	0	0	4,5	23	23	0	0	65	0	0	0
Barri:	0	0	0	0	0	0	0	0	76	40	20	20
Sæeyra:	0	0	0	0	0,5	0,4	4	1,5	6,5	23,6	22,3	15,3
Risarækja:	0	0	0	0,3	0,3	0,2	0,1	0	0	0	0	0
Kræklingur:	46	32	49	10	10	7	5	5	4	0,5	0	0
Samtals:	5.283	5.050	5.165	5.029	5.622	9.961	8.424	8.284	6.231	3.657	4.278	3.638

Sjúkdómastaða landsins hefur ekkert breyst á milli ára og er áfram óhemju sterk, ekki síst er varðar alvarlega veirusjúkdóma. Þessi staða er mikil hvatning fyrir innlenda kynbótastarfsemi og er efniviður eftirsóttur víða erlendis til áframeldis. Hefur þetta m.a. leitt til þess að erlend kynbótafyrirtæki renna hýru auga hingað til lands með það fyrir augum að hefja framleiðslu á laxahrognum til útflutnings. Árið 2011 voru fluttir út 6.682 lítrar af laxahrognum til Síle, Færeyja, Noregs, Danmerkur, Austurríkis og Írlands og 120 lítrar af bleikjuhrognum til Danmerkur, Austurríkis og Írlands. Alls voru flutt út 453.344 laxaseiði til Færeyja til áframeldis og auk þess 11.200 lifandi laxaseiði til Noregs í sérstaka veirurannsókn (brisveiki) í tengslum við kynbætur. Samtals voru flutt út 26.481 lúðuseiði til Noregs til áframeldis og loks 100.000 sandhverfuhrogn til klaks og áframeldis í Danmörku.

Árið 2011 var þremur fyrirtækjum veitt heimild til innflutnings á samtals 32,5 lítrum af regnbogasilungshrognum frá Danmörku til klaks og áframeldis. Auk þess var veitt leyfi til innflutnings á 1.800 tilapiaseiðum (Hekluborri) frá Kanada og 40 lifandi sæbjúgum frá Japan til kynbóta og áframeldis. Þá var einnig veitt leyfi til innflutnings á 10.000 senegalflúriseiðum frá Spáni vegna tilraunaflutnings, en þeim var síðan fargað og eytt eftir 9 daga sóttkví þegar staðreynt var að flutningur hefði gengið vel.

5.1. Sjúkdómar

Tafla V.5.2: Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 2000-2011

Sjúkdómur	Ný sjúkdómatilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva											
	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000
Hitraveiki	0	1*	0	0	0	0	0	0	0	0	1*	0
Kýlaveikibróðir	6**	7**	7**°	7**	9**	8**	3**	6**°	4**°	2**°	2**	0
Nýrnaveiki	2**	1°	0	0	1°	4**°	3**	3**	1°	1°	0	0
Rauðmunnaveiki	1*	3**	1*	2*	1*	2**°	3**	0	4**°	0	2**°	1°
Vetrarsár	1*	1*	0	0	0	0	0	0	2*	1*	0	0
Vibríuveiki	1#	2#	3#	4#	2#	3#	4#	3#	2#	0	1#	0
Þekjublaðra	1#	0	0	0	0	1#	1#	1#	0	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) ° Sjúkvíaeldi (full selta) ° Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

Hitraveiki (*Vibrio (Aliivibrio) salmonicida*) er haldið niðri með öflugu bóluefni í laxi en greindist í fyrsta sinn í eldisþorski haustið 2010 sem olli afföllum fram á vor 2011.

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*) var heldur fyrirferðarminni á liðnu ári miðað við mörg ár þar á undan. Nýsmit var staðfest í alls sex tilfellum; eitt tilfelli í áframeldisþorski í sjókvíum og þrjú í seiðastöð og loks tvö í áframeldi á laxi í strandeldi. Þorskurinn var ávallt óbólusetur en laxinn bólusetur. Enn hefur ekki tekist að þróa fullgott bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en þörfin er aðkallandi. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*), sem einungis smitar laxfiska, kom upp sem nýsmit í tveimur eldisstöðvum í byrjun sumars 2011. Dulið smit fannst einnig í 97 villtum laxahrygnum (10,4%) úr laxveiðiám allt í kringum landið og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota eldisstöðva á liðnum áratugum.

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) var einungis staðfest sem nýsmit í einu tilfelli í áframeldi á laxi á liðnu ári. Sjúkdómurinn er viðvarandi í eldi sandhverfu og er honum haldið niðri eins og kostur er með bólusetningu.

Söðulsár (*Flexibacter* sp.), eða roð- og sporðrot, kom í tvígang upp í þorskseiðaeldi árið 2011 og olli um 3% afföllum. Eðli bakteríunnar er með þeim hætti að sýklalyf hafa takmörkuð áhrif eftir að hún á annað borð hefur sýkt fiskinn. Bakterían virðist bundin við seiðastigið, hennar verður ekki vart í áframeldi stærri fisks.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) komu upp í einu tilfelli í eldi regnbogasilungs í sjókvíum síðla vetrar 2011. Allur lax er vel bólusetur áður en hann fer í sjóeldi.

Vibríuveiki (*Vibrio anguillarum*) kom einungis upp sem nýsmit í einu tilfelli í áframeldi á þorski í sjókvíum árið 2011. Aleldisseiði eru öll bólusett gegn vibríuveiki og hefur sú forvörn gagnast vel.

Þekjublaðra (*Chlamydia* sp.) (epitheliocystis) hefur í stöku tilfelli skotið upp á liðnum árum, m.a. í kvíaporski. Sýkillinn leggst á þekjufrumur tálkna, dregur úr þrótti og leiðir ósjaldan til affalla. Eitt slíkt tilfelli kom upp árið 2011.

Auk fyrrgreindra baktería greinast af og til sýklar í eldisfiski án þess þó að valda eiginlegum sjúkdómum eða teljandi afföllum. Þetta eru svokallaðir tækifærissýklar sem eru yfirleitt eðlilegur hluti af umhverfi fisks en sem geta við ákveðnar aðstæður blossað upp og valdið sýkingu. Þetta eru bakteríur á borð við *Aeromonas hydrophila*, *Cytophaga* sp., *Mycobacterium*, *Vibrio wodanis*, *Pseudomonas* sp., *Lactobacillus*, *Flexibacter* sp., *Flavobacterium* sp. og *Actinobacillus*.

Snikjudýrin Costia (*Ichthyobodo necator*) og **Trichodina** sp. eru algeng vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Alls voru skráð 13 alvarleg costíutílfelli árið 2011; sex í laxaseiðum, sex í bleikjuseiðum og eitt í þorskseiðum. Trichodina olli tjóni í 5 skráðum tilfellum; fjórum í bleikju og einu í þorski.

Laxalús kom ekkert við sögu og **fiskilús** hverfandi lítið árið 2011. Í þorskeldi er fiskilús algengust, en þó í bland við **þorskalús** (*Caligus curtus*). Fiskilús er smávaxin og með sogskálar (ekki bitklær líkt og laxalús) og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvítleið og valdið óþarfa áreiti. **Tálknalús** (*Salmincola* ssp.) er algeng í villtum vatnafiskum hér á landi og mikil sýking getur leitt til sára og jafnvel bakteríusýkinga í kjölfarið.

Sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*) er orðin býsna algeng og sennilega fastagestur hér við land samfara hlýnun sjávar. Sæsteinsuga er frumstæður fiskur af flokki hringmunna, frumstæðasta hópi hryggdýra, sem sýgur sig fastan á fiska og hvali og nærast á blóði. Á liðnu ári voru sár eftir sníkilinn algeng á sjóbirtingi á Suðurlandi og tíðni sárafiska allt að 50% í afla veiðimanna á einstaka svæðum.

Ormasýking í innri líffærum greindist ekki nema í skrautfiskum og villtum fiski árið 2011, en þessir fiskar eru yfirleitt töluvert sýktir af sníkjudýrum í sínu náttúrulega umhverfi. **Gotraufarblæðing** af völdum hringorma (*Anisakis simplex*) sem var mikið áberandi í villtum nýveiddum laxi í flestum ám landsins sumarið 2007 hefur fjarð út og sást ekki svo vitað sé á liðnu ári.

Nýrnasýki (PKD) sem frumdýrið *Tetracapsuloides bryosalmonae* veldur var í fyrsta sinn staðfest hér á landi í bleikju í Elliðaavatni sumarið 2008. Síðan hafa rannsóknir staðið yfir undir forystu Árna Kristmundssonar á Keldum sem m.a. staðfesta að nær allur bleikju- og urriðastofn Elliða- og Vífilstaðavatns er smitaður og hátt hlutfall sýnir klínísk einkenni. Þá fannst vægt smit án einkenna í laxaseiðum úr Elliðaám en nær allur urriði var með svæsin PKD-einkenni. Sýkillinn hefur hingað til greinst í sjö vötnum, en sníkjudýrið krefst ákveðinna umhverfisaðstæðna til æxlunar og dreifingar. Sníkjudýrið er þekkt í nágrannalöndum okkar og hefur valdið miklu tjóni, bæði í eldi og í villtum stofnum.

Blóðagöðan *Gyrodactylus* sp., sem greindist í fyrsta sinn í eldisporski hér á landi vorið 2006, hefur sýnt sig að vera viðvarandi í sjókvíaelði hér við land en var þó aðeins staðfest í einu tilfelli árið 2011. Þá eru önnur sníkjudýr í þorskeldi sem stöðugt þarf að vakta. Frumdýrin *Loma* sp. og *Ichthyophonus hoferi* geta verið áberandi í tálknium og innri líffærum og krabbadýrið *Lernaocera branchialis* (illa) og einfrumungur sem veldur **æxli í gervitálknium** (X-cell disease) koma einnig við sögu.

Alvarlegur faraldur af völdum sníkjudýrsins *Ichthyophonus hoferi* (hnyð) kom upp í íslensku sumargotssíldinni haustið 2008 og af heimildum að dæma er þetta í fyrsta sinn sem slík farsótt er staðfest hér við land. Sýkingin ætlar að verða þrálát og rannsóknaleiðangrar í Breiðafirði sl. haust leiddu í ljós að sýkingarhlutfall var enn verulega hátt og síst minna en árin á undan, eða um 37%. Sérfræðingar velta því nú fyrir sér hvort þessi faraldur geti tekið lengri tíma hér í kaldari sjó en áður hefur þekkst, en fyrri faraldrar í Norðursjó hafa að öllu jöfnu staðið í 3-5 ár.

Á liðnu ári voru **sveppasýkingar** fátíð vandamál ef undan er skilinn **hrogna sveppur** (*Saprolegnia parasitica*) sem er víðast til staðar þar sem fiskeldi er stundað.

Umhverfistengd afföll voru hverfandi fá árið 2011. Einungis eitt tilfelli **loftbólueiki** (gasyfirmettun) kom upp (á móti 8 tilfellum 2010). Tilfellið kom upp í eldi laxaseiða (50 gr.) og olli um 80% dauða (20.000 stk.). **Svifþörungur** í sjó voru með mesta móti á liðnu ári. Vorblómi var mjög kröftugur þar sem eiturþörungurinn *Alexandrium tamarense* lék aðalhlutverkið. Þörungsins varð fyrst vart í sjósýnum í Breiðafirði í lok apríl. Umfang og útbreiðsla jókst og í byrjun maí var þörungablómi orðinn þó nokkur á sunnanverðum Vestfjörðum og sjóndýpi víða komið < 1 metri. Eituráhrifa fór að gæta í kvíaelði og þegar vika var liðin af maí mátti greina aukin afföll í laxeldi í Tálknafirði og í eldi regnbogasilungs í Dýrafirði. Laxeldið slapp að mestu (1.200 stk. drápu; 0,7%) en regnboginn varð illa úti og þegar upp var staðið höfðu um 70 tonn drepist (25%) en með neyðarslátrun tókst að bjarga um 40 t. Þörungablóminn fjarð svo út upp úr 11. maí eftir snögglega veðurfarsbreytingu. Kísilþörungur náðu sér síðan nokkuð á strik fyrir NA-landi í byrjun júlí. Í Lóni í Kelduhverfi bar á lystarleysi í kvíum en engin afföll urðu á fiski. Kísilþörungur seyta ekki frá sér eitri en sökum byggingar þeirra með hvössum nálum særa þeir tálkn fiska sem getur leitt til dauða. Að lokum má ekki gleyma **eldgosi** sem hófst í Grímsvötnum 21. maí og olli miklu öskufalli á milli Víkur og Skaftafells og gerði búpeningi erfitt fyrir. Aðfaranótt 23. maí stífluðust eldisker við Klaustur svo upp úr flaut um 0,7 tonn af eldisbleikju og drapst. Engin bein eituráhrif áttu sér stað og rúmri viku síðar var allt yfirstaðið og flest ker búnin að hreinsa sig sjálf. Þann 30. maí var bleikjan komin í bullandi át og sjaldan betra ástand.

Engar sjúkdómsvaldandi **veirur** greindust í þeim 8.516 fiskasýnum sem tekin voru til rannsókna í 12 eldisstöðvum árið 2011. Veirugreining sýna fór að mestu leyti fram í Færeyjum, en auk þess á Keldum og í Noregi.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur vel tekist til. Árið 1999 hófs skipulegt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

5.2. Dýravelferð

Árið 2011 kom ekkert mál tengt meintum brotum á velferð fiska til kasta dýralæknis fisksjúkdóma.

5.3. Fundir og fræðsla

Eins og undanfarin ár hefur töluverðum tíma verið varið í fundarhöld, fræðslu og skýrslugerðir fyrir ýmsa aðila, bæði innlenda og erlenda. Dýralæknir fisksjúkdóma hélt m.a. fyrirlestur um fisksjúkdóma og skyld málefni fyrir nemendur Háskólans á Hólum og Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna. Þá var fluttur fyrirlestur um þörungablóma og varnir gegn honum á fundi Landsambands fiskeldisstöðva sem haldinn var á Ísafirði í lok sumars. Einnig voru haldnir nokkrir fræðslufundir fyrir starfsfólk einstakra eldisfyrirtækja víðsvegar um landið. Í vor tók dýralæknir fisksjúkdóma þátt í endurmenntunarnámskeiði á vegum ESB í Weymouth á Englandi á sviði eftirlits og forvarna. Þá var dýralæknum, fisksjúkdómafræðingum og fiskeldismönnum sem heimsóttu Matvælastofnun m.a. frá Síle, Noregi og Færeyjum einnig flutt fræðsla um íslenskt fiskeldi með áherslu á sjúkdómamál og eftirlit.

6. Hross

Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að skapa miklar gjaldeyristekjur með útflutningi á lifandi hestum auk þess sem útflutningur á hrossakjöti er umtalsverður. Mikið er í húfi að viðhalda heilbrigði íslenska hrossastofnsins enda er hann einhver dýrmætasta erfðaaúðind landsins. Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru alls 77.196 hross á landinu árið 2011.

Útflutningur hrossa var svipaður og fyrri ár. Alls voru flutt út 1.136 hross á árinu, flest flugu til Liege í Belgíu (692), en þaðan dreifast þau um Evrópu. Til Norðurlandanna fóru 418 hross. Útflutningur á hrossakjöti var 183 tonn.


6.1. Sjúkdómar

6.1.1. Smitandi hósti

Þrátt fyrir að faraldur smitandi hósta hafi að mestu verið genginn yfir var úrvinnsla gagna, rannsóknir og ekki síst upplýsingamiðlun um orsakir og afleiðingar sjúkdómsins eitt helsta verkefni ársins. Sérlega tímafrekt hefur reynst að vinda ofan af villandi upplýsingum sem höfðu náð mikilli útbreiðslu meðal unnenda íslenska hestsins hér heima og erlendis og er þeirri vinnu hvergi lokið.

Um var að ræða tiltölulega væga sýkingu í efri hluta öndunarveggar og undantekningalítið náðu hrossin fullum bata. Engu að síður olli faraldurinn miklu fjárhagslegu tjóni í íslenskri hrossarækt og skyldum greinum. Þar sem smitið hafði náð mikilli útbreiðslu áður en sjúkdómurinn uppgötvaðist, var viðbragðsáætlun ekki virkjuð.

Orsök sjúkdómsins reyndist vera bakteríusýking af völdum *Streptococcus zooepidemicus*. Sá stofn bakteríunnar sem olli faraldrinum, ST209, er nýr hér á landi en hefur greinst í svipuðum sjúkdómstilfellum erlendis. Þar sem allan hrossastofninn skorti sértæk mótiefni gegn þessu smitefni sköpuðust forsendur fyrir víðtækum faraldrum.



Umhverfisaðstæður voru bakteríunni hagstæðar og þar sem sjúkdómurinn var vægur, einkum í byrjun, uppgötvaðist hann ekki fyrr en hann hafði breiðst út um mestallt land. Fyrsta tilkynning um sjúkdóminn barst Matvælastofnun 7. apríl en fljótlega varð ljóst að smitið var þá þegar orðið útbreitt. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa nú sýnt að smitið magnaðist upp á tiltekinni þjálfunarmiðstöð í febrúar og mars og breiddist hratt þaðan út, fyrst og fremst með smituðum hestum en einnig með reiðtygjum. Ekki er ljóst hvenær eða hvernig smitefnið barst til landsins en spjótin beinast m.a. að ólöglegum innflutningi notaðra reiðtygja. Það virðist hafa færst í vöxt að hestamenn taki ýmsan búnað með sér milli landa, einkum mál, en öllum ætti nú að vera ljós sú mikla áhætta sem slíkum innflutningi fylgir.

6.1.2. Borna-veira

Há gildi fyrir mótefni gegn Borna-veirunni greindust í fjórum hrossum með einkenni frá miðtaugakerfinu í byrjun árs. Mótefni gegn þessari veiru hafa ekki greinst áður í íslenskum hrossum en unnið er að frekari rannsóknum.

6.1.3. Niðurgangur í folöldum

Nokkuð bar á alvarlegum niðurgangi í folöldum sem fylgdu mæðrum sínum undir stóðhesta á húsnotkun. Ekki náðist að greina orsökina en ljóst að umhverfisaðstæður skipta miklu máli. Vakandi auga þarf að hafa með folöldum þar sem tekið er við miklum fjölda af fylsugum á húsnotkun.

6.1.4. Skimanir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum: hestainflúensu (HI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi blóðleysi. Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð fyrir HI, EHV-1 og smitandi blóðleysi.

6.1.5. Varnir gegn því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins

Óheimilt er að flytja inn notaðan reiðfatnað til landsins nema að undangenginni hreinsun og sóttthreinsun samkvæmt reglum Matvælastofnunar. Matvælastofnun hefur auglýst þessar reglur vel á árinu en einnig var opnað fyrir möguleika á að setja notaðan reiðfatnað í hreinsun á Keflavíkurlflugvelli. Landssamband hestamannafélaga fyrir hönd félagasamtaka hestamennskunnar samdi við Fatahreinsunina Fönn um að taka við notuðum reiðfatnaði í rauða hliðinu á Keflavíkurlflugvelli og skila fullhreinsuðum til eiganda fáum dögum síðar. Matvælastofnun hefur unnið starfsreglur fyrir fatahreinsunina í samstarfi við tollgæsluna:

Óhreinum reiðfatnaði skal framvísa í „rauða hliðinu“ í tollinum í lokuðum plastpokum. (Með reiðfatnaði er átt við reiðbuxur hverskonar, reiðjakka, -úlpur, -skó, -stígvél og -hjálma en þessa þjónustu má einnig nýta fyrir annan fatnað og skófatnað sem notaður hefur verið í umhverfi hesta erlendis. Ekki er þó tekið við leður- og vaxjökkum.) Viðkomandi hestamenn skulu gera vart við sig í „rauða hliðinu“ í flugstöðinni og framvísa fatnaðinum þar til tollvarða. Tollverðir sjá til þess að fatnaðurinn, ásamt upplýsingum um eiganda, fari í sérstaka kassa sem þeir hafa í sinni vörslu þar til þeir eru sóttir af fatahreinsuninni. Að lokinni hreinsun verður fatnaðurinn sendur í póströfu til eiganda.

Komi farþegar með óhreinan reiðfatnað í græna hliðið við tollgæslu á Keflavíkurlflugvelli eða verði vísir að því að vera með óhreinan reiðfatnað við tollskoðun í græna hliðinu, verður litið á slíkt sem smygl. Varningurinn er þá gerður upptækur og viðkomandi kærður. Sama á við um sendingar sem innihalda óhreinan reiðfatnað og koma til landsins með pósti, skipa- eða flugfrakt.

Ráðstöfun þessi tekur ekki til notaðra reiðtygja, reiðhanska eða annars búnaðar sem notaður hefur verið í hestamennsku enda er innflutningur á slíkum varningi óheimill.

Hér er um að ræða úrræði fyrir þá hestamenn sem ekki eru í aðstöðu til að þrifa og sóttthreinsa notaðan reiðfatnað áður en komið er til landsins.

Íslenska landsliðið í hestaþróttum varð fyrst til að nýta sér þessa þjónustu við komuna til landsins að loknu Heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem var haldið 1. til 7. ágúst í St. Rade Gund í Austurríki.

Eftirlit tollvarða með innflutningi á notuðum reiðtygjum, óhreinum hestafatnaði og öðru sem getur borið með sér smit er stöðugt í gangi. Hvers kyns tilraunir til smyglis á slíkum varningi eru og verða kærðar til lögreglu.

6.1.6. Viðbragðsáætlanir

Í ljósi þess hve stutt var síðan faraldur smitandi hósta geisaði í hrossastofninum var sérstök viðbragðsáætlun gerð vegna Landsmóts hestamanna á Vindheimamelum. Einangrunaraðstaða fyrir veik hross var tiltæk og við skráningu hrossa á mótið urðu eigendur og umráðamenn þeirra að gera grein fyrir staðsetningu hrossanna á móttímanum. Tilgangurinn var m.a. að hægt yrði að klára mótið þrátt fyrir að upp kæmi grunur um smitsjúkdóm.

6.1.7. Skimanir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum: hestainflúensu (HI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi blóðleysi. Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð fyrir HI, EHV-1 og smitandi blóðleysi.

6.1.8. Spatt

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Sýnt hefur verið fram á að lækka megi tíðni sjúkdómsins með því að forðast að rækta undan hestum sem sjálfir greinast ungir með spatt. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirra greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum alþjóðasamtaka íslenska hestsins (FEIF).

Árlega berast myndir af um 150-200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

6.1.9. Eitranir

Grunur um flúoreitrun og/eða eitrun af völdum þungmálma var kannaður í hrossum á Kúludalsá í Hvalfirði. Klínísk skoðun á hrossunum benti eindregið til að um fóðrunartengdan sjúkdóm væri að ræða sem gengur undir heitinu "Equine metabolic syndrome" og var sú niðurstaða styrkt með ítarlegri skoðun á tönnum á þremur hrossum sem slátrað var frá bænum, meinafræðilegri skoðun á hálsfitu og innri líffærum (rannsókn unnin á Tilraunastöðinni á Keldum) og röntgenskoðun af fótum þeirra. Leitað var að þungmálmum í kjöti þessara hrossa en engin merki fundust um að hrossin hefðu orðið fyrir þungmálmaeitrun. Sýni úr kjálkabeini voru send löntæknistofnun til mælinga á flúorinnihaldi í beinvef en niðurstöður hafa ekki borist.

6.2. Dýravelferð

Eftirlit með fóðrun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. lögum um búfjárhald. Reglubundið eftirlit er í höndum búfjárefirlitsmanna og kom DH að fræðslu þeirra og var einnig héraðsdýralæknum til aðstoðar sem fylgdu málum eftir hver í sínu héraði.

Önnur áhersluatriði á sviði dýravelferðar voru: Heilbrigði og meðferð keppnishesta og munnur hestsins. Eftirlit með velferð keppnishesta á Landsmóti hestamanna 2011 var ítarlegt og hafa niðurstöður þess verið kynntar í ræðu og riti með það í huga að draga úr áverkum á keppnishrossum til framtíðar.

Áfram var unnið að fræðsluáttaki um særindi í munni hesta m.t.t. beislisbúnaðar og vandamála tengdum tönnum.

Á fjórum stöðum á landinu var tilkynnt um áverka á kynfærum hryssna sem taldir voru af manna völdum. Tilvikin voru eftir atvikum skoðuð af héraðsdýralæknum, starfandi dýralæknum og dýralækni hrossasjúkdóma. Grunur um að þau væru af manna völdum fékkst staðfestur í þremur tilvikum og voru þau kærð til lögreglu.

6.3. Rannsóknir

6.3.1. Sumarexem

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn sumarexemsrannsókna. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við fjölda erlendra rannsóknahópa og hafa skilað umtalsverðum árangri. Á árinu var fram haldið þróun aðferða til afnæmingar og/eða bólusetningar gegn sjúkdómnum. Dýralæknir hrossasjúkdóma á einnig aðild að nýju verkefni á þessu sviði sem unnið er í samvinnu við Cornell-háskólann í Bandaríkjunum og tilraunastöðina á Keldum. Í því verkefni verður prófuð kenningin um að mótefni í broddmjólk hryssna, sem þegar hafa verið stungnar af smámýi *Culicoides* spp., verji afkvæmi þeirra gegn sumarexemi.

6.3.2. Spatt

Spatt er slitgigt í flötu liðum hækilsins sem leitt getur til langvinnrar helti og komið niður á ganglagi hrossa. Sjúkdómurinn dregur úr endingu reiðhesta og rýrir þar með verðmæti þeirra. Greining sjúkdómsins byggir á röntgenmyndatöku og er tíðni slitgigtarbreytinga, s.s. kölkunar og upplausnar í aðlægum beinvef, háð aldri hrossanna. Rannsóknir benda til að helstu orsakabættir sjúkdómsins séu arfgengir en álag og aðrir umhverfisþættir hafi minna að segja. Brjóskeyðing, sem er fyrsta stig sjúkdómsins, byrjar alla jafna fyrir tamningaráldur.

Áframhaldandi rannsóknir á spatti hafa það að markmiði að auka skilning á orsökum sjúkdómsins og flýta erfðafráfarum. Sú kenning hefur verið sett fram að sjúkdómurinn erfist í gegnum óheppilega fótstöðu og/eða byggingu hækilsins sem leiðir til þess að álagið dreifist ekki jafnt um liðina og þeir verði óstöðugir. Þannig verði þrýstingur eða núningur á tiltekin svæði í liðunum of mikill og leiði til brjóskeyðingar. Ætla má að slíka byggingargalla sé hægt að greina strax frá unga aldri. Rannsóknin er unnin í samvinnu við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Dýralæknaskólann í Alfort í Frakklandi.

6.3.3. Önnur verkefni tengd rannsóknum

Sérgreinadýralæknir sat í tveimur doktorsnefndum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

- Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Uppruni íslenska hrossastofnsins. 2006–
- Þorvaldur Kristjánsson. Samband byggingar og hæfileika hjá íslenskum hrossum. 2007–

Sérgreinadýralæknir var aðstoðarleiðbeinandi í doktorsverkefni við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskólans í Uppsölum, Svíþjóð.

- Charles Ley. Three dimensional morphometric parameters of the young Icelandic horse as indicators of cartilage degeneration in the distal tarsal joints. 2008–

6.4. Fundir og fræðsla

6.4.1. Fræðslugreinar

- Sigríður Björnsdóttir. Íslenski hrossastofninn stendur keikur. Morgunblaðið 9. maí 2011.
- Sigríður Björnsdóttir. Hreinsun reiðfatnaðar við komuna til landsins. www.mast.is.
- Sigríður Björnsdóttir. Skortur á andoxunarefnunum E-vítamíni og seleni getur valdið alvarlegum sjúkdómum í hrossum. Óbirt.

6.4.2. Skýrslur

- Sigríður Björnsdóttir. Niðurstöður heilbrigðisskoðana á LM 2011 „Klár í keppni“ / Report from the Veterinary examinations at LM 2011 “Fit for competition test”. www.mast.is.

6.4.3. Erindi

- Sigríður Björnsdóttir, Vilhjálmur Svansson, Ólöf Sigurðardóttir og Eggert Gunnarsson. Faraldur smitandi hósta í íslenska hrossastofninum. Fræðing Landbúnaðarins 2011.
- Sigríður Björnsdóttir, Þorvaldur Kristjánsson, Sigurjón Einarsson, Charles Ley. Áhrif fótstöðu ungra hrossa á brjóskeyðingu í flötu liðum hækilsins. Fræðing Landbúnaðarins 2011.
- Sigríður Björnsdóttir. Keeping the horse healthy. Housing and management of horses in nordic and Baltic climate. NJF seminar nr. 437, 6.-7. June 2011, Iceland. NJF Report, Vol 7, No 2 2011, pp 26.
- Kristjánsson, T., Arnason T., Björnsdóttir, S., Crevier-Denoix, N. and Pourcelot, P. 3-D video morphometric measurements of conformation of the Icelandic horse. EAAP conference Stavanger Forum Monday 29th of August.
- Sigríður Björnsdóttir, Vilhjálmur Svansson, Ólöf Sigurðardóttir and Eggert Gunnarsson. Outbreak of Respiratory Tract Infection in the Icelandic Horse Population. The Nordic Equine Veterinary Conference, Copenhagen, Denmark. November 4.-6. 2011.
- Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Vilhjálmur Svansson, Sigríður Jónsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Sara Björk Stefánsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Christina Whimer, Bettina Wagner. Áhrif móður á þróun sumarexems hjá afkvæmi, uppsetning tilraunar. Líffræðiráðstefnan 11.-12. nóvember 2011.

6.4.4. Önnur stjórnsýsluverkefni

- Í starfshópi um skráningu sjúkdómsgreininga og lyfjanotkunar í búfé, www.heilsa.is
- Tilraunadýranefnd.
- Í undirbúningsnefnd fyrir norræna ráðstefnu í hestadýralækningum sem haldin var 2011.
- Í ritstjórn Acta Veterinaria Scandinavica
- Rökstuðningur fyrir þörfinni á áframhaldandi banni við innflutningi lifandi hrossa.

7. Loðdýr

Árið 2011 voru starfrækt 22 minkabú í landinu með um 37.648 paraðar læður. Fjölgað hefur um eitt minkabú frá síðasta ári en hafin var ræktun á nýju bú í Suðurumdæmi. Búin skiptast eftir umdæmum á eftirfarandi hátt:

- Suðvesturdæmi, 1 minkabú
- Norðvesturumdæmi, 8 minkabú
- Norðausturumdæmi, 2 minkabú
- Austurumdæmi, 4 minkabú
- Suðurumdæmi, 7 minkabú

Í landinu er einnig starfrækt eitt kanínubú en ekkert refabú.

Staða minkaræktarinnar í landinu er góð enda er verð á minkaskinum á mörkuðum hátt. Mikill árangur hefur náðst í ræktunarstarfi minkabænda sem hefur skilað sér í stærri dýrum og betri feldgæðum. Þessi árangur fleytti íslenskum skinnnum í annað sæti þeirra þjóða sem selja skinn hjá uppboðshúsinu Kopenhagen Fur á síðasta ári.

Mikill innflutningur var af minkum til landsins á árinu en Samband íslenskra loðdýrabænda flutti inn kynbótadýr bæði í maí og desember. Fjallað er um innflutning minka í kafla VI.4.2.

7.1. Sjúkdómar

Sjúkdómstíðni á minkabúum á árinu var svipuð og síðustu ár. Skita í læðum, fitugir hvolpar, ásamt þvagfærasýkingu og þvagsteinum komu upp á nokkrum minkabúum á landinu og var meðhöndlað með sýklalyfjum á sumum búanna.

Upp úr miðjum júlí fór að bera á óvenjumiklum minkadauða á búum í Skagafirði. Niðurstaða krufninga gaf enga ákveðna skýringu á þessum dauða. Meðhöndlað var með sýklalyfjum á sumum búanna en í byrjun ágúst hafði þetta ástand gengið yfir án þess að á því myndist skýring.

Hvolpadauði hefur verið vaxandi vandamál á minkabúum á landinu undanfarin ár. Dauðinn hefur verið kortlagður út frá ýmsum breytum (t.d. kyni, lit o.fl.) ásamt því að árið 2010 voru dýr send til krufninga frá 6 búum. Engin ákveðin skýring hefur þó verið fundin á þessu vandamáli. Sem hluti af þessu verkefni stóð Samband Íslenskra loðdýrabænda fyrir átaki í fóðurgerð fyrir minka hér á landi á síðasta ári sem verður framhaldið á nýju ári.

Í byrjun apríl greindist nýr sjúkdómur í minkum á Íslandi sem hefur verið nefndur smitandi fótasár. Þar sem sjúkdómsvaldur smitandi fótasárs er enn óþekktur var sjúkdómurinn greindur út frá einkennum. Í apríl var strax talið öruggt að smitandi fótasár væri á sex minkabúum á landinu í Suður-, Norðvestur- og Austurumdæmi. Fleiri bú bættust í hópinn síðar á árinu. Sjúkdómurinn fannst bæði hjá heimaöldum og innfluttum minkum.

7.1.1. Smitandi fótasár í minki

Smitandi fótasár hefur verið nefnt ýmsum nöfnum erlendis svo sem pododermatitits, foot rot eða foot and face rot. Fyrst fór að bera á þessum sjúkdómi í minkum í Kanada um 1996 en þó er jafnvel talið að hann hafi einnig verið til staðar í Utah í Bandaríkjunum um 1970. Talið er að sjúkdómurinn smitandi fótasár hafi verið fluttur frá Kanada til Evrópu með lífdýrum en til Íslands er talið að sjúkdómurinn hafi komið með innfluttum minkahögnum frá Danmörku. Reynsla erlendis frá af sjúkdómnum er sú að hann virðist einungis koma inn á bú með lífdýrum. Þar sem ekki var hægt að fastsetja hvenær smitandi fótasár barst til landsins og það að ekki er hægt að greina hann nema að dýrið sé með dæmigerð einkenni var talið nokkuð víst að hann væri þegar kominn á flest minkabú í landinu. Því var ekki gripið til sérstakra takmarkana á búin sem sjúkdómurinn fannst á í apríl. Gefnar voru út leiðbeiningar til minkabænda um hvernig bregðast mætti við smitandi fótasári í minkum. Tvennt var í stöðunni; annaðhvort að lóga dýrum með einkennum strax eða meðhöndla. Þar sem lítið er vitað um sjúkdóminn smitandi fótasár verður meðhöndlunin aldrei nógu markviss og er nauðsynlegt að meðhöndlun sé hafin snemma í sjúkdómsferlinu til þess að hún komi að gagni. Í dag er stefnan sú hjá flestum minkabændum að dýrum með einkennum er lógað strax enda virðist það vera sú aðferð sem virkað hefur best erlendis til að losna við sjúkdóminn út af búunum. Minkar í einangruninni voru sérstaklega skoðaðir m.t.t. til þessa sjúkdóms og fundust tveir grunsamlegir sem var lógað. Minkabændur hafa einnig lagt áherslu á að skoða dýr sem þeir selja milli búa m.t.t. sjúkdómsins og senda einungis frá sér sjáanlega heilbrigð dýr.



Smitandi fótasár í minki

Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins vegna reglugerðarbundins eftirlits með plasmacytosis reyndust neikvæðar í ár.

7.2. Fundir og fræðsla

Fundur Nordic Association of Agricultural Scientists (NJF) fyrir dýralækna er starfa innan loðdýrageirans var haldin í Svíþjóð í febrúar. Dýralæknir loðdýrasjúkdóma tók þátt í fundinum og hélt þar erindi sem bar heitið „Health situation in fur farming in Iceland“.

8. Nautgripir

Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru 73.718 nautgripir í landinu; þar af 25.711 mjólkurkúr á 730 búum, 1.672 holdakúr á 125 búum og 18.978 geldneyti á 865 búum.

8.1. Sjúkdómar

Tekin voru heilasýni úr 116 kúm og 4 ungneytum sem var slátrað í sláturhúsum og skimað eftir kúariðu á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ekki fannst kúariða í þessum sýnum.

Tekin voru mjólkursýni úr tönkum á 80 búum um allt land til að rannsaka m.t.t. smitandi hvítblæðis (EBL) og smitandi barkabólgu/fósturláts (IBR/IPV). Tekin voru blóðsýni úr 80 kúm á 16 búum sem rannsökuð verða m.t.t. smitandi fósturláts (*Brucella melitensis* og *B. abortus*). Tilraunastöðin að Keldum hefur milligöngu um að senda sýnin til rannsóknastofa erlendis. Ekki fundust merki um þessa sjúkdóma í sýnunum.

Aðeins voru tekin 40 blóðsýni úr kúm þar sem skimað var eftir garnaveiki og voru þau öll neikvæð.

Ellefu sýni af margvíslegum toga úr nautgripum voru send til Keldna til rannsóknar. Niðurstöðurnar af ýmsum gerðum.

8.2. Dýravelferð

Með reglugerð nr. 1319/2011 var reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra breytt þannig að hlutinn sem fjallaði um framleiðslu mjólkur og annarra afurða var felldur út. Nú heitir reglugerð nr. 438/2002 Reglugerð um aðbúnað nautgripa. Reglugerðin sem fjallar um mjólkurframleiðslu er Reglugerð nr 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 853/2004 um hollustuhæti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

8.3. Rannsóknir

Rannsókn á því hvort salmonella eða *E.coli* O157 fundust í nautgripum á Íslandi lauk með útgáfu á skýrslu 19. apríl 2011 Rannsókn á *E. coli* og salmonellu í nautgripum á Íslandi, janúar 2010 – janúar 2011. Í þessari athugun var verið að rannsaka hvort kýrnar bera sýkla sem geta verið hættulegir mönnum. Hvorki *E. coli* O157 né salmonella hafa fundist í þessari athugun svo litlar líkur eru á því að þessar sýkingar berist í fólk úr nautgripaafurðum á Íslandi.

Ennþá stendur yfir á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri rannsókn á bóluefni, Startvac® gegn jógurbólgu í kúm.

8.4. Skráningar í gagnagrunninn MARK

Seint á árinu komu nokkrar nýjar reglugerðir um innleiðingu á reglugerðum ESB um merkingar og skráningar nautgripa. Þær eru reglugerð nr 968/2011, 969/2011, 970/2011, 971/2011 og 972/2011. Verið er að breyta reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár til samræmis við þessar reglugerðir. Helsta breytingin sem varð við upptöku þessara reglugerða var að allir nautgripir sem fæddir eru eftir 1. nóvember 2011 eða fá merki í sig ef þeir hafa misst merki skulu vera merktir með merkjum í bæði eyru.



9. Sauðfé og geitur

Sauðkindur á landinu voru 479.018 á 2.660 búum, þar af 374.434 ær, 11.664 hrútar, 84.287 gimbrar og 9.362 lambhrútar. Geitur voru 729 hjá 61 eiganda.

9.1. Sjúkdómar

Leit að garnaveiki fer að mestu fram í sláturhúsum og aðeins eru sendar inn til greiningar garnir sem hafa grunsamlegt útlit. Þannig fannst garnaveiki í fjórum kindum hverri á sínum bænum. Auk þess komu 505 garnasýni til skimunar á Keldur, flest úr Dalahólfi. Í þeim fundust ekki merki um garnaveiki.

Leitað var að riðu í 3.490 sýni frá 201 búi. Flest sýnin voru tekin í sláturhúsum, en auk þess voru tekin sýni úr kindum sem slátrað var heima og kindum sem komu til krufningar á Keldum. Í einni kind frá Merki á Jökuldal fannst afbrigðileg riða Nor98. Þetta var undir lok skimunarinnar þannig að komið var fram yfir áramót 2012 þegar tilfellið uppgötvaðist. Notuð eru sýni úr mænukeylfu til að leita að riðu þannig að aðeins er hægt að leita í dauðum kindum.

Um 60 svör bárust um rannsóknir sem gerðar voru á innsendum sýnum vegna kinda á Keldum. Oft fjalla svörin um rannsóknir á fleiri einstaklingum sem þá hafa drepist úr einhverju svipuðu. Um er að ræða margvíslega sjúkdóma, en algengast er að send eru inn lömb eða líffæri úr kindum sem hafa verið með einhver sjúkdómseinkenni frá öndunarfærum. Mikið öskufall í gosi í Grímsvötnum olli fyrst og fremst augnskemmdu í sauðfé austast í V-Skaftafellssýslu. Svo virðist að augun hafi jafnað sig þegar frá leið. Einnig er grunur um að óeðlilegt tannslit hafi orðið í lömbum. Á næstu árum verður fylgst með kindum á áhrifsvæðum eldgosanna í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011.

9.2. Sala og kaup á líflömbum og kiðum

Veitt voru 374 leyfi til að kaupa lömb. Sótt var um kaup á 1.082 hrútum og 4.264 gimbrum. Veitt voru 19 leyfi til þess að kaupa 41 hafra og 168 huðnur. Nú eru 129 aðilar sem hafa leyfi til að selja lömb. Ekki hefur verið tekið saman hve mörg lömb eða kið voru seld en einhver leyfi voru ekki notuð.

9.3. Velferð

Ennþá er það svo að takast þarf á við aðbúnaðarmál sauðfjár. Slík mál reyna helst á héraðsdýralæknana, sem fá aðstoð frá lögfræðingum stofnunarinnar ef til kærómála kemur. Fyrir utan vandan aðbúnað sauðfjár hefur þurft að taka á málum þar sem merkingar sauðfjár eru ekki í lagi.

Því miður berast öðru hverju fréttir um að sauðfé gangi úti langt fram eftir vetri eða allan veturinn. Ekki er ljóst hvort þetta er orðið algengara en áður var, en ætla má að fækkun bænda og mildari vetur geri það að smalamenskum sé ekki sinnt eins og skildi.

9.4. Málefni geita

Vaxandi áhugi hefur verið á því að eignast geitur undanfarin ár. Viðskipti með geitur hafa verið heldur frjálsligri en viðskipti með lömb að því leyti að flutningar hafa verið leyfðir ef mat héraðsdýralækna og dýralæknis sauðfjárjúkdóma hefur verið það að heilsufar sauðfjár hefur verið sambærilegt á sölusvæðinu og þar sem kaupandinn býr. Hefur þetta verið gert vegna þess að aðeins er eitt geitabú á lambasölusvæði.

Leyfður var flutningur 4 geithafra inn í gömlu nautauppedisstöðina í Þorleifskoti, sem hafði staðið ónotuð í nokkra mánuði. Dýralæknir sauðfjárjúkdóma tók að sér að frysta sæði úr þeim. Voru frystir á annað hundrað skammta, en tveir skammtar eru notaðir í hverja sæðingu. Að lokinni frystingu var höfrunum lógað.

9.5. Fundir og fræðsla

Dýralæknir nautgripa- og sauðfjárjúkdóma mætti á nokkra fundi með bændum bæði með fræðsluerindi og til viðræðu um málefni greinarinnar á tilteknum svæðum. Meðal annars fór hann með formanni og framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárnænda á svokallaða súpufundi með sauðfjárnændum á nokkrum stöðum í öllum landshlutum.

Kynnti hann þar starfsemi MAST og svaraði fyrirspurnum. Einnig fór hann og skoðaði aðstæður í V-Skaftafellssýslu að loknu Grímsvatnagosi og var á fundi með íbúum eftir að því lauk.

Hann er í stjórn NKVet og mætti á ráðstefnu á vegum NKVet um umhverfismengun og dýraheilbrigði sem haldin var í Helsinki 6. og 7. október. Hann fór einnig á fund sérfræðinga í fósturþróun og meðgöngu sem haldinn var í Þýskalandi í september og kynnti fyrir þeim vandamál sem tengjast dauðfæddum kálfum og fósturvísadauða í gemlingum. Ef fjármagn fæst eru sérfræðingar í Belgíu tilbúnir að liðsinna með hormónamælingar sem geta tengst þessum vandamálum.

Hann kenndi á námskeiði í sauðfjarrækt í Bændadeild Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Þá kenndi hann sauðfjársæðingar á tveimur námskeiðum.

10. Svín

Tiltölulega litlar breytingar urðu í svínarækt hérlendis undanfarin ár. Eitt nýtt svínabú hóf starfsemi á árinu og annað bú hefur tekið ákvörðun um að hætta. Það ferli er farið í gang. Svínainflúensa þan H1N1 2009 greindist ekki á árinu og var sjúkdómastaða svína góð. Að venju var veitt ráðgjöf til svínabænda og dýralækna og gott samstarf var við Svínaræktarfélag Íslands.

Eftirlit með salmonellu í svínum er framkvæmt með **kjötsafasýnum** þar sem fylgst er með mótefnum í kjötsafa gegn salmonellu allt árið, **stroksýnum af skrokkum** þar sem leitað er að salmonellu á yfirborði svínaskrokka við hverja slátrun og **saurýnum** þar sem leitað er að salmonellu einu sinni á ári á svínabúum í fyrsta flokki. Tíðni salmonellu hélt áfram að lækka miðað við árið þar á undan og er komið niður í 1,27% sem er mjög ásættanlegt.

10.1. Sjúkdómar

Þarmabólga (PIA, regional ileitis, *Lawsonia intracellularis*) braust út á einu svínabúi á liðnu ári. Þessi sýkill er viðvarandi á nokkrum búum hérlendis og nær að verða sjúkdómsvaldandi ef aðbúnaður og mótstöðuafli dýranna dvínar. Tvær alvarlegar salmonellutegundir greindust á árinu en virkt eftirlit kemur í veg fyrir að smit geti borist inn í matvælakeðjuna. Í sláturhúsum fer fram virkt sjúkdómaeftirlit. Svínin eru lífskoðuð af dýralækni fyrir förgun og síðan eru líffæri og skrokkur heilbrigðisskoðuð, stroksýni tekin áður en afurðir fara á markað. Fósturlát, got fyrir tímatal, salmonella, brósthimnubólgur, lungnabólgur, liðabólgur og PSE/DFD-kjöt eru vandamál sem svínaræktin á að glíma við. Nánari upplýsingar um salmonellu í svínum má finna í kafla VII.2.

10.1.1. Greining sjúkdóma

Greining sjúkdóma fór fram á hefðbundinn hátt. Sjálfstætt starfandi dýralæknar og héraðs- eða eftirlitsdýralæknar senda inn grísi eða líffæri úr svínum frá sláturhúsum til rannsókna hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Þeir sjúkdómar sem helst greinast við krufningar og skoðun sýna eru salmonella, lungabólga (lungnapest og illkynja lungnabólga), bjúgveiki, fráfaruskita, spenagrísaskita, þarmabólga, heila- og heilahimnubólga og liðabólga.

10.2. Eftirlit

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum landsins. Svínabúin eru heimsótt a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess fara sömu eftirlitsaðilar með kjötskoðun í svínasláturhúsum landsins, taka sýni fyrir kjötsafapróf til mótefnamælinga, stroksýni fyrir sýklaleit og síðast en ekki síst, saursýni á svínabúunum.

10.3. Dýravelferð

Á árinu var tekin í notkun ný reglugerð um aðbúnað svína nr. 353/2011. Helstu breytingar eru, að bannað er nú að klippa hala svína og lausaganga er skilyrt innan 10 ára.

10.4. Fundir og fræðsla

- Ráðstefna um geldingar svína, Brussel, febrúar.
- Námskeið um svínaveiferð, Pacera, Ítalíu, júlí.
- Nefnd til að semja reglugerð um aðbúnað á svínabúum.

11. Nefndarstörf

14.1. Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eitrefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Nefndin heldur fundi að minnsta kosti ársfjórðungslega en auk þess eru haldnir fundir þegar þörf er talin á.

Í nefndinn situr af hálfu Dýraheilbrigðisviðs Halldór Runólfsson og Auður Lilja Arnþórsdóttir sem varafulltrúi.

14.2. Lyfjanefnd

Lyfjanefnd starfar samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 og er ráðgjafarnefnd Lyfjastofnunarinnar um lyfjamál. Nefndin er skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði og þegar fjallað er um dýralyf taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Halldór Runólfsson er aðalfulltrúi og Björn Steinbjörnsson er varafulltrúi.

14.3. Nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að vakta ónæmi fyrir sýklalyfjum meðal sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi. Jafnframt skal nefndin fylgjast með notkun sýklalyfja og vera yfirvöldum og öðrum er málið varðar til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og öðru sem að gagni má koma til að hindra myndun ónæmis. Halldór Runólfsson situr í nefndinni.

14.4. Tilraunadýranefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd og helsta hlutverk hennar er að veita leyfi til þeirra dýratilrauna sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og auk þess situr Sigríður Björnsdóttir dýralæknir og Jón Kalmansson síðfræðingur í nefndinni. Ekki hefur tekist að fá fjármagn til að ráða ritara fyrir nefndina.

14.5. Fisksjúkdómanefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Helsta hlutverk nefndarinnar er að vera Matvælastofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna, en þar er tekið fram að stofnunin skuli hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og geri tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og varamaður hans og ritari nefndarinnar er Gísli Jónsson.

14.6. Stjórn Tilraunastöðvarinnar á Keldum

Stjórnin starfar samkvæmt lögum nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Hlutverk stjórnar stofnunarinnar er m.a. að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar. Að samþykka starfs- og fjárhagsáætlanir Tilraunastöðvarinnar og bera ábyrgð á reikningum hennar og fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns. Halldór Runólfsson er skipaður af Háskólaráði samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

14.7. Stjórnskipuð nefnd um endurskoðun laga um dýravernd og um búfjárhald.

Nefndin var upphaflega skipuð af umhverfisráðherra í apríl 2008, undir formennsku fulltrúa umhverfisráðuneytisins, en síðar var hún endurskipuð í nóvember 2009 og þá tók fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við formennsku. Markmið með skipun nefndarinnar var að gera stjórnsýslu og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar sem skilvirkasta. Nefndin hélt marga fundi á árinu og lagði fram tillögur að frumvarpi um ný lög um dýravelferð á vordögum 2011. Halldór Runólfsson hefur setið í nefndinni síðan í nóvember 2009.

14.8. Stjórnskipaður stýrihópur um heilsufarsleg áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á menn og dýr.

Heilbrigðisráðherra skipaði upphaflega hópinn í júní 2010 og síðan var hann endurskipaður í ágúst 2010. Markmið með þessari skipun stýrihóps var að unnið skuli að vísindarannsókn á heilsufarslegum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli til langs tíma á menn og dýr. Sérstök áhersla verður lögð á að rannsaka áhrifin í námunda við eldstöðina. Stýrihópurinn hefur þegar sett í gang ýmsar rannsóknir og á dýraheilbrigðisviðnu hefur Tilraunastöðin á Keldum komið að verkefninu ásamt starfsmönnum dýraheilbrigðisviðs MAST. Halldór Runólfsson hefur setið í stýrihópnum síðan í ágúst 2010.

14.9. Vinnuhópur um endurskoðun laga um verndun og veiðar villtra dýra

Umhverfisráðherra skipaði á árinu 2010 nefnd sem hefur það hlutverk að varpa ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða, og leggja fram skýrslu með tillögum um úrbætur, með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Formaður nefndarinnar er Menja von Schmalensee hjá Náttúrustofu Vesturlands en alls eru í nefndinni 8 manns frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Auður Lilja Arnþórsdóttir dýralæknir á dýraheilbrigðisviði Matvælastofnunar er fulltrúi Dýralæknafélags Íslands í nefndinni.

14.10. Alþjóða dýraheilbrigðismálastofnunin - OIE

Stofnunin hefur starfað síðan 1924 með aðsetur í París. Ísland hefur verið aðili að stofnuninni í u.þ.b. 30 ár og alls eru um 170 lönd aðilar. Helsta hlutverk OIE er að safna upplýsingum um stöðu dýrasjúkdóma í öllum löndum heims og koma þeim jafnóðum til aðildarlandanna, en þetta eru mikilvægar upplýsingar t.d. vegna alþjóða verslunar með dýr og dýraafurðir. Stofnunin gefur m.a. út skilgreiningar á dýrasjúkdómum og hvernig skal greina þá. Yfirdýralæknir er fulltrúi Íslands hjá stofnuninni. Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir er tengiliður varðandi tilkynningar um dýrasjúkdóma til OIE og jafnframt tengiliður varðandi upplýsingamiðlun. Gísli Jónsson er tengiliður varðandi sjúkdóma í lagardýrum og jafnframt tengiliður varðandi villt dýr. Ólafur Jónsson héraðsdýralæknir er tengiliður varðandi frumframleiðslu dýraafurða og örugga matvæla.

14.11. Alþjóða viðskiptastofnunin - WTO

Stofnunin tók til starfa 1995 á grundvelli eldri stofnunar sem var kölluð GATT og hafa Íslendingar verið aðilar að báðum stofnunum. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í einni af nefndum stofnunarinnar sem kölluð er SPS - eða Sanitary and Phytosanitary nefndin, sem fjallar um málefni sem tengjast alþjóðaverslun með dýraafurðir og hvernig beita má sértækum aðgerðum við innflutning þegar sýnt hefur verið fram á að löndin hafi sérstaka þörf á að vernda heilsu manna, dýra og plantna. Vegna sparnaðaraðgerða voru engir fundir sóttir árið 2011.

14.12. Norrænt samstarf á vegum norrænu ráðherranefndarinnar - NMR

Starfsmenn á sviði heilbrigðis og velferðar dýra hafa tekið þátt í ýmsum nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) þar sem fjallað hefur verið um dýrasjúkdóma og velferð dýra. Má þar nefna að Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir starfar í nefnd um aflifun dýra og Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir starfar í tveimur nefndum, annars vegar nefnd sem hefur það hlutverk að taka við og meta umsóknir um verkefni á sviði örverufræði, dýrasjúkdóma og dýravelferðar (NMDD), og hins vegar starfshópi um viðbrögð við dýrasjúkdómum á svæði Norðurlanda og Eystrasaltslanda (NBVCG).

14.13. Samstarfsnefnd EFTA - EES ríkjanna um dýra- og dýraafurða mál

Hér er um að ræða fastanefnd sem tekur eftir þörfum upp sameiginleg mál með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem varða framkvæmd EES samningsins á sviði dýra og dýraafurða. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni, en engir fundir voru haldnir árið 2009, vegna tafa á innleiðingu matvælalöggjafarinnar hér á landi. Frá og með byrjun árs 2010 var yfirdýralæknir formaður nefndarinnar. Á árinu 2011 voru nokkrar fastanefndir um matvæli og fóður auk dýraheilbrigðis sameinaðar í eina fastanefnd og situr yfirdýralæknir í þeirri nefnd.

14.14. Samstarf norrænna yfirdýralækna

Norrænir yfirdýralæknar hafa í yfir 40 ár fundað árlega til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á Norðurlöndunum. Fundur var haldinn á Íslandi árið 2010, í Færeyjum 2011 og verður haldinn í Svíþjóð 2012.

14.15. Samráðshópur sérfræðinga varðandi innflutningsbann á hráum dýraafurðum og lifandi dýrum.

Í desember 2011 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra samráðshóp sem falið var að gera grein fyrir rökstuðningi og stefnumörkun Alþingis varðandi bann við innflutningi hrárra dýraafurða frá ríkjum ESB, þrátt fyrir innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins. Formaður hópsins er Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri í SLR og frá MAST eru: Auður Lilja Arnþórsdóttir og Konráð Konráðsson

14.16. Vinnuhópur EFSA um áhættumat vegna dýraheilbrigðis og dýravelferðar

MAST er tengiliður Íslands við Matvælaöryggisstofnun Evrópu - EFSA. Yfirdýralæknir á sæti í vinnuhóp á vegum EFSA sem fjallar um áhættumat vegna dýraheilbrigðis og dýravelferðar og sóttir voru tveir fundir í Parma á Ítalíu á árinu.

1. Um inn- og útflutning

Matvælastofnun (MAST) ásamt heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) fer með eftirlit með framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla á Íslandi. Eftirlit MAST nær til inn- og útflutnings matvæla, ýmissra dýraafurða og tækja sem hafa verið notuð í landbúnaði. Umdæmisskrifstofa MAST er staðsett að Stórhöfða 23, 110 Reykjavík. Á umdæmisskrifstofunni hafa aðsetur skrifstofa inn- og útflutningeftirlits og héraðsdýralæknir Suðvesturumdæmis. Báðar þessar deildir innan MAST koma að inn- og útflutningseftirliti.

Hlutverk inn- og útflutningsskrifstofu er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis, dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis og ýmsum öðrum afurðum. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

Grundvallarbreytingar komu til framkvæmda á árinu. Matvælalögum var breytt með lögum nr. 143/2009. Þar með er breytt ýmsum lögum varðandi undanþágur frá I. Kafla I. viðauka við EES-samninginn. Með þessu koma til framkvæmda ýmis lög varðandi flutning matvæla, þ.m.t. dýraafurða til landsins. Með þessu gilda nánast sömu reglur um eftirlit með innflutningi búfjárafurða og gilt hafa til margra ára um fiskafurðir. Því hefur átt sér stað nokkur samræming með innflutningseftirliti afurða. Þrátt fyrir þetta eru enn í gildi íslenskar reglur varðandi innflutning á dýraafurðum.

Með lagabreytingunum sem tóku gildi 1. nóvember 2011, breyttist mjög eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Með innleiðingu evrópureglna fellur niður þörf fyrir útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir búfjárafurðir frá Íslandi til annarra EES ríkja. Að sama skapi ætti krafa Íslands um opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð með innflutningi afurða frá EES ríkjum að falla niður. Svo er þó ekki, því enn eru í gildi íslenskar reglur sem kveða á um að slíkt vottorð skuli fylgja afurðunum. Hið svokallaða frjálsa flæði hefur því ekki náð fullkomnun á Íslandi. Þá er enn í gildi bann við innflutningi á fersku hráu kjöti. Það skal allt hafa verið frosið í a.m.k. einn mánuð fyrir tollafgreiðslu. Ein megin breytingin varðandi innflutningseftirlit er að nú þurfa allar búfjárafurðir frá ríkjum utan EES að vera tilkynntar með a.m.k. 24 klst fyrirvara í TRACES (Trade Control and Expert System), koma til hafnar með þar til samþykktu landamærastöð og vera skoðuð þar. Óheimilt er að flytja slíkar vörur til annarra hafna á landinu.

Efnahagsbreytinganna sem urðu seint á árinu 2008 og inná árið 2009 gætti enn árið 2011. Þó er nokkur aukning í innflutningi s.s. á kjúklingakjöti og nautakjöti frá síðasta ári (sjá *Mynd VI.3.1*) Íslenska krónan hefur staðið höllum fæti sem virðist koma fram í aukningu í útfluttum afurðum. Veruleg breyting hefur orðið í útflutningi á ýmsum sláturafurðum sem annars væru líklega urðaðar. Aukning hefur orðið í útflutningi þessara afurða, sem sést á aukningu á útflutningi sauðfjárafurða. Gildir hér tvennu, að förgunarkostnaður afurðastöðvanna minnkar og skilaverð í erlendum gjaldeyri vegna stöðu íslensku krónunnar er mun hagstæðari fyrir útflutninginn.

Þrátt fyrir breytingar á reglum um búfjárafurðir eru reglur varðandi innflutning lifandi dýra óbreyttar.

Tilkynningar í gegnum viðvörðunarkerfi Evrópu um matvæli og fóður (Rapid Alert System for Food and Feed - RASFF) árið 2011 fóru í tæplega 9.000 á árinu sem er 7% fjölgun á milli ára. Flestar tilkynningar voru um matvæli frá Asíu og um aflatoxín í fóðri og hnetum. Örverumengun var í ferskum kryddjurtum og grænmeti, einkum frá Bangladesh. Það voru 93 tilkynningar um innkallanir á efnum og hlutum í snertingu við matvæli frá Kína.

RASFF-tilkynningar um innfluttar vörur til Íslands voru 17 þar af 5 sem Ísland tilkynnti inn í kerfið.

Árið 2011 einkenndist af tveimur stórum viðburðum er vörðuðu öryggi matvæla í heiminum. Jarðskjálftar í Japan ollu því að matvæli frá Japan voru talin örugg vegna hættu á geislavirkni. Í Þýskalandi veiktust fjölmargir af sýkingu sem reyndist svo vera EHEC frá spíruðum egyptskum grikkjasmárafræjum. Í báðum þessum tilvikum voru settar strangar innflutningshömlur með samevrópskum reglugerðum.

2. Innflutningur áburðar, plantna og fóðurs

Fjallað er um innflutning á áburði, fóðri og plöntum í kafla IV.2, IV.3 og IV.4.



3. Innflutningur matvæla

3.1. Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fóðurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Afgreiddar voru 25 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, samkvæmt nýrri reglugerð nr. 835/2010 um auknið eftirlit með innflutningi á matvælum sem ekki eru af dýrauppruna. Um 68 tilkynningar um innlend og erlend matvæli voru send til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um aðgerðir og innköllun á markaði. Flestar innkallanir voru vegna vanmerkingar en einnig var algengt að innkallanir vegna aðskotahluta og örverumengunar. Heilbrigðiseftirlitssvæðin fara með eftirlit á matvælum á markaði og tilkynna til Matvælastofnunar ef þörf er á aðgerðum.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA-ríkja (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði síðan árið 1979. Heildarfjöldi RASFF-tilkynninga á árinu voru tæplega 9000. Alls voru 18 RASFF-tilkynningar um vörur sem höfðu borist til Íslands og var um að ræða í fimm tilkynningar um matvæli og eldhúsáhöld frá Kína. Aðrar tilkynningar voru m.a. um matarsýkingar vegna neyslu á andarbringum, ólöglega efnið cyanurik-sýru í gæludýrafóðri og skordýr í músli. Tilkynningar um grun um díoxín í íslensku lambakjöti var sent í gegnum kerfið og var um að ræða sláturgripi frá einum bóndabæ á Vestjörðum sem lá innan þynningarmarka sorpbrennslustöðvar. Önnur tilkynning um gallaða vöru frá Íslandi var um hringorma í úthafskarfa sem unninn var í frystitogara. Ísland sendi frá sér sex tilkynningar á árinu í gegnum RASFF-kerfið m.a. um málmflísar í frosnu ávaxtamauki (smoothie) og salmonellu í sojamjöli til fóðurgerðar frá Argentínu (sjá *Töflu VI.3.1*).

Tafla VI.3.1: RASFF tilkynningar 2011 er varða Ísland

Matvæli	Ástæða	Upprunaland
Furuhnetur	Aflatoxín	Pakistan
Eldhúsáhöld úr plasti	Melamín	Kína
Lambakjöt**	Díoxín*	Ísland
Andarbringur *	Salmonella	Holland
Eplasider	Sulfit	Belgía
Gæludýrafóður*	Cyanuric-sýra	Holland/Þýskaland
Muslí	Skordýr*	Þýskalandi
Hrisgrjón	Erfðabreytt	Kína
Gæludýrafóður	Fölsun	Belgía
Graskerjafrae	Benzopyren	Kína
Repjuolía	Benzopyren	Þýskaland
Frosinn sjávarkokteill	Salmonella	Víetnam
Þurrkað ávaxtarsalat	Skordýr*	Bretland
Sojabaunamjöl til fóðurs	Salmonella	Argentína
Frosið ávaxtamauk (smoothie)	Málmflísar*	Kína
Hindber	Nóróveira	Kína
Innyfli til fóðurgerðar	Heilbrigðisvottorð**	Ísland
Karfi	Hringormar**	Ísland

* RASFF-tilkynning frá Íslandi ** Matvæli tengist íslensku fyrirtæki

3.1.1. Nýjar reglugerðir

Nýjar reglugerðir tóku gildi á árinu. Í kjölfar af innleiðingu reglugerðar nr. 106/2010 um opinbert eftirlit komu innflutningsreglugerðir sem sameinuðu margar reglugerðir sem birtar voru áður sem auglýsingar.

Það má nefna sameiningu allra auglýsinga um hömlur á innflutningi á hnetum og fíkjum vegna aflatoxíneiturs. Innflytjendur þurfa nú að tilkynna innflutning og fylla út CED samræmt komuskjal. Ákveðnar sendingar eru skoðaðar og eru tekin sýni samkvæmt sýnatökutíðni í viðauka 1 reglugerðarinnar eða í öðrum tengdum reglugerðum.

Á síðasta ári var einni sendingu af möndlum fargað vegna skorts á heilbrigðisvottorðum og ein sending af kryddi fór í sýnatöku í mælinga á súdan-litarefnum og reyndist vera neikvætt.

Innflutningsreglugerðir sem innleiddar voru á árinu og byggðar eru á EB-reglugerðum, númer:

- 669/2009 (aukið innflutningseftirlit) IS 835/2010 *Endurskoða 4x/ári nýjasta EB viðaukinn
- 16/2011 RASFF bíður birtinga
- 1152/2009 Aflatoxín (myglueitur) IS 284/2011
 - Jarðhnetur frá Egyptalandi og Kína
 - Heslihnetur og fíkjur frá Tyrklandi
 - Pistasiur frá Íran og Tyrklandi
 - Parahnnetur frá Brasilíu
 - Möndlur frá Bandaríkjunum
- Heilbrigðisvottorð og niðurstöður úr sýnatöku og greiningu. 10-100* % sýnatökuskylda *Brasilía
- 258/2010 Guargúmmí (Indland) IS 313/2011
- 1135/2009 Melamín (Kína) IS 312/2011
- 1151/2009 Sólblómaolía (Úkraína) IS 383/2011
- 297/2011 Geislavirkni (Japan) IS 386/2011
- 402 /2011 Grikkjasmári og baunir (Egyptaland) IS 740/2011

3.2. Sjávarafurðir

Skrifstofa inn- og útflutnings annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi sjávarafurða til landsins og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. lögum nr. 55/1998 og reglugerð nr. 1044/2011.

Innflutningseftirlit með sjávarafurðum felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærastöðvar. Þær eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurflugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík. Landamærastöðvunum er stjórnað frá Inn- og útflutningsskrifstofu í Reykjavík. Stærsti hluti innflutnings á sjávarafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla VI.3.2*).

Tafla VI.3.2: Innfluttar sjávarafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2011

Landamærastöð	Fjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
Reykjavík (Eimskip)	246	13.716.429
Hafnarfjörður	34	8.265.987
Reykjavík (Samskip)	21	2.253.864
Ísafjörður	12	1.431.261
Keflavíkurflugvöllur	6	316
Akureyri	0	0
Húsavík	0	0
Þorlákshöfn	0	0
Samtals:	319	25.667.857

Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var 6.420.692 kg í 69 sendingum. Fjöldi sýnishorna frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsókna eða kynningar voru 36 og vógu samtals 3.504 kg. Á árinu voru alls flutt inn 32.092.053 kg af sjávarafurðum frá þriðju ríkjum, sem er óveruleg aukning frá fyrra ári.


Innan Evrópska efnahagssvæðisins eru viðskipti milli aðildarríkja í svokölluðu frjálsu flæði, þannig að ekki er um eiginlegan innflutning að ræða, en viðskiptaaðilum ber að tilkynna Matvælastofnun um hvenær von er á vörusendingu til landsins. Staðfestingu Matvælastofnunar þarf til þess að fá vöruna tollafgreidda. Alls voru 859 sendingar af sjávarafurðum fluttar inn frá EES-löndum á árinu.

3.3. Kjöt

Með hliðsjón af 5. gr. reglugerðar nr. 509/2004 er heimilt að flytja til landsins hrá matvæli. Afurðunum þurfa að fylgja fullnægjandi vottorð; um uppruna, þær séu af dýrum sem ekki hafi fengið vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum, hafi verið frýstar í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu, séu lausar við salmonellusýkla og viðurkenningu afurðastöðva.

Innflutningur á hráum kjötafurðum nærri þrefaldaðist milli árana 2010-2011. Mest varð aukningin í innflutningi nauta-, kjúklinga- og svínakjöts. Á árinu 2011 var mest flutt inn af hráu kjúklingakjöti eða rúm 500 tonn sem eru 35% af heildarinnflutningi hrárra kjötafurða. Næst mest var flutt inn af nautakjöti eða 450 tonn sem er rúm 31% og í 3. sæti kemur síðan svínakjöt 285 tonn sem er 20% af heildarinnflutningnum.

Mynd VI.3.1: Innflutningur á hráum kjötafurðum 2011 (og 2010), samtals 1.434 tonn (530 tonn 2010). Tollfl. 02




Mikil umræða átti sér stað í fjölmörgum á árinu um hvort heimila ætti innflutning á hráu kjöti fyrir íslenskan markað.

3.4. Soðnar eða unnar búfjárafurðir

Með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar nr. 509/2004 er heimilt að flytja til landsins soðnar eða unnar búfjárafurðir. Afurðunum þurfa að fylgja fullnægjandi vottorð um uppruna, hitameðferð og viðurkenningu afurðastöðva. 16,7% aukning varð í innflutningi á soðnum eða unnum kjötafurðum (tollflokkur 16).


Mynd VI.3.2: Magn innfluttra soðinna eða unninna búfjárafurða 2011 (Samals 175 tonn). Tollfl. 16.



3.5. Mjólkurafurðir

Samantekt um magn innfluttra mjólkurafurða má sjá á *Mynd VI.3.3* en 5,5 % samdráttur varð á innflutningi á ostum og öðrum unnum mjólkurafurðum milli ára.

Mynd VI.3.3: Magn innfluttra osta og annarra unninna mjólkurafurða eftir löndum 2011 (Samtals 314 tonn). Tollfl. 04



4. Innflutningur dýra


Meðal hlutverka Inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

Gæludýrainnflutningur er smátt og smátt að glæðast og fóru um Keflavíkurlugvöll 89 hundar sem fóru í einangrun í Höfnum, 62 hundar í Hrísey. Kettir voru færri, en 12 voru vistaðir í Höfnum, en 15 í Hrísey. Auk móttökueftirlits eru smádyrin tekin út á ný fyrir útskrift. Önnur dýr innflutt á árinu voru 15 dúfur.

4.1. Hundar og kettir

Árið 2006 voru fluttir inn fleiri hundar en áður hafði þekkt en þá urðu einangrunarstöðvarnar tvær í stað einnar áður. Síðan varð mikil fækkun 2009, en þá voru fluttir inn álíka margir hundar eins og var fyrir fjölgun einangrunarstöðva. Á árinu 2011 voru fluttir inn 151 hundar og 26 kettir. Fjöldi innfluttra katta hefur verið nokkuð stöðugur á árunum 2003-2011. Fluttar voru inn 58 hundategundir frá 23 löndum og 9 kattategundir frá 11 löndum. Á árinu 2011 voru fluttir úr landi 294 hundar og kettir þannig að mun fleiri dýr voru flutt út en inn annað árið í röð.

Mynd VI.4.1: Innflutningur hunda og katta 2003-2011



Tafla VI.4.1: Upprunaland innfluttra hunda

Upprunaland	Fjöldi
Bandaríkin	25
Danmörk	23
Svíþjóð	23
Noregur	12
Bretland	10
Spánn	8
Pólland	5
Finnland	5
Þýskaland	5
Kanada	4
Sviss	4
Írland	4
Holland	4
Belgía	3
Slóvakía	3
Nýja-Sjáland	3
Úkraína	2
Frakkland	2
Ítalía	2
Serbía	1
Suður-Afríka	1
Makedónía	1
Lettland	1

Tafla VI.4.2: Innfluttar hunda-/kattategundir *Tafla VI.4.3: Upprunaland innfl. katta*

Hundategund*	Fjöldi	Kattategund	Fjöldi	Upprunaland	Fjöldi
Blendingur	11	Heimilisköttur	16	Danmörk	8
Labrador Retriever	11	Main Coon	2	Noregur	3
Pomeranian	8	Ragdoll	2	Bandaríkin	3
Cavalier K. C. Spaniel	7	Abyssinian	1	Kanada	3
Dachshund	5	Birman	1	Hong Kong	2
Dobermann	4	Norskur skógarköttur	1	Eistland	2
Enskur Cocker Spaniel	3	Russian Blue	1	Ísrael	1
Shih Tzu	2	Siamese	1	Mexíkó	1
Wheaten Terrier	1	Sphynx	1	Pólland	1
				Þýskaland	1
				Rússland	1

*Einum hundi var vísað frá landinu.

4.2. Minkar

Árið 2010 varð gríðarleg aukning á innflutningi minka og hélt sú þróun áfram árið 2011. Mikill innflutningur var af minkum til landsins á árinu en Samband Íslenskra loðdyrabænda flutti inn kynbótadýr bæði í maí og desember.

Þann 4. maí 2011 voru fluttir inn 955 minkahögnar frá fjórum ræktunarbúum í Danmörku. Högnarnir voru vistaðir í einangruninni að Holtsmúla í Skagafirði. Heilbrigði högnanna í sóttkvínni var þolanlegt en högnarnir sem drápu voru krufðir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum. Í júlí drapst nokkuð af högnum í einangruninni úr blóðsýkingu sem rakin var til bakteríunnar *Clostridium baratii*. *Clostridium baratii* er lítið þekkt baktería en hefur verið líkt við bakteríuna *Clostridium botulinum*. Síðasti högninn drapst vegna þessa í byrjun ágúst. Þar sem *Clostridium* er umhverfis- og jarðvegsbaktería og ekki baktería sem liggja í dvala í dýrum, né smitast á milli dýra var ekki talið að um nýjan innfluttan sjúkdóm væri að ræða. Ekki bentu aðrar niðurstöður krufninga til þess að högnarnir væru sýktir af alvarlegum smitandi sjúkdómi og allir högnarnir reyndust neikvæðir í sýnatökum vegna sjúkdómsins plasmacytosis. Einangrun högnanna var því aflétt þann 16. desember 2011 og högnum dreift á ræktunarbú í landinu.

Þann 15. desember 2011 voru fluttar inn 1.200 læður og 240 högnar frá einum ræktenda í Danmörku. Dýrin eru vistuð í einangrun að Mel í Skagafirði en þar var sett upp einangrunarstöð sérstaklega fyrir þennan innflutning. Einangruninni á dýrunum verður aflétt í fyrsta lagi 31. maí 2012. Fjallað er nánar um minka og loðdýrarækt í kafla V.8.


5. Útflutningur matvæla

Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðs vegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.


5.1. Kjöt

Heildarútflutningur kjöts 2011 var 5.090 tonn (4.558 tonn 2010) sem er aukning um 12% milli ára. Mest af lambakjöti (4.581 tonn), því næst svínakjöt (257 tonn) og hrossakjöt (183 tonn). *Mynd VI.5.2* sýnir útflutning á hrossakjöti 2011 eftir löndum og *Mynd VI.5.3* sýnir útflutning á lambakjöti 2011 eftir löndum. *Mynd VI.5.1* sýnir þróun útflutnings á lambakjöti og hrossakjöti sl. 4 ár en útflutningur á lambakjöti jókst um 116% á þessum tímabili.


Mynd VI.5.2: Útflutningur á hrossakjöti 2011 eftir löndum



Mynd VI.5.3: Útflutningur á lambakjöti 2011 eftir löndum (samaltals 4.581 tonn)




Mynd VI.5.1: Útflutningur á kjöti og mjólkurafurðum 2008-2011



5.2. Mjólkurafurðir

Mynd VI.5.4 sýnir útflutning mjólkurafurða frá Íslandi 2010. Útflutningur jókst um 24% milli ára. Þróun milli ára má sjá á *Mynd VI.5.1*.

Mynd VI.5.4: Útflutningur mjólkurafurða 2011 (Samaltals 1.608 tonn)



5.3. Sjávarafurðir

Við útflutning sjávarafurða til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins eru gefin út sérstök heilbrigðisvottorð. Þessi vottorð staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykknúmer framleiðanda, sem er ný gerð af leyfisnúmeri, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Í byrjun árs 2007 var fyrst tekið í notkun rafrænt kerfi til útgáfu útflutningsvottorða fyrir sjávarafurðir. Kerfið er liður í að auka rafræna stjórnsýslu og hefur það aukið mjög skilvirkni í útgáfunni og auðveldað allt utanumhald og eftirlit með vottorðunum. Nýtt kerfi er í þróun og stefnt er að það verði tekið í notkun á þessu ári.

Á síðast liðnu ári voru gefin út rúmlega fjögur þúsund útflutningsvottorð vegna sjávarafurða (*Tafla VI.5.1*). Rúmlega fjórðungur vottorðanna var almenn útflutningsvottorð, en sjö aðrar útgáfur voru gefnar út til mismunandi innflutningslanda. Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum dróst saman um 7% frá fyrra ári.

Tafla VI.5.1: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2011

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Almennt vottorð	1.057
Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan	941
Úkraína	938
Kína	682
Moldavía	223
Bandaríkin	105
Önnur lönd	2
Samaltals:	3.948

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem frítt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.


6. Útflutningur dýra

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.

6.1. Hross


Útflutningur hrossa var svipaður og fyrri ár. Alls voru flutt út 1136 hross á árinu, flest flugu til Liege í Belgíu (692), en þaðan dreifast þau um Evrópu. Til Norðurlandanna fóru 418 hross.

Mynd VI.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2010



6.2. Búfjárafurðir

Mynd VI.6.4: Fjöldi sendinga af útfluttum búfjárafurðum 2010 og 2011



1. Um súnur og súnvalda

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og/eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli dýra og manna og súnvaldur er skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, sníkla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnú.

Á árinu tók gildi reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnvalda. Reglugerðin byggir á tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99). Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vakt á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram á uppkomu matarborinna sjúkdóma þannig að unnt sé að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að meta viðkomandi leitni og uppruna. Á árinu tók einnig gildi reglugerð nr. 1011/2011 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 2160/2003 auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Þessi kafli byggir á upplýsingum sem safnað hefur verið á grundvelli ofangreindrar reglugerðar um súnur auk niðurstaðna rannsókna úr opinberu eftirliti. Nánari upplýsingar er að finna í sérstakri ársskýrslu um súnur og súnvalda fyrir árið 2011 sem aðgengileg er á www.mast.is.


2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólki, matvælum, dýrum og fóðri. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólki eru fengnar frá embætti sóttvarnalæknis. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóðurverksmiðjurnar og fiskimjölverksmiðjurnar senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum, hjá Rannsóknáþjónustunni Sýni ehf, Matís í Reykjavík og Prómati á Akureyri. Staðfesting salmonellu í sýnum, sermisgreining og lyfjanæmispróf fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Danmörku og í Bretlandi.

2.1. Salmonella í fólki

Uppruni salmonellusýkinga í fólki er oftast rakin til dýra. Algengast er að dýr smitist af salmonellu sé hún til staðar í umhverfi þeirra, fóðrinu sem þau éta eða vatninu sem þau drekka. Við sýkingu eykst smítalagið og dýrin geta smitað hvert annað. Sýkist búfé af salmonellu er hættu á að hún geti borist í afurðir dýranna og úr þeim í fólk við neyslu matvælna. Af þessum sökum er áhugavert að skoða hvort samhengi sé á milli salmonellu í fólki og dýrum. Sé það tilfellið ætti að koma í ljós samhengi á milli sermisgerða sem greinast í fólki og dýrum og að aukin tíðni í dýrum leiddi af sé auknar sýkingar í fólki á svipuðum tíma. En fyrst ber að líta á sýkingar í fólki þ.e. hvort þær séu af innlendum eða útlendum uppruna. Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni telst það smit af útlendum uppruna ef sjúklingur hefur dvalið erlendis innan viku frá upphafi einkenna. Stundum er ekki vitað um uppruna smits.

Mynd VII.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólki eftir uppruna og árum



Heildarfjöldi salmonellutilfella í fólki á árunum 2009, 2010 og 2011 hefur ekki verið lægri á tímabilinu sem sýnt er á mynd 1. Fækkun tilfella af útlendum uppruna má hugsanlega rekja til færri ferðalaga til útlanda eftir efnahagshrunið í október 2008. Á árunum 2009–2011 eru tilfelli af útlendum uppruna flest á sl. ári og kann það að hafa þá skýringu að ferðalögum til útlanda hafi fjölgað. Innlend tilfelli af salmonellu í fólki eru fá á þessu þriggja ára tímabili en flest á árinu 2011. *Salmonella* Enteritidis var algengust í fólki árið 2011 (29 tilfelli af 46). *Salmonella* Typhimurium var næst algengust í fólki á árinu (9 tilfelli af 46). Sýkingar með *Salmonella* Enteritidis eru flestar af útlendum uppruna. Þetta á einnig oftast við um sýkingar af völdum *Salmonella* Typhimurium.

2.2. Salmonella í matvælum

Birtar eru niðurstöður úr eftirliti með salmonellu við slátrun alifugla og svína í þessum kafla þar sem skrokkar eru taldir til afurða dýranna. En engin opinber rannsókn fór fram til þess að kanna salmonellu í matvælum á markaði á árinu.

2.2.1. Salmonella í kjúklingum við slátrun

Matvælastofnun fylgist reglulega með salmonellu í kjúklingum við slátrun þeirra. Við slátrunina eru tekin sýni úr hálsaskinni kjúklinganna til rannsókna á salmonellu. Á árinu greindist *Salmonella* í 8 slátruhópum af 695 hópum sem svarar til 1,2% tíðni, 7 þeirra greindust í nóvember og 1 í desember, allir með *Salmonella* Infantis.

Tafla VII.2.1: Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi slátruhópa	Fjöldi jákvæðra slátruhópa	Hlutfall
2005	635	0	0,0%
2006	730	0	0,0%
2007	777	0	0,0%
2008	706	1	0,1%
2009	702	1	0,1%
2010	668	24	3,6%
2011	695	8	1,2%

2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

Matvælastofnun fylgist reglulega með salmonellu í svínum við slátrun þeirra. Við slátrunina eru tekin stroksýni af svínaskrokkunum til rannsókna á salmonellu. Á árinu greindist *Salmonella* í 32 sýnum af 2.522 sýnum sem svarar til 1,3% tíðni. Almenn má segja að ástand m.t.t. salmonellu við slátrun grísa hafi verið gott á árinu. Tíðni fór hæst í 3,7% í apríl en lækkaði stöðugt eftir það og greindist engin salmonella við slátrun svína síðustu 6 mánuði ársins. *Salmonella* Enteritidis greinist í stroksýni af svíni í slátruhúsi á Norðurlandi í maí. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi sermisgerð greinist í búfé hér á landi svo vitað sé. Uppruni þessa smits er ekki þekktur en tekin voru sýni í nokkra mánuði við slátrun grísa frá búinu án þess að hún greindist aftur.

Tafla VII.2.1: Tafla 2. Yfirlit yfir hlutfall stroksýna sem greindust jákvæð fyrir salmonellu

Ár	Hlutfall jákvæðra stroksýna
2006	1,1%
2007	0,5%
2008	1,4%
2009	11,2%
2010	2,7%
2011	1,3%

2.3. Salmonella í dýrum

Matvælastofnun fylgist reglulega með salmonellu í eldi alifugla og svína. Ekki er fylgst reglulega með salmonellu við eldi annarra dýra. Sýni eru tekin úr nautgripum, sauðfé og hrossum við grun um salmonellu í þessum dýrum. Stundum eru sérstakar rannsóknir framkvæmdar til þess að fá nánari vitneskju um útbreiðslu salmonellu í þessum eða öðrum dýrategundum.

2.3.1. Alifuglar

Sýni eru tekin úr eldishópum alifugla. Hver eldishópur er sjálfstæð smiteining. Á árinu 2011 greindist salmonella í 14 eldishópum kjúklinga af 637 sem samsvarar 2,2% tíðni, þar af *Salmonella* Agona í 13 eldishópum. Hér er líklega komin skýringin á hárrí tíðni ársins því komið hefur í ljós að þessi sermisgerð loðir við ákveðin eldishús og því er líklega ekki um nýsmít að ræða. Þegar kjúklingar eru settir inn í þessi hús smitast þeir endurtekið af þessari sermisgerð. Væru þessi hús ekki notuð eða ef tækist að uppræta smitið úr þeim væri tíðnin mun lægri.

Tafla VII.2.3: Yfirlit yfir eldishópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

Ár	Fjöldi eldishópa	Fjöldi jákvæðra eldishópa	Hlutfall
2005	575	0	0,0%
2006	616	0	0,0%
2007	667	0	0,0%
2008	609	6	1,0%
2009	599	5	0,8%
2010	616	32	5,2%
2011	637	14	2,2%

2.3.2. Svín

Saursýni eru tekin einu sinni á ári á svínabúum landsins og oftast er þess krafist samkvæmt handbók um eftirlit með salmonellu í svínarækt. Tilgangur sýnatökunnar er annars vegar að skima eftir sermisgerðum sem hugsanlega hafa smitað búin og hins vegar að kanna hvort ný sermisgerð hafi borist inn á þau.

Tíðni salmonellu er há á svínabúum landsins og greindist hún á 6 af 16 búum. Við þessu má búast miðað við þá fódurtækni og fóduraðferðir sem viðhafðar eru í svínaeldi hér á landi. Hráefni til fódurgerðar eru oftast ómeðhöndluð þegar svínabændur fá þau til sín og getur því salmonella borist með þeim inn á búin. Þau hráefni sem eru áhættusöm must í þessu tilliti svo sem sojamjöl eru hitameðhöndluð áður en þeim er dreift til svínabænda til þess að draga sem mest úr þessari áhættu.

2.3.3. Nautgripir

Engin sýni m.t.t. salmonellu voru tekin úr nautgripum á árinu.

2.3.4. Sauðfé

Engin sýni m.t.t. salmonellu voru tekin úr sauðfé á árinu.

2.3.5. Hross

Nokkur sýni úr hrossum voru rannsökuð á árinu vegna gruns um salmonellu. Um klínísk einkenni var að ræða í folöldum á Suðurlandi og í hrossum á Austurlandi sem bent gátu til sýkingar með salmonellu. *Salmonella* greindist ekki í þessum sýnum.

2.3.6. Önnur dýr

Lögreglan eða embætti Tollstjóra gerir reglulega upptæk skriðdýr sem smyglað er til landsins. Dýrin eru aflifuð af dýralækni og sýni tekin úr þeim til þess að kanna hvort þau séu smituð af salmonellu. Oftast eru dýrin smituð af salmonellu og geta þau þess vegna valdið sýkingum í fólki.

2.4. Salmonella í fóðri

Fyrirtæki sem framleiða fóður og fiskimjöl taka sýni reglulega úr fóðurefnum til fóðurgerðar, við framleiðslu fóðurs og úr tilbúnu fóðri í þeim tilgangi að fylgjast með salmonellu. Sýnatakan er framkvæmd samkvæmt innra eftirliti fyrirtækjanna. Starfsmenn þeirra senda í hverjum mánuði yfirlit yfir sýnafjölda og niðurstöður rannsókna til Matvælastofnunar. Starfsmenn Matvælastofnunar taka sýni í þessum fyrirtækjum þegar þörf er talin á. Matvælastofnun tók 1 sýni úr fóðurefni af sérstöku tilefni og greindist *Salmonella* Schwarzengrund í því.

Tafla VII.2.4: Yfirlit yfir sýni úr fóðri og fiskimjöli og greiningu þeirra m.t.t. salmonellu

	Fóðurefni			Fiskimjöl		
	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall
2009	480	6	1,3%	242	2	0,8%
2010	430	9	2,1%	547	1	0,2%
2011	359	7	1,9%	609	2	0,3%

Sýni úr fóðurefnum til fóðurgerðar reynast oftár jákvæð m.t.t. salmonellu en úr fiskimjöli. Algengt er að greina margskonar sermisgerðir í þessum sýnum eins og má sjá í töflu 5 því a.m.k. fimm sermisgerðir greinast í sjö sýnum. Ef t.d. svínabú smitast endurtekið með salmonellu úr fóðurhráefnum má þar af leiðandi greina mismunandi sermisgerðir í svínaeldi og við slátrun svína.

2.5. Yfirlit yfir salmonellu í dýrum og fóðri

Tafla VII.2.5: Yfirlit yfir skráða stofna salmonellu hjá MAST sem greindust á árinu 2011


Salmonellustofn	Alifuglar	Svín	Fóður	Fiskimjöl	Loðnuhrogn	Skriðdýr	Matvæli
Salmonella Agona	19						
Salmonella Infantis	13	2	1				
Salmonella Worthington		6					
Salmonella Schwarzengrund			1		4		
Salmonella sp.	1			1		6	
Salmonella Montevideo	2			1			
Salmonella Arizonae						3	
Salmonella Typhimurium		3					
Salmonella Sandiego		2					
Salmonella Senftenberg			2				
Salmonella Enteritidis		1					1*
Salmonella Rissen	1						
Salmonella Cerro			1				
Salmonella Kedougou		1					
Salmonella Mbandaka			1				
Salmonella Newport						1	
Salmonella Unnamed			1				
Alls stofnar (75)	36	15	7	2	4	10	1

* Stofn úr smygluðum andabringum

2.6. Leitni salmonellu í svinum og alifuglum

Vert er að skoða leitni salmonellu í svinum og eldi kjúklinga frá árinu 2004, þ.e. undanfarin átta ár, sjá *Mynd VII.2.2*. Síðla árs 2008 fer að bera á hækkandi tíðni salmonellu í svinum. Þessi leitni heldur áfram fram á árið 2010 en þá lækkar hún og er komin í 5,7% í lok árs 2011. Athyglisvert er að á svipuðum tíma fer að bera á hækkandi tíðni í eldshópum kjúklinga en tíðni fór úr 0% árið 2007 í 0,7% árið 2008. Þessi leitni heldur áfram og er tíðnin hæst 5,2% árið 2010 en lækkar í 2,2% árið 2011. Þrátt fyrir þessa hækkun á tíðni salmonellu í svína- og kjúklingaeldi á tímabilinu 2008–2010 fækkaði salmonellutilfellum í fólki á sama tíma, sbr. *Mynd VII.2.1* hér að framan, sem er athyglisvert. Þegar tíðnin er lægst í svína- og kjúklingaeldi eða á árinu 2011 hefur hins vegar tíðni tilfella í fólki af innlendum uppruna farið hækkandi.

Mynd VII.2.2: Samanburður á tíðni salmonellu í eldshópum kjúklinga og tíðni salmonellu í kjötsafa úr svinum



3. Kampýlóbakter


Hér verður fjallað um kampýlóbakter í fólki, matvælum og alifuglum. Upplýsingar um fjölda kampýlóbaktertilfella í fólki eru fengnar frá sóttvarnalækni. Tölur um kampýlóbakter í alifuglum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með kampýlóbakter. Ræktun á kampýlóbakter úr sýnunum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum og hjá Matis í Reykjavík.

3.1 Kampýlóbakter í fólki

Uppruni kampýlóbakttersýkinga í fólki er oftast rakin til neyslu á kjúklingakjöti, neyslu ógerilsneyddrar mjólkur eða mengaðs drykkjarvatns. Algengast er að alifuglar smitist af kampýlóbakter í umhverfi þeirra. Við sýkingu eykst smítalagið og fuglarnir geta smitað hverja aðra. Sýkist alifuglar af kampýlóbakter er hættu á að sýkillinn berist í afurðir úr þeim.

Á árum áður var samhengi á milli neyslu ferskra kjúklingaafurða og sýkinga í fólki. Nú hefur tekist að lækka tíðni kampýlóbakter í eldshópum kjúklinga verulega og hefur tilfellum af innlendum uppruna í fólki fækkað að sama skapi. Á árinu 2011 fjölga hins vegar tilfellum í fólki af innlendum uppruna og verður að fara aftur til ársins 2005 til þess að finna fleiri tilfelli en sl. ár. Sjá *Mynd VII.3.1* á næstu síðu. Þessi aukning hefur ekki verið skýrð út. Þar sem tíðni kampýlóbakter í eldi og við slátrun kjúklinga fer stöðugt lækkandi er ólíklegt að aukinn fjöldi tilfella í fólki sé vegna þessarar leitni í eldi kjúklinga. Án frekari rannsókna er ekkert hægt að fullræða um samhengi hér á milli. Sem kunnugt getur fólk smitast af kampýlóbakter með öðrum hætti en við neyslu kjúklinga eins og nefnt er hér ofar.

Mynd VII.3.1: Fjöldi kampýlóbaktertílfella í fólki eftir uppruna frá árinu 1991 til 2011



3.2. Kampýlóbakter í alifuglum

Matvælastofnun fylgist reglulega með kampýlóbakter í alifuglum við slátrun þeirra. Á árinu 2011 voru kampýlóbakttersýkingar sjaldgæfastar í afurðum kalkúna (1,6%), algengari í afurðum kjúklinga (8,6%) en algengastar í afurðum anda (100%).

3.2.1. Kampýlóbakter í kjúklingum við slátrun

Við slátrun eru tekin sýni úr botnlöngum kjúklinganna til rannsókna á kampýlóbakter. Á árinu greindist kampýlóbakter í 60 slátruhópum af 695 hópum sem svarar til 8,6% tíðni, sem er með lægsta móti.

Tafla VII.3.1: Yfirlit yfir fjölda slátruhópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi slátruhópa	Fjöldi jákvæðra slátruhópa	Hlutfall
2005	636	66	10,4%
2006	730	90	12,3%
2007	777	69	8,9%
2008	706	82	11,6%
2009	702	53	7,5%
2010	668	88	13,2%
2011	695	60	8,6%

3.2.2. Kampýlóbakter í eldi kjúklinga

Tekin eru sýni úr hverjum eldishópi 2 til 5 dögum fyrir slátrun. Hópar sem greinast með kampýlóbakter í eldi eru frystir strax eftir slátrun. Frystingin dregur úr hættu á matarsýkingum með kampýlóbakter. Ef kampýlóbakter greinist ekki við eldi alifuglanna en greinist síðar við slátrun þeirra er sá hluti þeirra frystur sem ekki hefur verið sendur í verslanir. Á árinu greindist kampýlóbakter í 33 slátruhópum af 628 hópum sem svarar til 5,3% tíðni, sem er með lægsta móti.

Tafla VII.3.2: Yfirlit yfir fjölda eldishópa kjúklinga og greiningu þeirra m.t.t. kampýlóbakter

Ár	Fjöldi eldishópa	Fjöldi jákvæðra eldishópa	Hlutfall
2005	575	26	4,5%
2006	610	58	9,5%
2007	671	42	6,3%
2008	609	52	8,5%
2009	625	26	4,2%
2010	586	41	7,0%
2011	628	33	5,3%


3.2.3. Kampýlóbakter í eldi kalkúna

Enginn hópur kalkúna af 22 hópum greindist jákvæður m.t.t. kampýlóbakter í eldi á árinu sem er mjög góður árangur.

3.3. Leitni kampýlóbakter í kjúklingum

Á Mynd VII.3.2 má sjá samhengi í tíðni kampýlóbakter í eldi kjúklinga og við slátrun þeirra. Nánast í öllum tilvikum er samhengi á milli tíðni í báðum hópum, þ.e. þegar tíðnin fellur í eldishópnum fellur hún einnig í slátruhópnum. Tíðnin er ávallt hærri í slátruhópnum samanborið við eldishópa. Þetta er eðlilegt samhengi því ef tíðni er lág í eldi kjúklinga skilar það sér í lágri tíðni í slátruhópnum. Þess vegna er mikilvægt að draga sem mest úr kampýlóbakttersýkingum í eldi alifugla svo draga megi úr sýkingum í fólki. Myndin sýnir vel sveiflur á milli ára og að tíðnin fer lækandi.

Mynd VII.3.2: Eldis- og slátruhópar kjúklinga sem greinast með kampýlóbakter eftir árum. Samhengi á milli tíðni jákvæðra hópa.



4. E. coli 0157

4.1. E. coli (VTEC/EHEC) 0157 í fólki

Sumir stofnar *E. coli*-bakteríunnar geta valdið sjúkdómum í fólki. Einn af þeim er svokallaður EHEC eða VTEC en hann veldur niðurgangi og í sumum tilvikum alvarlegum skemmdum í nýrum. Þessi stofn er stundum nefndur „hamborgara bakterían“ því hann greindist fyrst í hamborgurum. Þessi stofn hefur aldrei greinst í búfé hér á landi svo vitað sé en erlendis er algengast að finna hann í nautgripum og sauðfé.

Hjá sóttvarnalækni voru skráð tvö tilfelli í fólki af *E. coli* 0157, það fyrra í maí og hið síðara í september.

Mynd VII.4.1: Fjöldi tilfella af *E. coli* 0157 í fólki eftir uppruna og árum



Eins og sést á *Mynd VII.4.1* greinast hér á landi reglulega mismörg tilfelli af *E. coli* 0157 í fólki af innlendum uppruna. Eins og áður segir þá hefur þessi sermisgerð af *E. coli* ekki greinst í búfé hér á landi né í matvælum þegar leitað hefur verið að henni. Erfitt getur því verið að skýra út hver sé uppruni sýkinga í fólki nema frekari rannsóknir komi til. Árið 2007 þegar 8 tilfelli greindust í fólki barst grunur að þökkuðu jöklasalati frá Hollandi.

4.2. *E. coli* (VTEC/EHEC) 0157 í matvælum

Engar rannsóknir fóru fram á sýnum úr matvælum á árinu m.t.t. *E.coli* 0157. Vísað er í rannsókn sem fór fram árið 2010 sem greint var frá í síðustu ársskýrslu Matvælastofnunar.

5. Listería

5.1. Listería í fólki

Listeria monocytogenes er fyrst og fremst sú sermisgerð sem er sjúkdómsvaldandi í mönnum. Á vef Landlæknis má finna upplýsingar um sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes*. Þar kemur m.a. fram að það séu helst nýfædd börn og fóstur í móðurkviði sem eru í hættu þegar sýking á sér stað því hún getur leitt til fósturláts eða dauða. Eldra fólki virðist einnig hættara við að veikjast samanborið við fullfrískt ungt fólk sem veikist nánast aldrei.

Hjá sóttvarnalækni er skráð eitt tilfelli af *Listeria monocytogenes* í fólki á árinu. Uppruni þessa tilfellis er skráður sem innlendir.

Undanfarin ár hefur tíðni listeríutilfella í fólki á Norðurlöndunum farið hækkandi. Þessarar leitni hefur ekki orðið vart hér á landi.

Tafla VII.5.1: Fjöldi *Listeria monocytogenes* í fólki eftir árum. Öll tilföllin eru af innlendum uppruna

Ár	Fjöldi tilfella
2007	4
2008	0
2009	0
2010	1
2011	1

5.2. Listería í matvælum

Á árinu fór fram rannsókn á *Listeria monocytogenes* í reyktum fiski. Rannsóknin var skipulögð af Matvælastofnun í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs, heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Heilbrigðisfulltrúar þessara svæða tóku sýnin í verslunum á viðkomandi svæðum. Sýni voru tekin í öllum mánuðum ársins en fjöldi þeirra og hvar þau voru tekin fór m.a. eftir fólksfjölda, stærðar verslana, markaðshlutdeild þeirra og markaðshlutdeildar framleiðenda. Rannsókn sýnanna fór fram hjá Matís sem sömuleiðis veitti faglega aðstoð við undirbúning rannsóknarinnar. *Listeria monocytogenes* greindist í nokkrum sýnum á árinu, en sérstök skýrsla verður gerð um niðurstöður þegar úrvinnslu verkefnisins er lokið.

1. Starfsmannalisti*

Jón Gíslason, forstjóri

1.1. Dýraheilbrigðisvið

Halldór Runólfsson, forstöðumaður
 Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Björn Steinbjörnsson, sérgreinadýralæknir
 Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir
 Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
 Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
 Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir

1.2. Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður
 Ásgeir Ragnarsson, sérfræðingur
 Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri
 Garðar Sverrisson, fagsviðsstjóri
 Guðjón Gunnarsson, fagsviðsstjóri
 Héðinn Friðjónsson, sérfræðingur
 Jón Ágúst Gunnlaugsson, sérfræðingur
 Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir
 Kristján Dúi Benediktsson, sérfræðingur
 Oddgeir Sigurjónsson, sérfræðingur
 Rikard Thorstensen, sérfræðingur
 Sigurgeir Ólafsson, fagsviðsstjóri
 Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri
 Valgeir Bjarnason, sérfræðingur
 Þór Gunnarsson, fagsviðsstjóri
 Þuríður Pétursdóttir, fagsviðsstjóri

1.3. Rekstrar- og mannauðssvið

Stefán Guðmundsson, forstöðumaður
 Ásta Margrét Grétarsdóttir, bókarí
 Elín Eir Jóhannesdóttir, skrifstofumaður
 Dagbjört Rúnarsdóttir, skrifstofumaður
 Dalla Rannveig Jónsdóttir, skrifstofumaður
 Hafsteinn Jóh. Hannesson, mannauðsstjóri
 Hjalti Andrason, fræðslustjóri
 Ingunn Ólafsdóttir, móttaka
 Una Árnadóttir, skjalastjórnum

1.4. Stjórnsýslusvið

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður
 Ástfríður M. Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
 Brynja Hafsteinsdóttir, lögfræðingur
 Helga Margrét Pálsdóttir, sérfræðingur
 Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur
 Jónína Þrúður Stefánsdóttir, fagsviðsstjóri
 Katrín Guðjónsdóttir, sérfræðingur
 Steinþór Arnarson, lögfræðingur
 Sverrir Þ. Sverrisson, sérfræðingur
 Zulema Clara Sullca Porta, sérfræðingur

1.5. Áhættumats- og gæðasvið

Sigurborg Daðadóttir, forstöðumaður
 Konráð Konráðsson, sérgreinadýralæknir
 Margrét Björk Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri
 Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur

1.6. Inn- og útflutningsskrifstofa

Þorvaldur H. Þórðarson, framkvæmdastjóri
 Gísli Sverrir Halldórsson, sérgreinadýralæknir
 Haukur Bragason, sérfræðingur
 Herdís Guðjónsdóttir, sérfræðingur
 Margrét Bragadóttir, fagsviðsstjóri
 Sigmar J. Halldórsson, sérfræðingur
 Valgerður H. Hauksdóttir, skrifstofumaður

1.7. Suðvesturumdæmi

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir
 Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
 Charlotta Oddsdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Ragnhildur Ásta Jónsdóttir, eftirlitsdýralæknir

1.8. Vesturumdæmi

Flora-Josephine H. Liste, héraðsdýralæknir

1.9. Norðvesturumdæmi

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir
 Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

1.10. Norðausturumdæmi

Ólafur Jónsson, héraðsdýralæknir
 Ármann Gunnarsson, eftirlitsdýralæknir
 Bára Eyfjörð Heimisdóttir, eftirlitsdýralæknir
 Karl Freyr Karlsson, eftirlitsdýralæknir

1.11. Austurumdæmi

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir

1.12. Suðurumdæmi

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir
 Ni Nioman Wija Ariyani, eftirlitsdýralæknir
 Svetlana Ponkratova, eftirlitsdýralæknir

* Starfsmenn í lok árs 2011

2. Lagabreytingar

2.1. Matvælastofnun

Nr. 50/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2010, um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

2.2. Stjórnáslufyrirmæli vegna matvælaöryggis og neytendamála

2.2.1. Hollustuhátta- og eftirlitsgerðir

Nr. 655/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 637/2005 um verkunarstöðvar fyrir hreindýrakjöt

Nr. 783/2011

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisráðun.

Nr. 1005/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (EB gerðir nr. 1243/2007, 1020/2008, 1022/2008, 1250/2008, 1161/2009, 558/2010).

Nr. 1006/2011

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 105/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 854/2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (EB gerð nr. 505/2010).

2.2.2. Merkingar matvæla og fullyrðingar

Nr. 899/2011

Reglugerð um brottfall reglugerðar nr. 588/1993, um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingu.

Nr. 964/2011

Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla (EB gerð nr. 1266/2010)

Nr. 982/2011

Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 503/2005 um merkingar matvæla, með síðari breytingum (21. gr. EB gerðar nr. 1332/2008 og 29. gr. gerðar nr. 1334/2008).

Nr. 626/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 406/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 um nærings- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (reglugerð EB nr. 116/2010).

Nr. 965/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 957/2010 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáætlu og til þroskunar og heilbrigðis barna.

Nr. 846/2011

Reglugerð um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum.

Nr. 966/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 958/2010 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáætlu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.

Nr. 1008/2011

Reglugerð um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáætlu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (EB gerð nr. 1161/2010).

Nr. 1009/2011

Reglugerð um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáætlu og til þroskunar og heilbrigðis barna (EB gerð nr. 1162/2010).

2.2.3. Erfðabreytt matvæli og fóður

Nr. 812/2011

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1038/2010 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs.

2.2.4. Aðskotaefni (þ.m.t. varnarefni)

Nr. 112/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 270/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 401/2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum (EB reglugerð nr. 178/2010).

Nr. 632/2011

Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri (reglugerðir EB nr. 459/2010, 600/2010, 765/2010).

Nr. 967/2011

Reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 672/2008 um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum og fóðri (EB gerð nr. 893/2010).

2.2.5. Aukefni, bragðefni og ensím

Nr. 978/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.

Nr. 1056/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 238/2010 frá 22. mars 2010 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar kröfuna um merkingu drykkjarvara sem innihalda meira en 1,2% af vínanda miðað við rúmmál og innihalda tiltekin litarefni fyrir matvæli.

Nr. 1117/2011

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 978/2011 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.

Nr. 979/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 257/2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum.

Nr. 981/2011

Reglugerð um (10.) breytingu á reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum, með áorðnum breytingum (tilskipun EB nr. 2010/69).

Nr. 980/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB.

Nr. 1042/2011

Reglugerð um gildistöku á ákvörðun nr. 1999/217/EB um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum (EB gerðir 2000/489, 2002/113, 2004/357, 2005/389, 2006/252, 2008/478, 2009/163).

Nr. 977/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipunum 83/417/EBE, 2000/13/EB og 2001/112/EB og reglugerðum (EB) nr. 1493/1999 og nr. 258/97.

Nr. 976/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum.

2.2.6. Íblöndun og séræði

Nr. 1166/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 327/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (EB gerð 1170/2009).

Nr. 1177/2011

Reglugerð um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 41/2009 um samsetningu og merkingu matvæla sem henta fólki með glútenóþol.

2.2.7. Umbúðir matvæla

Nr. 841/2011

Reglugerð um (5.) breytingu á reglugerð nr. 111/2003 um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli (tilskipun EB nr. 2011/8).

2.2.8. Annað - matvæli

Nr. 983/2011

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 392/1995 um mjólkurprótein til notkunar í matvæli (19. gr. gerðar nr. 1332/2008).

Nr. 984/2011

Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 577/2003 um ávaxtasafa, með síðari breytingum (22. gr. gerðar nr. 1332/2008).

2.2.9. Innflutningur

Nr. 277/2011

Auglýsing um bann við innflutningi á samlokum (bivalve molluscs) sem eru upprunnar frá Perú eða eru fluttar út þaðan (ákvæðanir EB nr. 2008/866, 2009/297, 2009/862, 2010/641).

Nr. 278/2011

Auglýsing um varúðarráðstafanir sem gilda um innflutning á fiskeldisafurðum frá Indónesíu og ætlaðar eru til manneldis (ákvörðun EB nr. 2010/220).

Nr. 279/2011

Auglýsing um varúðarráðstafanir sem gilda um innflutning á fiskeldisafurðum frá Indlandi og ætlaðar eru til manneldis (ákvörðun EB nr. 2010/381).

Nr. 280/2011

Auglýsing um varúðarráðstafanir sem gilda um innflutning á krabbadýrum (crustaceans) frá Bangladesh og ætlaðar eru til manneldis (ákvæðanir EB nr. 2008/630 og 2010/387).

Nr. 283/2011.

Um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1151/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á sólblómaolíu, sem er upprunnin í Úkraínu eða send þaðan, vegna áhættu á mengun af völdum jarðolíu og um niðurfelling á ákvörðun 2008/433.

Nr. 284/2011

Um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504.

Nr. 311/2011

Um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 601/2008 um verndarráðstafanir sem gilda um tilteknar lagarafurðir sem eru fluttar inn frá Gabon og eru ætlaðar til manneldis.

Nr. 312/2011

Um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1135/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum vörum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, og um niðurfellingu á ákvörðun 2008/798/EB.

3. Niðurstöður kjötmats

Yfirlit yfir yfirkjötmát 2011 er að finna í kafla *IV.7.2.1*. Hér að neðan eru birtar niðurstöður yfirkjötmats 2011.

Mynd VIII.3.1: Flokkun dilka 2011 (alls innvegið 8.459.888 kg, meðalvigt 15,78 kg)

Fjöldi	1	2	3	3+	4	5	Samtals
E	9	1.645	5.465	2.731	575	46	10.471
	0,00%	0,31%	1,02%	0,51%	0,11%	0,01%	1,95%
U	215	33.432	71.749	25.484	4.222	261	135.363
	0,04%	6,24%	13,38%	4,75%	0,79%	0,05%	25,25%
R	5.291	171.801	124.817	19.435	1.981	83	323.408
	0,99%	32,05%	23,28%	3,63%	0,37%	0,02%	60,33%
O	14.459	45.791	3.297	107	3	0	63.657
	2,70%	8,54%	0,61%	0,02%	0,00%	0,00%	11,87%
P	2.906	295	0	0	0	0	3.201
	0,54%	0,06%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,60%
Samtals	22.880	252.964	205.328	47.757	6.781	390	536.100
	4,27%	47,19%	38,30%	8,91%	1,26%	0,07%	100%

Mynd VIII.3.2: Flokkun ungneytakjöts 2011

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
UN ÚRV. M	41	8.332	0,42	203,2
UN ÚRV. A	854	238.450	8,80	279,2
UN ÚRV. B	52	13.329	0,54	256,3
UN ÚRV. C	11	3.135	0,11	285,0
UN I M	193	34.108	1,99	176,7
UN I M+	996	204.294	10,26	205,1
UN I A	6605	1.515.317	68,02	229,4
UN I B	332	71.721	3,42	216,0
UN I C	138	32.752	1,42	237,3
UN II M	147	19.120	1,51	130,1
UN II M+	27	3.771	0,28	139,7
UN II A	311	45.301	3,20	145,7
UN II B	3	411	0,03	137,0
UN II C	0	0	0,00	0,0
Samtals	9.710	2.190.041	100,00	225,5

Mynd VIII.3.3: Flokkun kýrkjöts 2011

Flokkur	Fjöldi	Vigt (kg)	% af fjölda	Meðalvigt
K I U A	1298	234.014	16,02	180,3
K I U B	368	76.905	4,54	209,0
K I U C	157	35.326	1,94	225,0
K I A	3327	643.671	41,05	193,5
K I B	1310	290.420	16,16	221,7
K I C	493	124.404	6,08	252,3
K II	885	141.533	10,92	159,9
K III	266	39.318	3,28	147,8
Samtals	8.104	1.585.591	100,00	195,7

Mynd VIII.3.4: Flokkun grísakjöts 2011 (svínakjöt alls 75.821 stk. 6.044.404 kg)

Flokkur	Fjöldi	% af fjölda	Vigt (kg)	% af þunga	Meðalvigt
GRÍS ÚRVAL	6.663	8,94	565.370	9,64	84,85
GRÍS IA (m. X & XX)	67.415	90,45	5.262.617	89,70	78,06
GRÍS IB	323	0,43	30.376	0,52	94,04
GRÍS IC	37	0,05	3.816	0,07	103,14
GRÍS II	5	0,01	224	0,00	44,80
GRÍS IV	39	0,05	2.808	0,05	72,00
UNGGRÍS	50	0,07	1.585	0,03	31,70
Samtals	74.532	100,00	5.866.796	100,0	78,72

Mynd VIII.3.5: Fjöldi skrokka hrossakjöts 2011 (hrossakjöt alls 7.040 stk. 878.555 kg)

	Fölld	Tryppi	Eldri hross
UFO I	4	TR I A	151
FO I A	3863	TR I B	8
FO I B	108	TR II	1
FO II	24		UH I
Alls stk.	3999	Alls stk.	160
Innvegið kg	323.725	Innvegið kg	20.739
Meðalvigt	81,0	Meðalvigt	129,6
		Alls stk.	2881
		Innvegið kg	534.091
		Meðalvigt	185,4

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)